

Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi

# Ársskýrsla

## 2017 til 2018

tekin saman af sviðsstjórum

Kristín Runólfsdóttir  
Sigursveinn Már Sigurðsson

## Efnisyfirlit

1	Starfið veturinn 2017-2018 .....	3
1.1	Inngangur .....	3
1.2	Tölulegar upplýsingar .....	6
1.3	Fundir, námskeið og fyrirlestrar .....	12
1.4	Stiklur úr skólastarfinu .....	13
2	Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra .....	23
2.1	Svið: Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni.....	23
2.1.1	Enska.....	23
2.1.2	Íslenska .....	26
2.1.3	Ergó.....	32
2.1.4	Bragi.....	35
2.1.5	Samfélagsgreinar .....	37
2.1.6	Tungumál önnur en enska .....	42
2.2	Svið: Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir og íþróttir .....	48
2.2.1	Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir.....	48
2.2.2	Hestagreinar .....	58
2.2.3	Raungreinar .....	61
2.2.4	Sjúkraliðagreinar.....	63
2.2.5	Stærðfræði .....	64
2.2.6	Verknám .....	69
2.3	Svið: Starfsbraut .....	73
3	Aðrar skýrslur .....	79
3.1	Bókasafn .....	79
3.2	Skýrsla félagslífs- og forvarnafulltrúa .....	87
3.3	Jafnréttisfulltrúi .....	96
3.4	Skólastarf í fangelsum .....	97
3.5	Náms- og starfsráðgjöf .....	113
3.6	Grunnmenntabréf.....	123
3.7	Kerfisstjóri og tölvuþjónusta .....	129
3.8	Prófstjórn.....	132
3.9	Sjálfsmat .....	134

## Skólameistari

Olga Lía Garðarsdóttir

## Aðstoðarskólameistari

Þórarinn Ingólfsson

## Áfangastjóri

Björgvin E. Björgvinsson

## Sviðsstjórar

Sigursveinn Már Sigurðsson  
Kristín Runólfsdóttir

Jóhanna Guðjónsdóttir

## Kennslustjórar

Ásdís Björg Ingvarsdóttir  
Lárus Á. Bragason  
Gylfi Þorkelsson  
Bryndís Guðjónsdóttir  
Guðfinna Gunnarsdóttir  
Ólafur Bjarnason  
Ronald B. Guðnason  
Svanur Ingvarsson  
Brynja Ingadóttir

## Verkefnisstjórar/fagstjórar

Borgþór Helgason  
Guðbjörg Grímsdóttir  
Íris Þórðardóttir  
Pelle Damby Carøe  
Ragnheiður Eiríksdóttir  
Ragnheiður Eiríksdóttir  
Sissel Tveten  
Sverrir Geir Ingibjartsson

## Náms- og starfsráðgjafar

Agnes Ósk Snorradóttir  
Anna Fríða Bjarnadóttir  
Bjarney Sif Ægisdóttir

## Jafnréttisfulltrúi

Þórey Hilmarsdóttir

## Félagslífsfulltrúi

María Ben Ólafsdóttir

## Fréttastjóri heimasíðu

Guðfinna Gunnarsdóttir

Tungumál, samfélagsgreinar og Ergo  
Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir  
og íþróttir  
Starfsbraut

List-, matvælagreinar og íþróttir  
Samfélagsgreinar  
Litla-Hraun, Sogn  
Íslenska  
Enska  
Stærðfræði  
Raungreinar  
Verknám  
Erlend mál, önnur en enska

Málmiðngreinar  
Bragi  
Sjúkraliðagreinar  
Danska  
Ergo  
Skólinn í okkar höndum  
Hestamennska  
Íþróttir

## Sjálfsmatshópur

Kristín Runólfsdóttir  
Sigursveinn Már Sigurðsson  
Þórarinn Ingólfsson (formaður)

## Forvarnafulltrúi

María Ben Ólafsdóttir

# 1 Starfið veturinn 2017-2018

## 1.1 Inngangur

Þann 26. maí síðastliðinn lauk þrítugasta og sjötta starfsári Fjölbrautaskóla Suðurlands. Hér er að finna tölulegar upplýsingar um skólaárið. Raktir eru helstu atburðir og uppákomur á skólaárinu. Gerð er grein fyrir námskeiðum sem haldin hafa verið af og með kennurum skólans og sagt frá heimsóknum, fræðsluerindum og málþingum sem starfsmenn hafa setið. Í skýrslunni koma fram upplýsingar frá kennurum, fagstjórum og kennslustjórum um áfanga sem kenndir voru á skólaárinu, hvaða kennarar kenndu, nýjungar í kennsluháttum, námsmat og fleira. Þar er einnig lagt mat á nýjungar, settar fram tillögur um frekari umbætur, bent á hvað vel er gert og hvað betur má fara.

Skýrslur bókasafns, félagsmála- og forvarnafulltrúa, náms- og starfsráðgjafa, Litla-Hrauns og Sogns, sjálfsmats, verkefnisins Skólinn í okkar höndum, skýrsla prófstjóra, skýrsla um fjarnám grunnskólanema og tölvuþjónustunnar eru birtar hér, einnig eru þessar skýrslur aðgengilegar á vef skólans.

Miðvikudaginn 16. ágúst mættu nýnemar í skólann klukkan 08:30 og fengu kynningu á hinu nýja starfsumhverfi, aðbúnaði, tölvukerfi, bókasafni, náms- og starfsráðgjöf og fleiru sem huga þarf að þegar komið er á nýjan vinnustað.

Fimmtudaginn 17. ágúst var fyrsti kennarafundur skólaársins. Sama dag var nemendum einnig boðið upp á töflubreytingar og aðstoðuðu áfangastjórar, sviðsstjórar, náms- og starfsráðgjafar og verkefnisstjóri SKOH nemendur við þær.

Föstudagurinn 18. ágúst hófst með skólasetningu klukkan 8:15 og í framhaldinu hófst kennsla samkvæmt stundaskrá. Haustfrí var gefið dagana 12. og 13. október. Síðasti kennsludagur haustannar var 8. desember.. Fyrsti prófdagur annarinnar var mánudaginn 11. desember og sá síðasti föstudagurinn 15. desember. Prófsýning var mánudaginn 18. sama mánaðar.

Í upphafi haustannar voru 771 nemendur skráðir til náms við skólann og fór brautskráning fram fimmtudaginn 21. desember.

Alls brautskráðust 70 nemendur frá skólanum af ýmsum brautum).

### **18 nemendur luku prófi af starfs- og verknámsbrautum:**

Af eftirtöldum brautum lýkur einn nemandi námi;

1 grunnnám bíliðna

1 starfsbraut

3 nemendur ljúka námi af listnámsbraut

4 nemendur ljúka námi af grunnbraut bygginga- og mannvirkjagreina

7 nemendur ljúka námi af sjúkraliðabraut

2 nemendur ljúka námi á grunnbraut málmiðna

**52 af stúdentsbrautum af eftirfarandi línum:**

38 nemendur ljúka námi af opinni stúdentsbraut

2 nemendur ljúka námi af alþjóðalínu

5 nemendur ljúka námi af félagsfræðilínu

1 nemandi lýkur námi af náttúrufræðilínu

2 nemendur ljúka námi af hestalínu

1 nemandi lýkur námi af viðskipta og hagfræðilínu.

1 nemandi lýkur námi af stúdentsbraut starfsnám

2 nemendur ljúka námi af listalínu.

Sæbjörg Eva Hlynsdóttir var dúx FSu á haustönn 2017. Sæbjörg lauk stúdentsprófi á tveimur og hálfu ári. Sæbjörg Eva, Arna Dögg Sturludóttir, Bergrún Gestsdóttir og Sarah Lillian During hlutu viðurkenningar frá Hollvarðasamtökum FSu. Þorgerður Helgadóttir hlaut viðurkenningar fyrir góðan árangur í sögu og frönsku. Bergrún Gestsdóttir hlaut viðurkenningar fyrir góðan árangur í stærðfræði og eðlis- og efnafræði. Arna Dögg Sturludóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í spænsku. Jóhanna Sveinsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir áhuga og mjög góðan árangur í íslensku. Júlía Sól Kristinsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir mikinn áhuga og árangur í myndlist. Sarah Lillian During hlaut viðurkenningu fyrir frábæran árangur í bóklegri og verklegri hjúkrun á sjúkraliðabraut. Sigþór Constantin Jóhannsson hlaut viðurkenningu fyrir vel unnin störf að félagsmálum.

Á vorönn hófst skólastarfið miðvikudaginn 4. janúar með undirbúningi fyrir kennslu vorannar. Sama dag var boðið upp á töflubreytingar fyrir nemendur sem töldu sig þurfa að breyta stundatöflum sínum. Kennsla hófst samkvæmt stundaskrá fimmtudaginn 5. janúar. *Kátir dagar* voru 28. febrúar og 1. mars, og *Flóafár* föstudaginn 2. mars. Dimission var föstudaginn 4. maí og var miðvikudagurinn 9. maí síðasti kennsludagur annarinnar. Fyrsti

prófdagur vorannar var föstudagurinn 11. maí og sá síðasti föstudagurinn 18. maí. Prófsýning fór fram þriðjudaginn 22. maí milli klukkan 12:30 og 14:00. Starfsmannafundur var haldinn sama dag.

Í upphafi vorannar var 691 nemandi skráður til náms. Brautskráning fór fram laugardaginn 26. maí. Alls brautskráðust 109 nemendur frá skólanum af ýmsum brautum, þar af 77 af stúdentsbrautum (einn af tveimur stúdentslínnum).

**32 nemendur luku prófi af starfs- og verknámsbrautum:**

Af eftirtöldum brautum lýkur einn nemandi námi;

1 Grunnmenntabré

1 sjúkraliðabré

1 fyrri hluta listnámsbrautar

1 grunnbraut bygginga- og mannvirkjagreina

10 nemendur ljúka námi á starfsbraut

3 nemendur ljúka námi á grunnbraut málmiðna

7 nemendur ljúka námi í vélvirkjabraut

5 nemendur ljúka námi af húsasmíðabraut

**77 af stúdentsbrautum (einn af tveimur stúdentslínnum) af eftirfarandi línnum:**

44 nemendur ljúka námi af opinni stúdentsbraut

7 nemendur ljúka námi af alþjóðalínu

6 nemendur ljúka námi af félagsfræðilínu

11 nemendur ljúka námi af náttúrufræðilínu

7 nemendur ljúka námi af hestalínu

3 nemendur ljúka námi af viðskipta og hagfræðilínu.

Harpa Svansdóttir var dúx FSu á vorönn 2018. Harpa, Vilborg María Ísleifsdóttir og Almar Óli Atlason hlutu viðurkenningu frá Hollvarðasamtökum FSu. Harpa hlaut að auki viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í raungreinum og stærðfræði. Vilborg María hlaut viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í ensku, íslensku, þýsku, sögu og að auki Menntaverðlaun HÍ. Almar Óli hlaut viðurkenningu fyrir frábæran árangur í vélvirkjun. Brynja Sólveig Pálsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í félagsfræði og Mathias Bragi Ölvisson hlaut viðurkenningu fyrir frábæran árangur í félagsgreinum. Snorri Björn

Magnússon hlaut viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í frönsku og heimspeki. Hekla Björk Grétarsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góða ástundun og árangur í stærðfræði. Hilmar Heiðberg Björgvinsson hlaut viðurkenningu fyrir áhuga og eljusemi í handverki og hönnun. Erika Mjöll Jónsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir vinnusemi og drifkraft í íþróttum og íþróttufræðum. Dröfn Sveinsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í spænsku. Eva María Larsen Bentsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í dönsku. Steinar Hermannsson hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í rafmagnsgreinum, Sara Lind Sigurðardóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í námi á hestabraut og Sævar Halldórsson fyrir góðan árangur í námi á húsasmíðabraut. Steinþóra Jóna Hafdísardóttir hlaut viðurkenningu fyrir frábært framlag til starfs kórs skólans og Þórunn Ösp Jónasdóttir og Elísabet Davíðsdóttir hlutu viðurkenningar fyrir framlag sitt til félagslífs skólans.

## 1.2 Tölulegar upplýsingar

Á haustönn 2017 voru sendir út 835 greiðsluseðlar vegna dagskóla. Þann 11. september voru dagskólanemendur einmitt 771 og er sá dagur notaður til viðmiðunar fyrir þá nemendur sem hófu nám þennan vetur. Við upphaf annar lögðu nemendur í dagskóla undir 22.474 nýjar framhaldskólaeiningar en við lok annarinnar stóðust 18.179 einingar. Þannig töpuðust 19,1% eininga yfir önnina. Upplýsingar um aldur, kyn, brautir og þess háttar miðast því við 771 nemanda í dagskóla í upphafi annar. Nýinnritaðir í dagskóla á haustönn voru 219.

Í upphafi vorannar voru skráðir nemendur í dagskóla 691. Við upphaf annar lögðu nemendur í dagskóla undir 20.433 nýjar framhaldskólaeiningar en við lok annarinnar stóðust 15.953 einingar. Þannig töpuðust 21,9 eininga yfir önnina. Hlutfall tapaðra eininga á vorönn er því heldur lægra en í fyrra, þótt markmiðum sé engan veginn náð varðandi minnkun brottfalls.

Í töflu 1 má sjá dreifingu dagskólanemenda á brautir haustið 2017 þann 11. september. Eitthvað var um að nemendur skiptu um brautir á tímabilinu eftir að þessi staða var tekin, sumir voru skráðir á fleiri en eina braut.

Braut	Heiti brautar	Karlar	Konur	Fjöldi	Hlutfall af heild
GB	Grunnnám bíliðna	17	0	17	2,18%
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	13	0	13	1,67%
GFM	Grunnnám ferða- og matvælagreina	2	1	3	0,39%
GHÁ	Grunnnám hársnyrtiiðnar	0	8	8	1,03%
GR	Grunnnám rafiðna	21	2	23	2,95%
GRB	Grunnmenntabré	15	6	21	2,70%
HE	Hestamennska	5	7	12	1,54%
HÚ8	Húsasmíðabraut	11	0	11	1,41%
ÍP	Íþróttabraut (eldri)	2	0	2	0,26%
ÍPB	Íþróttabraut	3	1	4	0,51%
LNB	Listnámsbraut	7	12	19	2,44%
MG	Málmiðnaðarbraut, grunnnám	28	0	28	3,59%
ÓTN	Ótilgreint nám	3	4	7	0,90%
SB	Starfsbraut	3	2	5	0,64%
SB1	Starfsbraut, fyrri hluti	28	17	45	5,78%
SJ	Sjúkraliðabraut	3	12	15	1,93%
SJ-brú	Sjúkraliðabré	0	6	6	0,77%
ST-1	Stúdentsbraut – opin lína	140	140	280	35,94%
ST1-A	Stúdentsbraut - Alþjóðalína	5	17	22	2,82%
ST1-F	Stúdentsbraut – Félagsgreinalína	18	33	51	6,55%
ST1-Í	Stúdentsbraut – Íþróttalína	28	19	47	6,03%
ST1-N	Stúdentsbraut - Náttúrufræðilína	24	33	57	7,32%
ST1-VH	Stúdentsbraut – Viðskipta- og hagfræðilína	10	10	20	2,57%
ST2	Stúdentsbraut - Starfsnám	2	4	6	0,77%
ST2-H	Stúdentsbraut - Hestalína	3	17	20	2,57%
ST2-L	Stúdentsbraut - Listalína	4	21	25	3,21%
VH	Viðskipta- og hagfræðibraut (eldri)	0	1	1	0,13%
VV	Vélvirkjun	11	0	11	1,41%
		<b>406</b>	<b>373</b>	<b>779</b>	

Tafla 1: Dreifing dagskólanemenda á brautir haustið 2017




Aldur	fjöldi H'17
yngri en 16 ára	4
16 ára fæddir 2001	185
17 ára fæddir 2000	6
eldri en 17 ára	24
Samtals	219

Tafla 2:Aldursdreifing nýinnritaðra haustið 2017


Góð skólasókn er lykill að góðum árangri í námi. Hér má sjá skólasóknareinkunnir veturinn 2017-18. Það má greina slakari skólasókn á vorönn en haustönn eins og venjulega.

Mynd 1 sýnir dreifingu skólasóknareinkunna veturinn 2017-18.



Mynd 1: Dreifing skólasóknareinkunna, veturinn 2017-18

Þegar gengi nemenda er skoðað er vert að athuga hvað nemendur ætla sér í byrjun annar og hver verður síðan reyndin. Mynd 2 sýnir fjölda eininga sem nemendur velja að hausti 2017 og mynd 3 sýnir fjölda staðinna eininga í haustannarlok.




*Mynd 2: fjöldi eininga haust 2017*




*Mynd*

*3: Fjöldi staðinna eininga-fjöldi nemenda*

Á haustönn 2017 luku 65 einstaklingar 0 einingum, en 771 nemandi var skráður í nám við dagskóla. Nemandur sem ekki standast áfanga við skólann, falla í mismörgum áföngum. Mynd 4 sýnir í hversu mörgum áföngum þessir nemendur falla. Langflestir þeirra nemenda sem falla, gera það einungis í einum áfanga. Þar sem fjöldi nemenda er mismikill eftir önnum sýnir mynd 5 fall nemenda sem hlutfall af heildarfjölda nemenda skólans. Fjöldi þeirra sem falla í þremur eða fleiri áföngum á haustönn er um 16% en var um 19% í fyrra.




*Mynd 4: fallnir áfangar - fjöldi nemenda*




*Mynd 5: Fjöldi falláfanga - hlutfall af heildarfjölda nemenda í dagskóla á viðkomandi önn*

Einkunnadreifing gefur vísbandingu um stöðu nemenda og hvernig kennarar nota einkunnaskalann. Á mynd 6 má sjá einkunnadreifinguna yfir veturinn. S stendur fyrir staðið, L fyrir lokið, F fyrir fallið og H fyrir hætt. Dreifingin er mjög sambærileg einkunnadreifingu síðustu ára, en þó hefur tíðni einkunnarinnar 10 aukist nokkuð. Mynd 7 sýnir svo einkunnadreifingu sem hlutfall af nemendafjölda á viðkomandi önn.



*Mynd 6: Einkunnadreifing veturinn 2017-18*



*Mynd 7: Einkunnadreifing veturinn 2017-18, sem hlutfall af einkunnum annarinnar.*

### 1.3 Fundir, námskeið og fyrirlestrar

Þrjár fundartímar eru fastir í töflu allra kennara (tveir hjá Braga kennurum). Á þriðjudögum var tími að lokinni kennslu, þ.e. kl. 14:50. Sá tími var ætlaður fyrir kennarafundi, sjálfsmatsfundi og aðra fundi fyrir kennara og starfsfólk. Á miðvikudögum kl. 10:25 - 11:20 og á föstudögum kl. 14:45 - 15:50, voru fundir til faglegs samráðs og deildarfunda. Dagskrá þriðjudagsfundanna er skipulögð á Áttufundum í upphafi hverrar annar og var hún, skólaárið 2016 til 2017, sem hér greinir.

#### Þriðjudagaról haust 2017

- 22.08. Samráð í fögum.
- 05.09. Kennarafundur.
- 12.09. Sjálfsmat.
- 19.09. Aðalfundur Kennarafélags FSu.
- 26.09. Fagráð kennara.
- 03.10. Deildafundur: áfangar í boði.
- 10.10. Fundur sviðsstjóra með kennslu- og fagstjórum
- 17.10. Kennarafundur: val nemenda.
- 24.10. Kennarafundur.
- 31.10. Kennurum til ráðstöfunar.
- 07.11. Kennarafundur: Skólinn í okkar höndum.
- 14.11. Samráð í fögum.
- 21.11. Skólafundur með nemendum.
- 28.11. Kennarafundur.
- 05.12. Samráð í fögum.

#### Þriðjudagaról vor 2018

- 09.01. Samráð í fögum.
- 16.01. Kennarafundur: Baráttan við brottfallið.
- 23.01. Kynning á starfsmannasamtölum.
- 30.01. Sjálfsmat.
- 06.02. Almennur fundur Kennarafélags FSu.
- 13.02. Kennarafundur: dagatal næsta skólaárs.
- 20.02. Samráð í fögum v/áfanga í boði.
- 27.02. Kennarafundur: Breytingar á námskrá FSu.
- 06.03. Samráð í fögum: Undirbúningur fyrir áfangamessu og opið hús.
- 13.03. Kennarafundur: Undirbúningur valdags
- 20.03. Kennarafundur: Skólinn í okkar höndum.
- 27.03. Páskafrí.
- 03.04. Páskafrí.
- 10.04. Kennarafundur: Fagráð kennara.
- 17.04. Kennarafundur: Jafnréttisáætlun FSu og samráð í fögum.
- 24.04. Kennarafundur.
- 08.05. Samráð í deildum.

## 1.4 Stiklur úr skólastarfinu

### Nemendur í grunnnámi byggingagreina í vettvangsferð

Nemendur í grunnnámi byggingagreina fóru í vettvangsskoðun og kíktu á skipulag, göngustíga, byggingastíla og iðnaðarmenn við vinnu. Nemendur veltu fyrir sér hlutverki mismunandi iðngreina, hlutverki hönnuða, arkitekta, landslagsarkitekta og þar fram eftir götum. Ferðin var farin til að opna umræður í tímum og víkka sjóndeildarhring nemenda um möguleika framtíðarinnar, hvað þá langi til að gera eða vinna við í framtíðinni.

### Hrossahagar og landlæsi

Nemendur á Hestabraut drifu sig í vettvangsferð í morgun, fimmtudaginn 31. ágúst, til að skoða hrossabeit. Stefnan var tekin niður á Stokkseyrarveg þar sem auðvelt aðgengi er að nokkrum hrossahólfum og létu nemendur smá súldarveður ekki aftra sér, enda þar á ferð hraustleikafólk upp til hópa. Tilgangur ferðarinnar var að skoða og fá æfingu í að meta haglendi fyrir hross, en landlæsi er einn þáttur í áföngunum „Fóður og heilsa“. Markmiðið með þessari kennslu og æfingum er að nemendur læri að nýta land og viðhalda auðlindinni „hrossahagar“ á eins sjálfbæran hátt og kostur er. Nemendur læra að þekkja merki um hvort land þoli ákveðið beitarálag og hvort landið sé að hnigna eða í bata.

### Foreldrakynning

Þriðjudagskvöldið 5. september var foreldrum og forráðamenn nýnema boðið í skólann.

Skólameistari bauð foreldra velkomna, fulltrúi nemendaráðs kynnti viðburði nemendafélagsins, áfangastjóri kynnti námsframboð, námsráðgjafar fóru yfir hlutverk sitt og þá þjónustu sem þeir veita, verkefnið „Skólinn í okkar höndum“ var kynnt og félagslífsfulltrúi sagði frá sínu hlutverki. Einnig gerði fulltrúi foreldraráðs grein fyrir starfi stjórnar og fékk fulltrúa nýnema í stjórn.

Foreldrar hittu að lokum umsjónarkennara, svokallaða bragakennara, sem kynntu hlutverk sitt og mætingareglur, og kenndu foreldrum að nota Innu og Moodle. Einnig voru námsráðgjafar til viðtals fyrir þá sem vildu.

### Nýnemaferð

Nýnemaferð var farin í byrjun september en hún var skipulögð af mentorahóp í bragaáföngum, þ.e. eldri nemendum sem eruð nýnemum til stuðnings. Farið var með rútum í Félagslund í Flóahreppi. Þar voru hóparnir saman að leysa þrautir, grilla pylsur og fara í leiki. Einnig var haldinn kosningafundur vegna kosningu fulltrúa nýnema í nemendaráð, en 4 nemendur buðu sig fram. Haldnar voru framboðsræður og kynningar. Sigga Kling kom og skemmti nemendum af sinni alkunnu snilld. Nemendur létu vel af ferðinni. Þrautirnar voru fjölbreyttar, en meðal annars áttu hóparnir að hanna brúðarkjól úr klósettrúllum, búa til sögur, svara spurningum, keppa í kókosbollluáti og keppa í hindrunahlaupi.

## **Veggjalist og hestamennska í Smiðjunni**

Kennarar á bæði myndlista- og hestabraut nýttu aðstöðu í Smiðjunni í Hamri verknámshúsi við kennslu á sama tíma. Nemendur á hestabraut krufu fætur hrossa, sem er liður í að bæta þekkingu þeirra á járnningum, á meðan myndlistanemar voru að undirbúa fleti fyrir veggjalist. Ákvörðun um að prófa að kenna bæði fög í sitthvorum enda stofunnar reyndist vel, samkomulagið og samveran var frábær og veitti nemendum bæði innblástur og áhuga fyrir báðum viðfangsefnum.

## **Gengið á fimm fjöll**

Á föstudögum reima nemendur í „fimm fjallaáfanganum“ á sig gönguskó og halda til fjalla. Í september gengu þessir nemendur á Mosfell í Grímsnesi, Reykjafjall við Hveragerði og sjaldfarna leið á Ingólfsfjall. Einnig voru farnar nokkuð lengri göngur, fyrst á topp Hengils, Vörðu Skeggja, og á laugardegi var farið í Reykjadal og áfram að Kattartjörnum. Kennari er Sverrir Ingibjartsson.

## **Enskukennarar rannsakaðir**

Í september sóttu nokkrir enskukennarar skólans vinnustofu á vegum Félags enskukennara sem haldin var í Reykjavík. Þar fjallaði Averil Coxhead um orðaforðakennslu og rannsóknir sínar á notkun orðaforða. Averil sem er frá Nýja Sjálandi er þekkt á sviði orðaforðarannsókna og hefur gefið út fjölmargar bækur og greinar um orðaforða og kennslu. Í framhaldi af ráðstefnunni tóku fjórir kennarar þátt í rannsókn Averil Coxhead sem fól m.a. í sér orðaforðapróf og ítarlegt viðtal um enskukennslu. Bæði kennararnir og gestirnir höfðu gagn og gaman að.

## **Lýðræði og seigla**

FSu er þátttakandi í evrópsku samstarfsverkefni, *Lýðræði og seigla* (Democratic European schools for success – DESS), í gegnum Erasmus+ áætlunina. Í lok september komu 24 kennarar í heimsókn í tengslum við verkefnið. Kennararnir komu frá samstarfslöndunum fimm: Rúmeníu, Búlgaríu, Þýskalandi, Spáni og Portúgal. Megininntak heimsóknarinnar til Íslands voru námskeið í tengslum við seiglu (á ensku grit), mannkostamenntun, núvitund, jóga og lýðræði. Námskeiðin og fyrirlestrararnir voru ýmist haldnir af kennurum skólans eða öðrum sérfræðingum. Auk þess að sitja námskeiðin fór hópurinn í kynnisferðir m.a. í Heilsustofnun NLFÍ, Sunnulækjarskóla, til framkvæmdastjóra Sveitarfélagsins Árborgar, í Selfosskirkju, í Raufarhólshelli, á Þingvelli, að Geysi, Gullfoss og Skálholti.

## **Eldmóður og markmiðssetning**

Starfsfólk hugaði að eldmóði, markmiðssetningu, forgangsöröðun í lífinu og jákvæðu viðmóti á stuttu námskeiði sem haldið var í lok september. Valdimar Svavarsson, ráðgjafi og fyrirlesari sá um námskeiðið sem haldið var á vegum fagráðs FSu.

## **Rokksmiðja í Fsu**

Á haustönn var boðið uppá samspilsáfangna, eða Rokksmiðju eins og það er kallað. Í smiðjunni æfðu þrjár hljómsveitir í hverri viku. Þarna var á ferðinni afar efnilegt tónlistarfólk sem á framtíðina fyrir sér. Kennari var Örlygur Atli Guðmundsson.

## **Áfangamessa - fjölbreytni í fyrirrúmi**

Svokölluð „áfangamessa“ var haldin 4. október. Þar kynntu kennarar námsgreinar og áfanga, ásamt námsbrautum, sem verða í boði á næstu önn og þannig geta nemendur betur áttað sig á því fjölbreytta námsvali sem er í boði við skólann. Valdagur var 18. október.

## **Góðgerðarvika**

Í byrjun október var líf og fjör í skólanum, en þá fór fram góðgerðarvika NFSu. Nemendum gafst tækifæri á að skora hver á annan og aðrir nemendur gátu síðan sett peninga undir sömu áskorun. Skólinn er styrktaraðili SOS barnaþorpsins Jos í Nígeríu og renna öll framlög beint til uppbyggingar þorpsins. Skólinn var skreyttur hátt og lágt og sparibauk komið fyrir í andyri sem nemendur gátu sett í frjáls framlög í. Fulltrúar frá SOS Barnahjálpi kynntu starfsemi SOS barnaþorpa. Á miðvikudeginum var Karnival þar sem nemendur gátu spreytt sig á léttum þrautum fyrir klink. Haldið var Fifamót í Pakkhúsinu. Góðgerðardagarnir enduðu svo með lokahátíð í lðu þar sem kennarar kepptu á mótum nemendum í fótbolta íklædd froskalöppum og sundgleraugum. Formaður Nemendafélagsins, Þórunn Ösp Jónasdóttir, safnaði rúmlega 100 þúsund krónum í áskorun um að raka af sér hárið. Gjaldkeri nemendafélagsins eyddi talverðum tíma í kassa í andyri skólans, einn ferðaðist frá Þorlákshöfn í skólann á hlaupahjólum og annar gekk í skólann frá Hveragerði á Selfoss. Skólameistari ferðaðist um á línuskautum einn daginn.

## **Nemendur skoða Írafoss- og Ljósafossstöðvar**

Nemendur í náttúrufræðiáfanga á starfsbraut heimsóttu Írafossstöð og kynntu sér starfsemi hennar. Vel var tekið á mótum hópnum og fengu nemendur góða kynningu á starfsemi stöðvarinnar hjá Jóhanni Bjarnasyni stöðvarstjóra. Eftir að hafa m.a. farið 40 metra niður í jörðina og séð kraftmikið Sogið renna út úr stöðinni var farið í gestastofu Ljósafossstöðvar. Þar var í gangi gagnvirk orkusýning þar sem nemendur gátu m.a. leyst orku úr læðingi með því að nota eigin þyngd og afl. Þema þeirrar sýningar er raforkan sjálf, hvaða áhrif hún hefur á okkur og samfélagið.

## **Pallborðsumræður og skuggakosningar**

Pallborðsumræður vegna komandi alþingiskosninga fóru fram í sal FSu mánudaginn 16. október. Fullur salur af nemendum fylgdist með umræðum í sal, en þar kynntu fulltrúar framboða í Suðurkjördæmi helstu stefnumál sín. Rætt var um ýmis málefni eins og áfengi í matvöruverslunum, samgöngur í kjördæminu, húsnæðismál, skatta og málefni LÍN auk þess sem frambjóðendur svöruðu spurningum úr sal. Sama dag fóru einnig fram skuggakosningar í skólanum þar sem nemendum gafst kostur á að greiða atkvæði og prófa að taka þátt í kosningum.

## **Forvarnarfræðsla um rafrettur**

Í loktóber fengu nemendur forvarnarfræðslu um rafrettur í sal skólans. Björg Eyþórsdóttir hjúkrunarfræðingur og mastersnemi í heilbrigðisvísindum við HA, kom í heimsókn og ræddi við nemendur um skaðsemi og áhættur sem fylgja því að nota rafrettur.



## **Góð gjöf**

Þriðjudaginn 24. október komu fulltrúar frá Rafiðnaðarsambandinu og Samtökum rafverktaka á Suðurlandi færandi hendi. Þessi samtök gáfu nemendum 11 sem voru á fyrsta ári í grunndeild rafiðna glæsilegar nýjar spjaldtölvur.

## **FSu í úrslitum Boxins fimmta árið í röð**

Í lok október fór fram undankeppni Boxins þar sem 26 lið úr 14 framhaldsskólum tóku þátt en aðeins 8 lið úr jafnmörgum skólum áttu þess kost að komast í aðalkeppnina. Lið FSu tryggði sig áfram 5. árið í röð. Liðið mun etja kappi við Menntaskólann í Reykjavík, Kvennaskólann, Menntaskólann í Hamrahlíð, Fjölbrotaskólann í Breiðholti, Menntaskólann á Laugarvatni, Tækniskólann og Menntaskólann í Kópavogi. Lið FSu skipa þau Álfheiður Österby, Leó Snær Róbertsson, Harpa Svansdóttir, Karólína Ívarsdóttir og Dagur Snær Elísson. Umsjónarmaður hópsins er Ágústa Ragnarsdóttir, myndlistakennari.

## **Stuttmyndir, skáldsögur og kvikmyndir**

Nemendur í ENSK3PF05 (novel and film), opnuðu skólastofuna í byrjun október með kynningar á verkefnum sem þeir hafa verið að vinna að í októbermánuði. Verkefnið var valverkefni þar sem nemendur fjölluðu um ýmsar tegundir bóka og bíómynda, sumir bjuggu til sitt eigið handrit og tóku upp stuttmyndir, aðrir veltu fyrir sér sannsögulegum skáldsögum og kvikmyndum, hryllingsmyndum eða einbeittu sér að ákveðnum höfundum.

## **Hvernig líður börnunum okkar? - fræðslufundur fyrir foreldra**

Þann 8. nóvember var boðið uppá fræðslufund fyrir foreldra nemenda í 8.-10. bekk og ungmenna yngri en 18 ára. Fundurinn var skipulagður af Heimili og skóla og Rannsóknnum og greining, í samstarfi við Samborg, FSu og grunnskóla í Árborg.

## **Magdalena vann í söngkeppni skólans**

Magdalena Eldey Þórsdóttir sigraði Söngkeppni FSu sem haldin var í lðu fimmtudaginn 9. nóvember, en hún flutti Amy Winehouse lagið *Back to black*. Í öðru sæti varð Aldís Elva Róbertsdóttir með lagið *Ást* eftir Magnús Þór Sigmundsson og í þriðja sæti varð Krístrún Ósk Baldursdóttir með lagið *Uncovered*. Verðlaun fyrir besta sviðframkomu hlaut Kolbrún Katla Jónsdóttir. Tíu atriði voru á dagskrá og vantar greinilega ekkert upp á sönghæfileika í nemendahópi FSu. Andrúmsloftið á keppninni var sem göldrum líkast þar sem Harry Potter og félagar voru innblástur fyrir umgjörð keppinnar að þessu sinni.

## **Góður árangur í Boxinu, framkvæmdakeppni framhaldsskólanna**

Lið FSu tók þátt í úrslitum í Boxinu, framkvæmdakeppni framhaldsskólanna, helgina 10. - 11. nóvember. Úrslitakeppnin fór að venju fram í húsakynnum Háskólans í Reykjavík. Lið FSu stóð sig með mikum ágætum og uppskar fyrir vikið þriðja sæti.

Það var lið Menntaskólans við Hamrahlíð sem bar sigur úr bítum og lið Menntaskólans í Reykjavík hlaut annað sæti.

Háskólinn í Reykjavík, Samtök iðnaðarins, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra framhaldsskólanema standa að Boxinu sem nú var haldið í 7. sinn. Boxið er vettvangur fyrir framhaldsskólanema til að spreyta sig á ólíkum verkefnum, reyna á samvinnu og kynnast tækni og iðnaði á fjölbreyttan og skemmilegan hátt. Úrslitakeppnin er þrautabraut með átta stöðvum og fara liðin á milli og leysa eina þraut, oft margþætta, á hverjum stað. Átta fyrirtæki úr Samtökum iðnaðarins útbúa þrautirnar ásamt kennurum frá HR. Lið FSu hreppti ekki einungis þriðja sæti, heldur hlaut það einnig tvenn auka verðlaun. Annars vegar fyrir glæsilega lausn og góða nýtingu á tíma við að búa til bíl úr áldósum og hins vegar frá KeyNatura fyrir góða liðsheild, yfirvegun og útsjónarsemi við aðstæður sem þau höfðu ekki reynt áður.

### **Verktækni við byggingar skoðuð**

Um miðjan nóvember heimsóttu nemendur í áfanganum verktækni grunnnáms, sem eru namar sem eru að leggja af stað í nám tengt bygginga- og mannvirkjagreinum, Ella og félagi í JÁ Verk, þar sem þeir voru að slá upp mótum og fleira tengt byggingu íbúða fyrir eldri borgara á Suðurlandi.

### **Góður árangur og gleði á Leiktu betur**

Nýverið tók lið frá FSu þátt í spunakeppninni *Leiktu betur* í Borgarleikhúsinu þar sem mikil gleði og hæfileikar komu saman. Tvö stigahæstu liðin mættust í spuna-einvígi en Menntaskólinn við Hamrahlíð sigraði keppnina. FSu lenti í 5. sæti af 8 skólum. Spunalið FSu Pastabois, Alexander Óli Nóason, Artúr Guðnason, Sigríður K. Halldórssdóttir og Sölvi Scheving Pálsson, var ótrúlega ánægt með að hafa tekið þátt í þessum viðburði og fengið að skemmta sér með nemendum úr öðrum skólum.

### **Skólafundur**

Árlegur skólafundur FSu var haldinn 21. nóvember. Þetta er samráðsfundur alls starfsfólks skólans, kennara, nemenda og annarra starfsmanna. Að þessu sinni einbeittu fundargestir sér að því að skoða þrjú atriði varðandi skólastarfið. Þau voru: félagslíf nemenda, aðbúnaður fyrir nemendur í breyttu skólaumhverfi og aðlögun kennsluaðferða í samræmi við nýja tækni. Margar hugmyndir komu fram á þessum fundi og er unnið að úrvinnslu gagna til að nýta beint inn í áfámhaldandi starf.

### **Tækjadagur í vélvirkjun**

Í nóvember var haldinn tækjadagur í FSu þar sem nemendur á fimmtu önn í vélvirkjun fengu að koma með tækin sín til skoðunar og viðgerðar í skólanum. Skapaðist mikil stemming á meðal nemenda og var meðal annars farið í grindarviðgerðir, vélaskipti í vélsleða, hvalbaksstyrkingar á Suzuki Rocky ( a.k.a Læðan) og margt fleira. Þess má geta að aðstaðan við verknámið er orðin framúrskarandi og nemendur fá að njóta þess

### **Vefur FSu í efsta sæti yfir vefi framhaldsskóla**

Annað hvert ár er gerð úttekt á opinberum vefjum ríkisstofnana og sveitafélaga með tilliti til innihalds, nytsemi, aðgengi, þjónustu og lýðræðislegrar þátttöku. Nýlega var kynnt niðurstaða fyrir úttekt 2017 og þar er vefur FSu í 31. sæti yfir alla vefi og í efsta sæti yfir vefi framhaldsskóla með 90 stig af 100 mögulegum.

### **Skemmtileg leiklistarhátíð**

Nemendur í leiklist og nemendur í íslenskuáfanga í skapandi skrifum héldu í liðinni viku uppskeru- og leiklistarhátíð þar sem sýnd voru 10 stuttverk. Um er að ræða samstarfsverkefni íslenskuáfanga í skapandi skrifum og leiklistaráfanga á 1. og 2. þrepi undir stjórn Guðfinnu Gunnarsdóttur og Jóns Özurar Snorrasonar.

### **Veggjalist FSu komin upp**

Verk úr veggjalistaráfanga eru komin upp við Húsasmiðjuna og Blómaval. Verkin voru unnin af 17 nemendum. Efnistöð voru frjáls og hvert verk er sjálfstætt. Verkin voru unnin í svokallaðri Smiðju í hinu nýja verknámshúsi FSu, Hamri. Sjón er sögu ríkari.

### **Gettu betur**

*Gettu betur* hófst mánudaginn 8. janúar og sigraði FSu lið Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi með 30 stigum gegn 22. Liðið tapaði hins vegar naumlega í 16 liða úrslitum fyrir liði Fjölbrautaskóla Breiðholts. Lokatölur voru 25 stig gegn 29 stigum FB. Keppnin var æsispennandi og mátti litlu muna.

### **Nemendur í ensku gáfu ferðasöfnunarfé í sjóðinn góða**

Nemendur í áfanganum „English in real life“ fóru á haustönn í námsferð til Englands ásamt kennara sínum, Ingunni Helgadóttur og kennaranum Kristjönu Hrund Bárðardóttur. Markmið áfangans er að nemendur fái að vinna með hagnýta ensku, hvernig á að fylla út umsóknir, sækja um vinnu og allt sem tengist því að ferðast til enskumælandi lands. Að lokinni námsferð uppgötvaðist að afgangur var af söfnunarfénu og ákvað hópurinn því að gefa í Sjóðinn góða sem veitir fólki fjárhagsaðstoð fyrir jólin.

### **Landsliðsmaður heimsækir handboltaakademíu**

Þann 18. janúar kíkta Ómar Ingi Magnússon, landsliðsmaður í handbolta, á akademíuæfingu í lðu og fylgdist með krökkunum á skotæfingu. Hann var nýkominn heim af Evrópumeistaramótinu í Króatíu með íslenska landsliðinu í handbolta. Stelpurnar skorðu á hann í vítakeppni, en Ómar er ein af vítaskyttum landsliðsins og var ein öruggasta vítaskyttan á síðasta heimsmeistaramóti. Þess má geta að stelpurnar unnu vítakeppnina! Ómar er Selfyssingur og stundaði nám við Fjölbrautaskóla Suðurlands og við Handknattleiksakademíu FSu.

### **Menningarferð frönskunemenda**

Föstudaginn 26. janúar sl. fóru 20 frönskunemendur frá FSu ásamt Hrefnu Clausen frönskukennara í menningarferð til Reykjavíkur. Á suðurleiðinni æfðu nemendur sig í frönsku og voru í hlutverki

frönskumælandi ferðamanna á ferð um Suðurland. Hópurinn fór m.a. í Háskólabíó þar sem franska sendiráðið í Reykjavík og Alliance Française bauð íslenskum framhaldsskólanemendum í frönskunámi uppá kvikmyndasýningu í tilefni af Frönsku kvikmyndahátíðinni 2018. Myndin sem nemendum var boðið að sjá nefnist á frummálinu *Tout en haut du monde*.

### **Þrískólafundur í Reykjanesbæ**

Fjölbrautaskóli Suðurlands tekur þátt í svokölluðu þrískólasamstarfi með Fjölbrautaskólanum á Suðurnesjum og Fjölbrautaskóla Vesturlands og hittist starfsfólk skólanna þriggja í FS í Reykjanesbæ fimmtudaginn 7. febrúar. Samstarfið felur í sér samráð bæði milli stjórnenda og starfsfólks skólanna þriggja, þar sem skólarnir eiga ýmislegt sameiginlegt varðandi námsframboð og starfsumhverfi. Dagurinn var nýttur til fundahalda, en fyrir hádegi voru fyrirlestrar frá fulltrúum skólanna þriggja. Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir, íslenskukennari í FSu fjallaði um leiðsagnarmat, Þröstur Þór Ólafsson, kennari við FVA fjallaði um rannsókn sína á aðsókn í verknám eftir landssvæðum og Ægir Karl Ægisson, áfangastjóri FS fjallaði um þróun úttektar á falli í áföngum. Því næst hélt Dr. Hafrún Kristjánsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík fyrirlestur um liðsheild. Eftir hádegismat skipti hópurinn sér niður í smærri einingar og völdu menn sér umræðuhópa eftir kennslugreinum. Var mál manna að vel hefði tekist til og gott og gagnlegt fyrir starfsfólk skólanna að bera saman bækur sínar og ræða um skólastarfið.

### **Kátir dagar og Flóafár**

Kátir dagar hófust formlega kl.10:15, miðvikudaginn 28. febrúar og lauk með Flóafári föstudaginn 2. mars. Hefðbundið skólastarf var brotið upp og nemendum gafst tækifæri til að taka þátt í og kynna sér allskyns fróðleg og spennandi verkefni, þrautir og fyrirlestra. Þjóðhátíðarliðið sigraði hið árvissa Flóafár sem fór fram á föstudag. Í Flóafári kepptu lið undir stjórn nemenda í þrautum sem starfsmenn skólans útbjuggu að vanda. Keppt var um stig fyrir þrautarlausnir og að klára á góðum tíma. Skólinn var allur undirlagður, hver krókur og kimi notaður og mikill metnaður hjá öllum liðum að vera með flottan heildarsvip, útbúa sitt svæði, halda góðum liðsanda, semja skemmtiatriði og skipuleggja sig vel. Fjögur lið tóku þátt að þessu sinni, hvert með sinn einstaka stíl, Þjóðhátíð, NBA, Bjarnabófar og Baywatch.

### **Fræðsla um starf slökkviliða**

Nemendur í áfanganum STAS1XA02 fóru í vettvangsferð í Björgunarmiðstöðina á Selfossi í lok febrúar. Það var tekið einstaklega vel á móti hópnum. Sjúkraflutningamaður fræddi nemendur um starfið, sýndi þeim sjúkrabíl og útbúnaðinn sem þarf að vera til staðar.

### **Opið hús**

Þann 6. mars var opið hús kl. 17-19 þar sem húsnaði skólans var til sýnis og kynnt var starfsemi og námsframboð skólans. Nokkur fjöldi grunnskólanema og foreldrar þeirra komu og kynntu sér skólann.

### **Skemmtileg gjöf**

Nemendur í myndlist, Anna Sigurveig Ólafsdóttir og Katla Sif Ægisdóttir, færðu í mars stjórnendum málverk sem mun prýða vegg skólans. Mikil vinna fór í verkið sem tók um hálfu önnina að klára. Innblástur fengu stöllum frá listmálurum Louisu Matthíasdóttur og Magnúsi Jónssyni. Í apríl var skólanum einnig afhent mynd af skólameistara og aðstoðarsskólameistara sem prýða mun skólann. Þá mynd málaði Pétur Gabríel Gústavsson, nemandi í myndlist.

### **Regnbogadagar**

Frá fimmtudeginum 15. mars til miðvikudags 21. mars voru svokallaðir Regnbogadagar þar sem fjölbreytileikanum er fagnað með ýmisskonar uppákomum á degi hverjum. Nemendur fengu fyrirlestur frá Stígamótum um hvernig karlmenn geti brugðist við #metoo byltingunni, forvarnarmyndbandið „Myndin af mér“ var sýnd og umfjöllunarefni myndarinnar kynnt, nemendur fengu kynningu á Japan og Karítas Harpa söng fyrir nemendur á degi Downs heilkennisins. Hápunktur dagskrárinnar var heimsókn forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar, en hann ræddi um fjölbreytileikann, lífið og tilveruna og svaraði spurningum nemenda um allt milli himins og jarðar.

### **Rafiðnaðardeild fékk kynningu á ljósleiðurum**

Nemendur á fjórðu önn grunndeild rafiðna fóru í mars ásamt kennara í heimsókn til TRS á Selfossi og fengu kynningu og kennslu í meðferð ljósleiðara og notkun þeirra. Settur var saman ljósleiðari og gæði samsetningarinnar mæld. Farið var í bilanaleit á ljósleiðurum og uppsetningar.

### **Söngglaðir Texasbúar heimsækja skólann**

Kór FSu fékk til sín góða gesti 14. mars. Þar var á ferðinni kór að nafni Kingwood Choir og komu þau alla leið frá Houston í Texas.

### **Gerður Kristný heimsækir íslenskunemendur**

Gerður Kristný skáld heimsótti FSu í mars. Nemendur í áfanga um íslenskar nútímabókmenntir buðu henni hingað í tengslum við verkefni sem þeir unnu. Gerður Kristný sagði þar frá sjálfri sér og verkum sínum. Nemendur spurðu svo spurninga sem Gerður svaraði.

### **Vatni ekki sóað – evrópskt samstarfsverkefni**

FSu hefur undanfarin tvö ár tekið þátt í evrópsku samstarfsverkefni þriggja skóla sem kallast Vatni ekki sóað, en samstarfsskólarnir voru frá Spáni og Slóvakíu. Í apríl fór hópur nemenda og kennara í síðustu heimsóknina í þessu verkefni, en sá fundur var haldinn í Alcoy á Spáni. Í þessa ferð fóru kennararnir Svanur Ingvarsson, Ronald Guðnason og Sólveig Sigmarsdóttir ásamt átta nemendum. Dagskráin var glæsileg og margt í boði til að nálgast viðfangsefnið. Þar má telja heimsókn í sædýrasafn í Valencia, ýmsar göngur í náttúrunni þar sem sýndir voru brunnar, „Ísvélar“ frá 19. öld og ýmislegt annað tengt vatni, sundferð og heimsókn í slökkvistöð. Eins voru heimsóttir þjóðgarðar, t.d. einn í grennd við Valencia þar sem farið var í bátsferð á lón prýtt fjölbreyttu fuglalífi, en vatnið er notað til að flæða hrísgrjónaakra ár hvert.

### **Hæfileikakeppni á Egilsstöðum**

Miðvikudaginn 11. apríl lögðu 7 nemendur ásamt tveimur starfsmönnum af starfsbraut af stað í þriggja daga ferð til Egilsstaða til taka þátt í hæfileikakeppni starfsbrauta sem Menntaskólinn á Egilsstöðum stóð fyrir. Atriði FSu hét FSu er okkar en FSu fékk leyfi hjá Emmsjé Gauta til að breyta texta lagsins Reykjavík er okkar! Flytjendur voru Jón Ingi, Pétur Gabríel, Natalía Perle og Sæbjörg Helga en atriðið varð til hjá flytjendum í hugmyndavinnu með Guðfinnu Gunnarsdóttur leiklistarkennara skólans sem þjálfaði flytjendur. Skemmst er frá því að segja að ferðin gekk í alla staði mjög vel.

### **Nemendur fara í leikhús**

Að fara með nemendur í leikhús er nauðsynlegur þáttur í námi þeirra og hefur það tíðkast í FSu um áratugaskeið, alltaf að frumkvæði kennara. Á síðustu önn fór tæplega 50 nemenda hópur í hinum ýmsu íslenskuáföngum að sjá *Kartöfluæturnar* eftir Tyrfing Tyrfingsson sem Borgarleikhúsið sýndi og á vorönn fóru tveir hópar í leikhús. Annar hópurinn í Borgarleikhúsið að sjá *Sýninguna sem klikkar* og hinn í Þjóðleikhúsið að sjá söngleikinn *Slá í gegn*.

### **Norrænt samstarf – Nordplus junior**

Nemendur í frumkvöðlafræði við FSu fóru til Finnlands og dvöldu þar vikuna 9.– 15. apríl ásamt tveimur kennurum frá FSu. Ferðin var hluti af Nordplus Junior verkefninu „Scandinavian Business Company“. Markmið verkefnisins var að efla tengsl milli skóla og landa og stuðla að því að nemendur fari út í frumkvöðlastarf og nýti sköpunarkraft sinn. Fjórir framhaldsskólar frá þremur löndum tóku þátt í verkefninu; FSu, framhaldsskólinn Byåsen í Prándheimi og tveir framhaldsskólar í Finnlandi, Ulvilan lukio í Ulvila og Lauttakylän lukio í Huittinen. Þessi ferð var síðasti hluti verkefnisins sem staðið hefur í tvö ár og hafa nemendur heimsótt fjöldann allan af fyrirtækjum frumkvöðla í þátttökulöndunum, gestafyrirlesarar hafa komið í skólana og síðast en ekki síst hafa staðkunnugir farið með hópana í skoðunarferðir á áhugaverða staði í hverju landi. Nemendur frá öllum löndum voru sammála um að þátttaka í verkefninu hefði bætt enskukunnáttu þeirra og að þeir hafi myndað ómetanleg vinatengsl við nemendur frá hinum löndunum.

### **FSu í Riga – Erasmus+**

Í lok apríl fór hópur frá skólanum, 3 nemendur og 2 kennarar til Riga í Lettlandi til að vinna að Erasmus+ flóttamannaverkefni. Það er þriggja ára samstarfsverkefni milli skóla frá Lettlandi, Tékklandi, Ítalíu, tveggja skóla í Grikklandi og FSu. Verkefnið gengur út á að rannsaka orsakir flóttamannastraumsins, afleiðingar hans, vinna með flóttamönnum í þátttökulöndunum, sérstaklega börnunum, safna og búa til listmuni, og fræða nemendur og almenning. Vikan var annasöm og hópurinn lagði mikið á sig við vinnu að verkefninu. Lokahnykkur verkefnisins verður sýning á afrakstrinum í Prag vorið 2019.

### **Fuglinn í fjörunni fundinn**

Föstudaginn 20. apríl fór dýrafræðihópur í fuglaskoðun niður á Eyrabakka. Þá var horft eftir fuglum við höfnina og í fjörunni þar vestur af, en höfnin og fjaran eru mjög aðgengileg til fuglaskoðunar og þar má finna ýmsa fugla. Það er óhætt að segja að það hafi verið vor í lofti og mikill fuglakliður í veðurbliðunni.

### **Vélvirkjun á ferð og flugi**

Nemendur á 6. önn í vélvirkjun heimsóttu fyrirtækið Ísar nýverið, en fyrirtækið er að smíða fyrsta íslenska bílinn sem á að fjöldaframleiða. Ari Arnórsson, stofnandi fyrirtækisins tók á móti hópnum af miklum höfðingsskap. Þessi heimsókn nýttist mjög vel því í svona verkefnum er komið inn á svo ótalmarga hluti sem tengjast náminu. Má þar nefna smíði, suðuvinnu, burðarþol, efnisval, vélbúnaður ásamt ótal mörgu öðru.

### **Samkomulag um rekstur og uppsetningu á FabLab verkstæði**

Þann 30. apríl skrifuðu Fjölbrotaskóli Suðurlands, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), Héraðsnefnd Árnesinga (HÁ) og Háskólafélag Suðurlands (HfSu) undir samkomulag um uppsetningu og rekstur á FabLab verkstæði við FSu. Tilgangurinn er að setja upp og reka FabLab verkstæði (Fabrication Laboratory) við FSu. Með uppsetningu og rekstri FabLab smíðju opnast hvetjandi umhverfi til nýsköpunar, menntunar og þróunar. Undirbúningsnefnd mun ákvarða framkvæmd uppbyggingarinnar og skilgreina verkefnið með það að markmiði að starfsemi geti hafist frá og með hausti 2018.

### **Júlli kóngur dansar dilla dilla – dimission**

Föstudaginn 4. maí fylltist skólinn af glöðum og hávaðasömum lemúrum. Þegar betur var að gáð kom í ljós að þetta voru dimitendur þessa önnina í gervi Júlla kóngrs, lemúr úr teiknimyndaflokknum Madagaskar. Þeir sungu, trölluðu, dönsuðu, slöfðu í sig íslenska kjötsúpu í boði skólans og hlýddu á kennarana syngja Klárakvæðið. Klárarnir hurfu síðan á braut á vit ævintýrana.

### **Rafiðnaðardeild fær góðar gjafir**

Íslandsbanki á Selfossi færði í vikunni rafiðnadeild FSu góðar gjafir sem munu nýtast vel í kennslu rafiðna. Um er að ræða fjórar sveiflusjár frá RIGOL, íhlutamælar sem mæla alla rafeindaíhluti og tinsuga af flottustu gerð. Frá og með næsta hausti verður boðið upp á fullt nám í rafvirkjun við FSu.

### **Fósturlandsins Freyja**

Á brautskráningu 26. maí var sýndur glæsilegur refill sem starfsfólk skólans hefur unnið að í vetur. Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir, íslenskukennari og handverksfrömuður, átti hugmyndina að verkefninu og stýrði vinnunni en Ágústa Ragnarsdóttir, myndlistakennari, hannaði myndina og útfærði. Starfsfólk settist niður við þrjónaskap í vetur og síðan var verkið saumað saman og sett upp. Refillinn sem er um 12 fermetrar að stærð er þrjónaður með bútaþrjóni úr þreföldu einbandi. Alls eru 4760 ferningar í

reflinum. Gróft áætlað eru vinnustundir við refileinn um 1600 og góður hluti starfsfólks skipti þeim með sér á einn eða annan hátt.

Refillinn hefur fengið nafnið „Fósturlandins Freyja“ og mun hanga uppi á kaffistofu skólans.

## 2 Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra

### 2.1 Svið: Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni

Sviðsstjóri: Sigursveinn Már Sigurðsson

#### 2.1.1 Enska

Kennslustjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir

**Kennarar og áfangar sem þeir kenna á hvorri önn**

	<b>Haustönn 2017</b>	<b>Vorönn 2018</b>
Guðfinna Gunnarsdóttir	ENSK3FO05	ENSK3PE05
	ENSK2HC05	ENSK2YL05 (fjarnám)
	ENSK2OL05 (fjarnám)	ENSK1RX05
	ENSK3PF05	
Helgi Þorvaldsson	ENSK1HA05	ENSK2HB05
	ENSK2HB05	ENSK2OR05
	ENSK2OR05	ENSK3PB05
Ingunn Helgadóttir	Kennsla Sogn	Kennsla Sogn
	ENSK1HA05	ENSK1HA05
	ENSK2ER05	
Kristín Runólfsdóttir	ENSK2OL05	ENSK2HC05
		ENSK1HE05
Kristjana Hrund Bárðardóttir	ENSK1HE05	veikindaleyfi
	ENSK1RX05	
	ENSK2ER05	
	ENSK3FO05	
Paola Daziani	ENSK2HC05	ENSK3YL05
	ENSK2OR05	ENSK2OR05
Sveinn E. Magnússon	ENSK1HA05	ENSK2HB05
	Kennsla Litla Hraun	Kennsla Litla Hraun
Ægir Pétur Ellertsson	ENSK3PA05	ENSK3PB05
	ENSK2HB05	ENSK2HC05
	ENSK2HC05	ENSK2OR05



### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu. Fjöldi áfanga, nemenda og hvernig til tókst**

Þar sem miklar breytingar hafa verið á námsskrá og margir áfangar nýskrifaðir og kenndir, er stöðugt verið að þróa efni, aðferðir og námsmat í deildinni.

GG kenndi tvo nýja áfanga 3.þrepi, ENSK3PF05 á haustönn, þemaáfangi um kvikmyndir og bókmenntir sem gekk mjög vel og gerðar voru tilraunir með ólík verkefnaform og

ENSK3PE05, þemaáfangi um íþróttir og bókmenntir á vorönn sem gekk einnig mjög vel.

Í akademískri ensku á 3. þrepi voru gerðar tilraunir með að láta nemendur fara sjálfa yfir verkefni sín eftir svaralykli frá kennara og eru þau hluti af lokaekinn áfangans. Nemendur virðast taka þetta verkefni alvarlega og er þetta sennilega komið til að vera.

KR kenndi einn áfanga fyrir byrjendur í ensku á vorönn, 4 nemendur frá Sýrlandi. Þessir nemendur þurfa sérkennslu og geta ekki tekist á við námsefni í 1. þreps fornámsáfangi.

Nemendur í ENSK2ER05 unnu í evrópsku tungumálamöppunni og bjuggu til ferilskrá sem var liður í atvinnuviðtali sem þau áttu eftir að fara í. Seinnipart annarinnar fengum við tvo enskumælandi kennara, sem búsettir eru í Reykjavík til að koma og taka atvinnuviðtöl við nemendur. Þetta verkefni gekk afar vel og voru þær mjög ánægðar og hissa á hæfileikum nemenda okkar. Aðalverkefni áfangans var svo að skipuleggja ferð til London sem meirihluti nemenda fór í ásamt kennurum. Ferðin gekk afskaplega vel og óhætt að segja að nemendur lærðu heilmikið á henni.

GG var með nemanda í vettvangskennslu bæði á haust- og vorönn frá Háskóla Íslands.

### **Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum.**

Kennarar nota mismunandi námsmat eftir áföngum. Þar á meðal eru lokapróf, símat, verkefnamiðað námsmat með leiðsagnarmati í bland. Aukin áhersla hefur verið lögð á að efla munnlega færni og munnleg próf. Ekki fór fram formlegt mat á námsmatsaðferðum en kennarar leggja sig stöðugt fram við að bæta námsmat út frá þeim vísbendingum sem fram koma í niðurstöðum.

Sumir telja að lokapróf henti betur á neðri stigum til þess að tryggja að nemendur fari ekki upp um þrep án þess að hafa náð tókum á grundvallatriðum tungumálsins á meðan aðrir telja sig geta náð því sama fram með símati. HP: „Í enskunni eru ekki lengur lokapróf nema í 1-2 áföngum, sem er of lítið að mínu mati. Ég tel lágmark að þeir sem eru í byrjunaráföngum enskunnar taki lokapróf til þess fá kunnáttu þeirra á hreint, því eins og komið hefur í ljós er ekki alltaf að treysta þeim tölum sem nemendur taka með sér úr grunnskóla. Enn fremur finnst mér ótækt, eins og staðan er nú, að það fari eftir kennaranum hvort áfangi endar á lokaprófi eða ekki. Deildin þarf að hafa stefnu í svona málum sem farið er eftir.”

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt.**

PD sótti námskeið sem nefnast Positive Psychology og The Science of Happiness. GG sótti námskeið í leiklist og nýjar aðferðir í Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga.

KR sótti eftirfarandi námskeið og málstofur:

Vinnustofa í orðaforðakennslu 7. september 2017. Fyrirlesari var prófessor Averil Coxhead og FEKÍ, ásamt Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur sá um viðburðin.

*Framhaldsskóli í þróun*: Ráðstefna um rannsóknir og nýbreytni í framhaldsskólum haldinn 22. september 2017. Fyrirlesarar m.a. Kalle Nieminen ásamt fjölda málstofa/kynninga sem hægt var að velja úr.

Skólamálaþing 5. október 2017: *Innfædd á internetinu – Breyttur heimur – snjallari nemendur*. Fyrirlesarar m.a. Zachary Walker og fleiri.

Vinnufundur á vegum ráðuneytisins um endurskoðun á stjórnsýslu starfsmenntunar 7.maí.

KHB sótti eftirtöld námskeið: *Hugþjálfun – leið til árangurs, Nýstárlegar hugmyndir og skapandi aðferðir í enskukennslu og Sigraðu sjálfa(n) þig*.

KR og GG sátu námskeið um starfsmannasamtöl.

ÆPE og KHB sitja bæði í leiðsagnarmatshópi í skólanum sem hittist reglulega.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu.**

Á haustönn var tekinn í notkun ný kennslubók í ENSK2OL; Headway Academic Skills – Reading, Writing and Study Skills. Level 3. GG notaði nýjar skáldsögur í nýjum áföngum á 3. þrepi. Um 20 nýjir titlar voru settir inn í áfanga í yndislestri. Heimildamynd um nemendur í bandarískum framhaldsskóla notuð til kennslu í ENSK2HC og þáttaröðin My Mad Fat Diary notuð í ENSK1RX sem gafst mjög vel.

Það er líka rétt að fagna því að komin er áskrift að Turnitin forritinu sem gæti breytt einhverju í vinnubrögðum varðandi ritun.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs.**

Áfram verði haldið með samtal við fulltrúa grunnskóla, þeir tveir fundir sem haldnir voru með grunnskólakennurum á skólaárinu voru ganglegir og góðir.

Skoða ætti einkunnahvata til að sleppa við lokapróf á 1. og 2. þrepi.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.**

Sumir vilja fá 60 mínútna kennslustundir og fækkun kennsludaga á móti.

Við veltum fyrir okkur hvort við getum komið til móts við nemendur sem eru greinilega rangt staðsettir við komu í skólann. Til dæmis mætti hugsa sér að áfangar á 1. þrepi séu kenndir í sama stökk. Ef að skólinn hyggst bjóða upp á stöðupróf í ensku er mikilvægt að tryggja tíma og fjármagn við þá vinnu.

### **Annað**

Okkar tilfinning er samt sú að sú þrepaskipting og áfangar sem þar er boðið upp á endurspegli þörfina sem fyrir hendi er sem og að nemendur sem koma nú upp úr grunnskóla sé betur raðað inn á þrep. Það er kostur að geta boðið upp á getuskipt nám með mismunandi hraða á yfirferð og fjölbreyttum leiðum í námi.

Nú er búið að ákveða að festa niður fleiri áfanga í kjarna, sem mun leiða til þess að val í enskudeild minnkar. Búið er að setja niður breytingar á áfangaheitum sem verða færðar inn í námsskrárgrunn. Frá og með haustönn 2019 verður kjarni í ensku fastsettur í 15 einingum, 10 einingar á 2 þrepi og 5 einingar á 3. þrepi. Skylduáfangar verða ENSK2OR05 og annað hvort ENSK3FO05 eða ENSK3AE05. Fróðlegt verður að sjá hvort þessi festing hafi áhrif á valáfanga á 3. þrepi til framtíðar. Ekki voru allir sammála um þessa útfærslu í deildinni. GG telur að þriðja þrepið eigi að vera flatt og óbundið þar sem það er morgunljóst að nemandi muni ekki klára þrepamarkmið 3. þreps í ensku í einum 5 eininga áfanga.

### 2.1.2 Íslenska

#### Kennslustjóri: Bryndís Guðjónsdóttir

#### Kennarar og áfangar sem þeir kenna á hvorri önn

	haustönn	vorönn
Bryndís Guðjónsdóttir	ÍSLE3HR05	ÍSLE3HR05
	ÍSLE1LR05	ÍSLE2OS05
ÍSLE1LR05	ÍSLE1XR05	
	ÍSIE1XR05	ÍSLE3NB05
Elín Una	ÍSLA	
	ÍSLE2VÍ05	
	ÍSLE3HB05	
Gísli Skúlason	ÍSLE3HR05	ÍSLE3HR05
	ÍSLE3HL05	ÍSLE2BB05
	ÍSLE1MR05	ÍSLE1DE05
Guðbjörg Grímsdóttir	ÍSLE3HR05	ÍSLE3HR05
	ÍSLE1MR05	ÍSLE3MM05
	ÍSLE2OS05	ÍSLE2OS05
Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir	ÍSLE1FA05	ÍSLE1FB05
	ÍSLE1LR05	ÍSLE1LR05
	ÍSLE2OS05	ÍSLE2OS05
		ÍSLE3MM05

Jón Össur Snorrason	ÍSLE2AÞ05	ÍSLE3NB05
	ÍSLE2RS05	ÍSLE2OS05
	ÍSLE3HR05	ÍSLE2OS05
	ÍSLE3NB05	ÍSLE3ÞS05
Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir	ÍSLE3HB05	ÍSLE1DE05
	ÍSLE2VI05	ÍSLE2YL05
		ÍSLE2BB05
Rósa Marta Guðnadóttir	ÍSLE1MR05	
	ÍSLE3NB05	

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

„Almennt má segja um kennsluhætti og breytingar á þeim að þeir hafa undanfarin áratug færst mjög frá hefðbundinni innlagnarkennslu til verkefnaþáttar náms og leitarnáms sem unnið er í þörum eða hópum. Vinnsla og skil verkefna eru jöfn og stöðug... Hugkortagerð er mér mikilvæg þar sem nemendur vinna úr ákveðnu efni og segja frá helstu niðurstöðum sínum með hliðsjón af hugkortinu. Þannig breytast nemendur í kennara.“(JÖS)

Helstu nýjungarnar eru þær að kennarar taka inn þætti úr leiðsagnarmati inn í áfanganna, t.d. einstaklings- og hópaviðtöl. Það reynist misvel, sumir eru ánægðir og sjá framfarir hjá nemendum á meðan aðrir telja þetta vera tímasóun sem skili litlu sem engu, þar sem nemendur sem helst þyrftu að mæta koma ekki eða mæti illa í viðtölin og lítil vinna hjá þeim sem ekki eru í viðtölum hverju sinni. (BG) Kennarar eru sem sagt að prófa sig áfram með leiðsagnarmatið í nokkrum áföngum. Hjá sumum hefur það reynst vel og sýnist þeim kennurum og að það skili betri árangri en áður.(GDS),, Regluleg viðtöl við nemendur sem skiluðu vissulega árangri. Annars er það hluti af starfinu að vera stöðugt að reyna eitthvað nýtt.“(RES)

Aðrar nýjungar eru að kenndir eru áfangar sem eru alfarið bókalausir og efnið er að mestu sótt á netið.(GDS) Kennarar útbúa þá öll verkefni sjálfir, þetta kostar mikla vinnu og er þetta starf í þróun.

Sumir kennarar hafa þurft að sníða og jafnvel breyta áföngum því að nemendur virðast ekki hafa náð almennilegum tókum á námi sínu og eru jafnvel ekki komnir á það stig sem ætlast sé til. „Allmargir nemendur eru ekki tilbúnir á 3. þrep af einhverjum sökum. Þetta gerði starfið erfitt og endaði í einhvers konar jafnvægislist til að fleyta sem flestum til lands án þess að slá allt of mikið af námskröfum.“(GS)

Kennarar hafa nýtt sér Moodle til kennslunnar eins og áður en sumir fara nýjar leiðir. „Annað sem ég gerði nýtt var að ég setti verkefna texta á Moodle, ekki í skjöl heldur sem „sneppil“ á Moodle. Þannig varð Moodle eins og stílabók sem ég skrifaði í. Þetta fannst mér betra því að nemendur virtust fylgjast betur með. Allar glærur á sama stað, ekki dreifa þeim um áfangann. Mál Málanna var nýr áfangi. Innihald var skýrt og gott. Hér var lögð meiri vinna á nemendur að rannsaka og finna út úr hlutunum og er það vel. Í Orðspori breytti ég fáu, keyrði á þeirri braut sem ég hef þróað og virkar vel. Nota síðasta tíma vikunnar mikið til að taka viðtöl við nemendur, hrósa og hvetja áfram. Reyni að nota umræður mikið og ýta undir sjálfstæð vinnubrögð.“(GG)

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Þar sem íslenskudeildin hefur fengið það samþykkt að hafa 25 einingar í íslenskunámi nemenda til stúdentsprófs þá verður sú breyting á að tveir áfangar á 2. þrepi verða skylda. Það eru áfangarnir ÍSLE2OS05, Orðspor málfarsáfangi og ÍSLE3BV05, Bókvit bókmenntaáfangi. Þessir tveir áfangar eru þá grunnur að þeim áföngum sem á eftir koma. Á 3.þrepi fara nemendur í þrjá áfanga og er skylda að taka áfangann ÍSLE3HR05, Heimildaritun. Nemendur geta síðan valið hvaða, tvo aðra áfanga, þeir taka á 3. þrepi.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Símat er í flest öllum áföngum deildarinnar og er passað upp á að hafa það með fjölbreyttu sniði. Símati er beitt með reglulegum prófum og verkefnum. Mikilvægt að gæta jafnvægis og krefja nemendur um einstaklingsvinnu ásamt vinnu í hópum. Gæti verið næsta skref að setja inn lokapróf fyrir þá sem ekki ná ákveðinni einkunn á önninni. Sumir telja að vinna nemenda í kennslustundum eftir að símat var tekið upp hafi ekkert aukist frá því að efnismikil lokapróf lögðust ofan á símatið. Mikilvægt er að lotubinda símat og nota leiðsagnarmat eða ígildi þess.

Á vorönn voru eingöngu lögð lokapróf fyrir nemendur í áfanganum Mál málanna . Nokkrir nemendur höfðu þó staði sig það vel að þeir náðu að sleppa við lokaprófið. Þá er leiðsagnarnám [formative assessment] notað hjá nokkrum kennurum deildarinnar. Kennarar telja að símat sé góður kostur en þó hefur skapast umræða um það hvort ekki sé rétt að taka upp aftur lokapróf. Þá helst með því sniði að duglegir nemendur sem vinna vel á önninni geti sloppið við prófin en hinum sé skylt að taka þau til að sýna að þeir standist kröfur áfanganna. Ástæðan er einkum sú að nemendur vinna margir slæga í símatsáföngunum og hafa sumir kennarar það á tilfinningunni að sá vandi sé vaxandi.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

(BG) kvöldnámskeið í vefnaði - grunnstig - hjá Heimilisiðnaðarskólanum (h.17)

Námskeið hjá Capasent í viðtalstækni. (v. 2018)

Námskeið í Birmingham, Englandi (2. til 5. nóv '17) Um fatlaða einstaklinga í námi og starfi.

Ráðstefna grunnskólanna á Suðurlandi og FSu. (mars 2018)

Ráðstefna á Akureyri – Farsælt samstarf heimilis og skóla – Sterk saman. (mars 2018)

(GS) fer væntanlega á námskeið á vegum FLÍF í lok maí 2018, um kvíða ungmenna og viðbrögð við honum.

(GDS) viku námskeið til Eistlands í handverki. Viku námskeið til Möltu í skapandi vinnu í og kennsluhætti 21. aldar skólasterfi.

(JÖS) fór ekki á neitt sérvalið námskeið á þessu skólaári. Hins vegar má alveg setja undir þennan lið þriggja skóla samráðsfund FSu, FS og FVA sem fram fór í marsmánuði í Keflavík. Sóma fundir. Auk þess hef ég verið í sambandi við ótal rithöfunda einkum bandaríska sem dvelja á Gullkistunni (sjá gullkistan.is) og lært heilmikið af þeim. Fram undan er námskeið í skapandi vinnubrögðum í New York dagana 31. maí til 3. júní sem ég sæki með tveimur öðrum kennurum skólans.

(RES) sótti: námskeið í tálgun.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

(JÖS): Í ÍSLE3NB05 var skáldsaga Hallgríms Helgasonar *Kona við 1000<sup>o</sup>* lesin á haustönn en á vorönn var aftur sótt til *Sjálfstæðs fólks* HKL. Ný kennslubók í bókmenntasögu tekin upp á vorönn sem kallast *Skáld skrifa þér*. Í ÍSLE3PS05 voru lesin í fyrsta sinn Íslenska fjögur og *Fjalla-Eyvindur* eftir Jóhann Sigurjónsson. *Handbók um íslensku* er notuð í orðspori. Fín handbók en síðri kennslubók. *Þýska húsið* eftir Arnald Indriðason kom mjög vel út í kennslu afþreyingarbókmennta ásamt *Dalalífi* Guðrúnar frá Lundi.

(GS): Í Delludögum var gerð tilraun með lestur Laxdælu í netútgáfu. Nemendahópurinn var óvenjulegur þegar til kom því getudreifing var með mesta móti svo fornsagan varð mörgum erfið. Til að mæta því var lögð áhersla á hljóðbókina, lesgervil og bent á einfaldaða útgáfu fyrir þá sem vildu. Að lokum varð þetta lærdómsríkt bæði fyrir nemendur og kennara.

(GDS): Námsefni er í sífelldri þróun, sér í lagi í fornáminu. Unnið er að heildstæðu kennsluefni fyrir fornámið en það á þó nokkuð í land.

(GG): Í HR var einungis notað netið og það gafst vel. Í Máli málanna tóku kennarar saman lestrarefni fyrir nemendur sem nýttist vel. Þyrfti að gera meira af því. Handbók um málfræði (þessi bláa) var notuð sem bók í rannsóknarverkefni og það var fínt. Þetta heldur áfram að þróast og ekki ólíklegt að hér bætist bækur á listann fyrir næsta skipti sem áfanginn er kenndur. Í Orðspori er *Handbók um íslenskt mál* notuð sem handbók í áfanganum. Bókin er fín en dálítið þung að bera. Og í Máli og ritun er notaðar sömu bækur og síðast. Gafst vel. Sölva saga unglings og efni frá kennara.

(BG): Efni í Orðspori var efni frá kennurum sem sett var inn á Moodle. Hefðbundið efni var notað í HR. Í Nútímabókmenntum var notuð ný bók *Skáld skrifa þér*. Sú bók er bókmenntasaga og fylgja henni góð verkefni á netinu. Nemendur lásu kjörbækur og skrifuðu

ritgerðir og í lokin lásu þau Sjálfstætt fólk. Það var e.t.v. frekar mikið efni í áfanganum en þar sem nemendur höfðu mikið val um aðferðir og leiðir varð námið áhugavert og fjölbreytilegt. Margir nemendur luku þó ekki áfanganum og er það umhugsunarefni.

(RES): Í heimsbókmenntum á haustönn settu kennarar saman smásagnahefti sem gaman var að vinna með. Markmiðið var að hafa sögurnar frá sem flestum löndum, ólíkum menningarheimum, gamlar og nýjar. Þetta gafst vel og varð vinnan með sögurnar skemmtileg og skapandi.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Auka metnað í skólastarfi jafnt hjá kennurum sem nemendum. Ekki slaka á kröfum. Ekki draga úr færni og hæfni nemenda til eigin sköpunar í kennslu sama hvert efnið er. Auka faglega samvinnu kennara. Auka faglega umræðu á kennarafundum. Minnka tal um rekstur skólans og rekstrartölur. Gera kröfu um skriflegt mat í námsgreinum þar sem kostir nemenda og hvað megi bæta séu vegnir og metnir. Auka hvatningu án þess að draga úr kröfum.(JÖS) Íslenskudeildin hefur gert breytingar á fyrirkomulagi námsins í íslensku.

Þó svo að þetta kerfi sé ekki komið í gagnið (fyrir en síðar e.t.v. vorönn 2019) þarf að huga að röðun nemenda í áfangana þannig að framhaldi gangi vel fyrir nemendur skólans.

Nú þarf að huga að þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á röðun áfanganna í námi nemenda (sjá áfangalýsingar sendar til Kristínar Runólfsdóttur). Þeir nemendur sem fengið hafa einkunnina 8 í Grunnskólaeinkunn fara beint inn á 2. þrep. Gert er ráð fyrir að allir nemendur taki tvo skylduáfanga á 2. þrepi (Orðspor ÍSLE3OS05 og Bókvit, ÍSLE3BV05). Þegar þeim er lokið fara nemendur á þriðja þrep (eða velja áfram valáfanga af 2. þrepi). Á 3.þrepi er, Heimildaritun ÍSLE3HR05, skylduáfangi og þurfa allir nemendur að taka hann. Aðrir áfangar eru valfrjálsir og velja nemendur 2 áfanga af þeim (10e)

Nauðsynlegt er að byggja á því sem þegar hefur verið gert og reyna að sníða vankantana af.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

(GDS) Nauðsynlegt er að skólinn geri það að skyldu að allir nemendur eigi tölvur til að vinna verkefni sín. Færst hefur í vöxt nemendur noti eingöngu síma í verkefnavinnu og þótt það sé kannski hægt þá getur kennari illa leiðbeint nemendum þegar hann sér ekki með góðu móti það sem þar er skrifað. Nauðsynlegt er að skólinn standi fyrir námskeiðum sem tengjast alls kyns tækni og nýjungum. Slík námskeið eru nauðsynleg til að auðvelda og minnka vinnu kennara við að innleiða tækni og nýjungar í skólastarfið. Á netinu er fjöldinn allur af forritum sem gott væri að nýta. Það tekur þann sem vel kann á forritin stuttan tíma að kenna á notkun þeirra en getur tekið kennarann óratíma að átta sig á þeim geri hann það einn og óstuddur. Einnig er nauðsynlegt ef Inna verður innleidd sem kennslutæki að þá fái kennarar námskeið þar sem þeir fá að kynast vel og æfa sig í því sem það hefur upp á að bjóða.

(JÖS) Óskum eftir föstum hátölurum á veggum í íslenskustofum skólans auk þess sem efla má nettengingu. Uppfæra má skjávarpa og samstillta skjámynd og tjald. Vonast eftir þráðlausri tengingu tölvu við skjávarpa og önnur tæki.

(GS) Sumir óttast að skólinn sé á niðurleið á ýmsan hátt þrátt fyrir stórbætta aðstöðu fyrir iðnnám og fleira. Ástæðurnar geta verið margvíslegar, en kalla engu síður á viðbrögð skólayfirvalda. Þetta eru lokaorð skýrslupunkta frá síðasta ári og eiga enn við:

Skólayfirvöld mættu gjarnan stuðla að meiri umræðu innan skólans um nám og kennslu. Nú eru kennarafundir tíðir en umræðan lítil nema þá í fámennum hópum sem skila punktum inn í möppur og þar með deyr umræðan. Hvert stefnir skólinn? Hvert viljum við að hann stefni, og hvaða leiðir viljum við fara að því marki? Einnig mætti kanna hug nemenda meira og víðar en gert er með GNOKinu, um skólann í heild, kosti hans og galla og hvað mætti bæta. Á þeim stuttu stundum sem teknar hafa verið í slík umræðuefni verður sjónarhornið gjarnan mjög þröngt, um mætingar og skó svo dæmi sé tekið, en stóru málin verða útundan.

(BG) F.Su á að vera í sem mestu og bestu samskiptum við sveitafélögin á Suðurlandi. Skólinn á að beita sér fyrir að nærumhverfið skólans hefji skólann til vegs og virðingar. Þau sveitafélög sem standa að skólanum eiga að sjá hag sinn í því að hlúa vel að nemendum með því að reisa nemendagarða og góða aðstöðu fyrir þá nemendur sem eru hálf vegalausir í „götum“ á meðan á skólatíma stendur. Jafnvel að bjóða upp þeim upp á skólamáltíðir. Sama má segja um keyrslu til og frá heimilum nemenda, nú er það strætó sem stjórnar ferðum nemenda en ekki skólinn. Nemendur eru því nánast þvingaðir til að verða sér út um bíla til að komast leiða sinna. Það ætti að vera stolt sveitafélaganna að mennta unga fólkið sitt og standa vörð um nemendur sem stunda nám í F.Su með jákvæðum viðhorfum og góðu atlæti. Hér í F.Su er boðið upp á gott nám á stúdentsbrautum og fjölbreytilegar iðngreinar sem eiga að passa fyrir atvinnulífið á Suðurlandi. Skólinn á að vera stolt sveitafélaganna til að mennta fólk til starfa á heimavelli og því ættu þau að hvetja unga fólkið sitt til náms. Því ættu sveitafélögin styrkja skólann til þess að hafa hér enn sterkari bóknámsbrautir og fjölbreytilegra iðnnám til að nemendur svæðisins sæki hingað til náms í auknum mæli.

### **Annað**

(GDS) Vinnuaðstaða kennara í skólanum er upp og ofan. Síðastliðin 10 ár hef ég haft bás til afnota til að vinna á. Hann hefur aldrei hentað mér og því hef ég ýmist tekið vinnuna með mér heim eða unnið á kaffistofu kennara. Eftir að hafa fengið skrifborð til afnota í stað bássins þá hef ég áttað mig á hvers ég hef farið á mis við allan þennan tíma. Nú vinn ég lengur á dag í skólanum en tek ekki vinnuna með mér heim nema í algjörum undantekningartilvikum. Það leiðir til þess að ég nýt þess betur að sinna mínu starfi og einnig einkalífsins því nú er þetta betur aðskilið.

(RES) Undanfarin ár hefur vantað tíma fyrir samráð í fögum. Því ber að fagna að nú er á ný gert ráð fyrir slíkum tíma í stundaskrá. Gott er að deildir fái fundartíma sem er eingöngu ætlaður til funda í deildum.



(JÖS) Skapa þarf umræðu meðal kennara skólans og annarra um hvert þessi skóli stefnir. Heildarumræðu. Ekki aðeins um það sem sjálfsmatið krefur okkur heldur heildarumræðu. Spyrja má: Erum við að missa góða nemendur frá okkur? Af hverju fara nemendur af þessu svæði í aðra skóla? Fyrir hvað stöndum við? Við verðum að halda á lofti því sem vel er gert. Hvað með nemendur skólans sem hafa náð langt í námi og haft áhrif á samfélag okkar? Af hverju státum við okkur ekki af þeim? Hvar er saga þessa skóla sýnileg? Mætti ekki nota tóma vegg skólans til að gera henni skil? Tökum sem dæmi leiksýningar sem haldnar hafa verið á vegum nemenda skólans. Væri ráð að draga fram (auglýsa eftir og finna) veggspjöld sem auglýstu þessar sýningar á sínum tíma, ramma þær inn og hengja á vegg skólans með útskýringum. Hvað með körfuboltalið skólans sem náði þeim frábæra árangri tvisvar sinnum að komast í úrvalsdeild? Af hverju er ekki mynd af þessum liðum á veggjum skólans? Hvað með fyrsta sigur skólans í Gettu betur? Hvar er myndin af liðinu? Og yfirleitt myndir af þeim liðum sem hafa keppt í þeirri keppni? Við þurfum að efla sjálfsmynd okkar og láta aðra vita af því að gott og faglegt starf er unnið í skólanum. Eða er svo?

Hér hafa komið fram fjölmörg atriði sem tilheyrja skýrslu íslenskudeildar vor 2018.

### 2.1.3 Ergó

Fagstjóri: Ragnheiður Eiríksdóttir

**Kennarar og áfangar sem þeir kenna á hvorri önn**

	<b>haustönn</b>	<b>vorönn</b>
Guðbjörg Grímsdóttir	ERGÓ1AA05	ERGÓ1BB05
Guðríður Egilsdóttir	ERGÓ1AA05	ERGÓ1BB05
Ingunn Helgadóttir	ERGÓ1AA05	ERGÓ1BB05
Jón Grétar Hafsteinsson	ERGÓ1AA05	ERGÓ1BB05
Kristjana Sigríður Skúladóttir	ERGÓ1AA05	ERGÓ1BB05
Marían Ben Ólafsdóttir	ERGÓ1AA05	ERGÓ1BB05
Ragnheiður Eiríksdóttir	ERGÓ1AA05	ERGÓ1BB05
Ronald Guðnason	ERGÓ1AA05	ERGÓ1BB05
Tómas Davíð Ibsen Tómasson	ERGÓ1AA05	ERGÓ1BB05
Ægir Sigurðsson	ERGÓ1AA05	ERGÓ1BB05

## **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

Ergó A: Gerðar voru miklar breytingar á áfanganum sem fólust helst í því að tekin var inn kennslubók sem hafði ekki verið áður. Það var bókin Hugskot, skamm-, fram- og víðsýni eftir Friðbjörgu Ingimarsóttur og Gunnar Hersvein. Umfjöllunarefni bókarinnar eru mjög mikilvæg og þörf en mörgum kennurum þótti hún of þung fyrir nemendur. Hugmyndin er þá að halda áfram að fjalla um þessi atriði en nota hana frekar sem handbók kennara en ekki sem kennslubók. Áfanginn er í þróun og við kennarar vorum sammála um að við þyrftum að hafa rammann ákveðnari varðandi vinnubrögð. Reynslan hafði sýnt okkur að nauðsynlegt var að kenna nemendum markvissari vinnubrögð sem þeir myndu síðan nýta sér í Ergó B. Það var gert hér, í hverju „þema“ námsefni voru ákveðin vinnubrögð undir og nemendur þjálfaðir í þeim. Þetta gaf góða raun og ber að halda áfram að leggja áherslu á með enn markvissari hætti.

Innihald áfangans þarf að hugsa betur, erum farin að stefna í rétta átt en þurfum að búa námsefni meira niður þannig að nemendur tengist því betur. Nemendur áttu mörg erfitt með að tengjast nýrri námsbók sem var kennd og það leiddi til þess að 3 af 5 hópum settu hana til hliðar, þ.e.a.s. létum nemendur hætta að lesa hana en héldu áfram að kenna efnið, bara með öðrum hætti. Fóru sjálf í að afla efnis og fannst það takast betur. Þeir sem héldu áfram með bókina voru þó ánægðir með það því afar mikilvæg efni eru tekin fyrir í seinustu köflunum.

Ergó B: Í þessum seinni nýnemaáfangana er áherslan mikil á hópavinnu sem byggir á því sem nemendur tileinkuðu sér og lærðu í Ergó A. Hér eru verkefni á góðri leið í þróun og mætti umræða þeim, verkefni sem notað var í lokin mætti vera miklu fyrr á önninni, í upphafi helst, og þannig mætti laga það til þannig að það henti vel því verkefnið er gott. Þessi áfangi hefur stórt og mikið markmið, að kenna sjálfbærni, sem er mikið og gott hugtak. Þarf að hugsa það betur og hér á einnig við það sama og í Ergó A, að búa efnið meira niður.

*Það er gott að hugsa báða áfangana þannig að nýnemar fái sem mest úr þeim sem nýst gæti á sem bestan hátt og í ýmsum áföngum. Nauðsynlegt að skipuleggja þá saman, að annar sé í framhaldi og byggi á hinum. Þetta eru flottir áfangar sem eru á réttri leið, krefjast meiri tíma og vinnu til að verða enn betri. En við erum á leiðinni þangað!*

## **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Erum nokkuð sátt við námsmatsaðferðir. Finnst símat henta áfanganum vel.

Finnst gott að enda á lokaverkefni og í einum hópi voru tekin viðtöl við nemendur. Einnig mættu verkefni vera minni og fleiri.

## **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Flestir kennarar áfanganna sóttu námskeið um bókina Hugskot í byrjun haustannar.

## **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

Kenndum bókina *Hugskot* eftir Friðbjörgu Ingimarsdóttir og Gunnar Hersvein í Ergó A. Bókin er góð og gild með mjög áhugaverð umfjöllunarefni. Mæli með að kennarar lesi bókina og noti hana við þróun áfangans og velji það besta úr henni. Mikilvægt að Ergó A sé í tengslum við nútímann hverju sinni.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Að kennarar áfangans haldi áfram að þróa og bæta þessa tvo nýnemaáfanga.

Umfjöllunarefni þeirra eru gríðarlega mikilvæg fyrir nemendur og framtíðina og þau eru það umfangsmikil að það tekur tíma að finna leið til að gera þeim vel skil en á sama tíma halda áhuga nemenda. Til þess þurfa allir kennarar áfanganna að leggja sitt að mörkum.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Lagað stofu 201 og rýmið þar fyrir framan.

- Hafa uppröðun inni í stofunni og fyrir framan þannig að hópavinna sé þægileg.
- Hafa sófa þannig að þægilegt sé að hafa umræður, spjall og svoleiðis hér og þar.
- Hafa tækjabúnað í lagi, hátalara og skjávarpa sem virka.
- Hugsa um að hægt sé að hafa kynningar á fleiri en einum stað.
- Hafa í huga að hægt sé að skipta hópnum í tvennt.

### **Annað**

Flott að byggja upp varanlegt svæði fyrir Ergó þannig að umhverfið styðji við áfangann og öfugt.

## 2.1.4 Bragi

Fagstjóri: Guðbjörg Grímsdóttir

### **Bragi – kennarar og nemendur**

Markmiðið með braga frá upphafi er að nemendur aðlagist vel nýju skólastigi og skólaumhverfi. Nemendur fá að kynnast þjónustu og úrræðum sem í boði eru. Unnið er með hópefli, námstækni, forvarnir og heilsuefingu. Jafnframt er mikil áhersla lögð á að nemendur kynni sér vel námsframboð og byggi upp sinn námsferil til námsloka. Nemendur fengu kynningu á innviðum skólans, kennslu í Innu og Moodle, kynningu á skólareglum og stuðning við val. Allir nemendur fóru í sérstakt nemendaviðtal hjá sínum bragakennara á vorönn.

**Bragi er kenndur í fundartíma á miðvikudögum.** Hagræðingin sem felst í því að kenna tímamann í sama stokki á sama tíma er gríðarleg. Allt upplýsingaflæði gengur betur og samlegðaráhrif mikið betri þegar unnið er með hópana alla saman. Allir kennarar eru með fésbókarhóp fyrir sinn Braga og kemur það sér mjög vel til að koma snöggum skilaboðum til nemenda, bæði frá kennurum og mentorum. Fagstjóri braga sat í SKOH- teyminu en fundir hefðu þurft að vera fleiri og reglulegri. Einnig hefðu yfirmentarar (annar eða báðir) þurft að vera í SKOH hópi. Nemendur í braga voru virkir þátttakendur í góðgerðardögum, Kátum dögum, Flóafári, forvarnardögum og regnbogadögum.

**Mentorakerfi** er á nýnemaönninni, haustönn, og fær mikinn tíma af braganum þá önn. Mentorar voru tveir til þrír í hverjum nýnemabragaáfangi á haustönn. Mentorar voru ásamt fagstjóra saman með fésbókarhóp þar sem upplýsingaveita og skoðanaskipti fóru fram. Yfirmentarar sáu einnig um að upplýsa mentora fyrir hvern tíma hvað ætti að fara fram.

Meðal þess sem mentorar sáu um var skipulag nýnemaferðar í Félagslund, kosningu nýnemafulltrúa í nemendaráð, stýrðu umræðum um góðgerðadaga og aðra viðburði á vegum nemendafélagsins, stýrðu þrautum vegna stigakeppni milli hópanna og fleira. Einnig sáu mentorar um undirbúning og skipulagningu lokahátíðar.

Stigakeppnin var mjög skemmtileg, en hóparnir kepptu innbyrðis alla önnina í allskonar þrautum sem gátu gefið stig. Mentorar fengu 1 einingu fyrir sína vinnu.

Í greinagerð mentora kom fram mikil ánægja með þátttökuna, flestir hefðu viljað koma oftar inn í hópinn sinn, helst í alla tíma. Allir töluðu um hvernig það að vera mentor hefði fengið þau til að kynna sér félagslíf skólans á nýjan leik og að þeir hefðu viljað hafa viðlíka kerfi þegar þau hófu nám við skólann. Sumir nemendur í hópnum höfðu upplifað það að vera nemendur þegar mentorastarfið byrjaði, vera mentor og síðan yfirmmentor. Það var skemmtilegt að heyra reynslu nemenda af því að hafa setið í öllum sætum varðandi mentorastarf. Allir voru sammála um að reglulegir fundir væru nauðsynlegir til að

upplýsingastreymi væri í lagi og allir væru með á hreinu hvað ætti að gera. Allir voru sammála um að mentorakerfi væri komið til að vera.

Þeir nemendur sem vilja geta sótt um að vera mentorar í stað þess að fara í BRAGI1SC01 í haust. Alger sprenging varð í umsóknum um mentorastarf, en 32 nemendur hafa sótt um að verða mentor á næstu haustönn.

**Nemendafélag/Nemó** Samkvæmt hefð frá því í fyrra átti nemendafélagið að koma inn í bragahópa á vorönn til að kynna viðburði og gleði einu sinni í mánuði, þetta fór vel af stað, en huga þarf að betri tengingu við nemendafélagið þar sem fjaraði undan þátttöku nemendafélagsins og aðkomu að Braga fljótlega á vorönn. Þetta þarf að bæta og mögulega spilar þarna inn í að SKOH hópurnir fundaði ekki reglulega, en þar er vettvangur fyrir bragastjóra, yfirmentora og formann nemendafélagsins til að hittast og ræða mál. Yfirmentorar ættu að fara inn í SKOH hópinn á næsta ári. Nemóar ættu að fylla upp í ákveðið tómarúm sem mentorar mynda á vorönn og halda jafningjafræðslunni áfram. Þetta viðhorf hefur undirrituð rætt oft en einu sinni við stjórn nemendafélags og þá sérstaklega við nýtt nemendafélag í von um framfarir.

**Náms- og starfsráðgjöf/námstækni** Námsráðgjafar komu aðeins að bragatímum með þeim hætti að þeir unnu efni (fyrirlestra og verkefni) í hendur kennara sem lögðu efnið fyrir nemendur. Þetta var gert með þessum hætti vegna þess að í fyrra kom það ekki vel út að hitta alla nemendur í salnum og námsráðgjöfum fannst ekki heldur koma nógu vel út að þjappa 2-3 bragahópum í eina stofu svo að námsráðgjafarnir gætu hitt þá á bragatímum. Því var ákveðið að prófa þessa lausn, að kennarar myndu kynna efni frá námsráðgjöfum. Einnig aðstoðuðu náms- og starfsráðgjafar við val á valdegi. Þetta gekk vel upp með þessum hætti, bragastjóri var í góðu sambandi við námsráðgjafa um efnið og í sameiningu var ákveðið hvað myndi henta best.

#### **Gott að hafa í huga varðandi framhaldið**

- ✓ Gott er að halda áfram að beita sér fyrir því að hvetja kennara til að kenna áfangann og kynnast þannig starfinu með öðrum hætti. Þannig er ekki gott að nota Bragakennslu sem uppfyllingu á kennsluskyldu því það skapar neikvætt viðhorf til áfangans og hefur þannig áhrif á framlag kennarans. Kennsla í braga er mjög ólík hefðbundinni kennslu og bragakennarar tala allir um hversu ánægjulegt sé að fylgja hópnum eftir og kynnast nemendum á annan hátt.
- ✓ Mikilvægt er að félagslífsfulltrúi hafi reynslu af því að kenna braga og/eða sé að kenna braga hverju sinni. Gott meðal annars til að styrkja tengsl milli braga og nemendafélagsins hverju sinni.

- Nauðsynlegt að félagslífs- og forvarnarfulltrúi hitti braganemendur og fari yfir forvarnarmál í skólanum, varðandi böll og fleira. Spurning hvort að hann eigi að vera á nýnemadegi og/eða fara í bragahópana, láta kennara fá efni ... velja hvaða leið hentar best.
- Í þessu samhengi, er gott að bragakennarar athugi hvort að nemendur þeirra búi á svæðinu eða séu með tengilið á svæðinu – það getur komið sér vel varðandi böll og fleira.
- ✓ Mjög vel gekk að hafa lokahátíð braga í síðasta bragatíma nemenda. Mentorar sáu um hátíðina og gekk hún mjög vel. Allir voru sammála um að þetta fyrirkomulag sé gott.
- ✓ Dagskrá nýnemabraga á haustönn er þéttskipuð og gott er að vera í góðu samskiptum við NFSU og taka tillit til þeirra. Einnig hvetur þetta NFSU til að hafa haustdagatalið tilbúið.
- ✓ Mikil ánægja var með þá ákvörðun að leyfa bragakennurum að halda sínum braganemendum út 4. önnina og vera til stuðnings og aðstoðar við val. Margir leita ennþá til sinna gömlu bragakennara með allskonar mál.
- ✓ Áfangamessa er frábær og hjálpar mikið til við valið. Planið er að virkja nemendur og kennara enn betur við valið.
- ✓ Fara vel yfir námsmat og skoða það hvaða kröfur eru gerðar til nemenda með opið vottorð (viðtal við kennara ...).

Þegar skipt er um bragastjóra, þá er mappa sem þarf að fara á milli þar sem gögnum hefur verið safnað sem gagnast vel og nýr stjóri bætir við. Þannig þróum við verkefnið með jákvæðum hætti og hver stjóri setur sitt mark á bragavinnu. Mappan er rafræn og er geymd hverju sinni hjá bragastjóra. Núverandi bragastýra mun deila möppunni rafrænt á sameiginlegt drif skólans.

### 2.1.5 Samfélagsgreinar

Kennslustjóri: Lárus Ágúst Bragason

<b>Sálfræði, listir og menning, kvikmyndasaga</b>	haustönn 2017	Vorönn 2018
Árni Blandon	SÁLF2IN05	SÁLF2IN05
	SÁLF3KV05	SÁLF1SD05
	LIME1IN05	SÁLF3PS05
	KVIK1KH05	KVIK2ÚK05
<b>Viðskiptagreinar</b>		
Ingunn Helgadóttir	VIÐS2SM05	LÖGF2LÖ05
	FRUM2AU03	

Pórey Hilmarsdóttir	BÓKF1BA05 HAGF2HA05 FRUM2AU03	BÓKF2BB05 HAGF3RE05 FRUM2AU03
Hugi		
Guðbjörg Grímsdóttir	HUGI2NÚ05	HUGI2NÚ05
<b>Saga</b>		
Lárus Bjarnason	SAGA2YA05 SAGA3SS05	SAGA2YA05 SAGA3SS05
Tómas	SAGA2IS05 SAGA3MS05	SAGA2IS05 SAGA3HS05 KÍNA2TS05
<b>Heimspeki</b>		
Ragnheiður Eiríksdóttir	HEIM2BY05 HEIM2SM05	HEIM2BY05 HEIM2FR05
<b>Félagsfræði og uppeldisfræði</b>		
Eyrún B. Magnúsdóttir	FÉLA2FL05 FÉLA3FL03 FÉLA3MP05	FÉLA2FL05 FÉLA3FL03 FÉLA2KR05
María Ben Ólafsdóttir	FÉL2BY05	UPPE2UM05

### **Sálfræði, Kvikmyndasaga, Listir og menning**

#### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

ÁB: Í sálfræðinni var á þessum vetri haldið áfram að bæta við þáttum úr Amerískri kennslubók í sálfræði sem kennd er í Háskólunum í Reykjavík. Tvö próf voru í sálfræðilegum hugtökum og textaskilningi á ensku. Í amerísku kennslubókinni er fjallað um kvikmyndina *Girl Interrupted* svo hún var sýnd í sálfræðilega kvikmyndaáfanganum, ásamt fleiri sálfræðilegum myndum, svo sem *Freud (Huston)*, *A Beautiful Mind* o.s.frv.

Í Inngangsáfanganum í sálfræði á vorönn flutti einn nemandinn búferlum til útlanda á miðri önn, en tókst þó að ljúka áfanganum m.a. með heimaprófum.

#### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

ÁB: Hið margreynda símat var notað áfram og gafst vel eins og alltaf, enda námsmatsaðferð framtíðarinnar. Kosturinn við símatið er að kennari situr sjálfur yfir í prófum en þarf ekki á herskara annarra kennara að halda til að sitja yfir eins og raunin er á í lokaprófum.

#### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

ÁB: Farið til Bayreuth og séðar þar tvær óperur Wagners, skrifað um það í Morgunblaðið. Farið til Berlínar á tvær Wagneróperur og skoðuð listasöfn þar. Farið á kvikmyndahátíð í Reykjavík (RIFF), 10 myndir skoðaðar. Farið á *Yerma* eftir Lorca í útsendingu breska

þjóðleikhússins (NT), séð í Bíó Paradís. Farið á beina útsendingu á *Töfraflatu Mozarts* í Kringlubíói (Metropolitan óperan í New York) og verkið einnig séð í Kaupmannahöfn (Köbenhavn) og svo frv.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

ÁB: Í sálfræði var hluti kennsluefnisins á ensku og útbúna glósur úr efninu. Á vorönn var nýr áfangi kenndur í sálfræði: Sálfræði daglegs lífs. Efnið var þróað í Kvennaskólanum.

Kennslubókin ber heiti áfangans. Í kennsluleiðbeiningum sem fylgja kennslubókinni er mælt með að sýna ýmsar kvikmyndir fyrir unglinga. Því miður eru gæði þeirra mynda ekki í háum staðli, svo farið var út í að sýna frekar sálfræðilegar gæðamyndir eins og *A Beautiful Mind*.

Hvort áfanginn verður kenndur aftur á eftir að koma í ljós, en heldur þunnildislegt er efnið í áfanganum, mikil áhersla á nútíttund og sjálfsskoðun sem er ágætt, en í heildina séð er áfanginn fremur hugsaður fyrir lýðháskóla en framhaldsskóla sem undirbýr nemendur m.a. fyrir háskólanám. Nemendur óskuðu þess í lokin að áfanginn yrði efnismeiri ef hann yrði kenndur aftur.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:**

ÁB: Koma upp tengslum við hátalara á göngunum, svo nemendur geti spila tónlist sem þeir hafi áhuga á að heyra í stað þess að fá lykla að öllum stofum skólans og skilja Salinn gjarnan eftir ólæstan, að ekki sé talað um tækjaherbergið. Fyrir nokkrum árum var dýrmætu tæki stolið úr tækjaherberginu enda hæg heimtökin ef viðkomandi kemst inn í tækjaherbergið: ekki þarf annað en að labba með tækin út um hliðardyrnar á salnum. Kennslustofur eiga að varðast af kennurum, ekki nemendum.

### **Viðskiptagreinar**

#### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

IH: Ekki var mikið um nýjungar í kennsluháttum á þessu skólaári. Áfangarnir voru kenndir með svipuðu sniði og áður. Á þessu skólaári kenndi ég í annað sinn með öðrum kennara. Það var í áföngunum ERGÓ1AA05, ERGÓ2BB05 og KÍNA. Samvinnan gekk mjög vel líkt og í fyrra. Í kína áfanganum kenndum við í sitthvoru lagi í 3 vikur í senn en í Ergó kenndum við saman hverja kennslustund. Þetta fyrirkomulag kom vel út að mínu mati.

ÞH: Á skólaárinu hef ég prófað mig áfram með leiðsagnarnám í samvinnu við aðra kennara. Hópurinn hefur fundað nokkuð reglulega og borið saman bækur sínar. Ekki er komin nægileg reynsla til að meta árangur.

#### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

IH: Á þessu skólaári var ég aðeins með símat í mínum áföngum. Ég tel að símat henti þessum áföngum best.

Lögfræðin var með svipuðu sniði og áður, byggt upp af mikilli verkefnavinnu og þremur símatsprófum. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og með mikilli verkefnavinnu eiga



nemendur auðveldara með að leysa prófin sem eru yfir önnina. Nemendur þurfa að mæta í öll próf og ná að meðaltali 4,5 úr þeim ásamt því að skila flest öllum verkefnum til að standast áfangann. Sama má segja um VIÐS2SM05- þar vinna nemendur nokkur lítil verkefni en einnig eru þeir að vinna í einu stóru hópverkefni alla önnina.

PH: Áfangarnir eru símatsáfangar.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

IH: Ekkert námskeið var á þessu ári hér heima en ég tók á móti tveimur stórum hópum af kennurum og nemendum frá Finnlandi, Spáni og Slóvakíu. Í þessum heimsóknum var farið víða. Einnig fór ég með hóp af nemendum í ENSKU2ER05 til London í námsferð.

PH: Í ágúst 2017 fór ég á námskeið ETI á Möltu; Creativity as Key Competence for the 21<sup>st</sup> Century Learner.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

PH: Ég legg til að 55 mínútna kennslustundir verði metnar sem 60 mínútur og þannig komið til móts við það að kennarar geta illa nýtt „fritíma“ milli kennslustunda. Þetta er í samræmi við ályktun fundar KFSu á skólaárinu.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

PH: Það þarf að setja skipurit skólans upp á skýrari hátt.

### **Hugarfar-- hugi**

#### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

GG: Það er einn leikjatómi á viku í þessum áfanga. Ég er áskrifandi að breskri síðu þar sem ég fæ sendan einn leik á viku. Þetta er alls kyns leikir sem snerta ýmsa fleti; leiklist, framsögn, tjáning, sköpun, sjálfsstyrking og fleira. Ég vel þá sem mér finnst skemmtilegir og henta því sem ég er að kenna hverju sinni. Það er því mikil nýjungagirni í þessum áfanga í leikjabransanum sem er afar skemmtilegt og hefur reynst vel. Leikur er frábært tæki til að fá nemendur til að fara út fyrir þægindarammann sinn, þjálfast og styrkja og svo margt fleira.

#### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

GG: Símat. Það hentar áfanganum vel.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

GG: Nei, ekki þetta skólaárið. Hef lesið fullt á netinu sem gagnast hefur í kennslu en ekki nein formleg námskeið verið sótt.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

GG: Gott að fá að hafa Huga í salnum tvo tíma í viku, annars vegar í leikjum og hins vegar í jóga. Það hefur gengið hingað til og ég vona að svo verði áfram.

## **Saga**

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

LB: Unnið áfram með leiðsagnarnám og verkefni sem krefjast sköpunar og rökhugsunar.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

LB: Símat og leiðsagnarnám.

## **Heimspeki**

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

RE sat fundi í leiðsagnarmatshóp skólans sem fundaði aðra hverja viku í vetur. Þar voru ræddar mismunandi kennsluáðferðir og hafði það áhrif á kennsluna.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

RE nýtti eitthvað af þeim aðferðum sem falla undir leiðsagnarmat sem rætt var um í leiðsagnarmatshópnum sem fundaði 2 í mánuði yfir veturinn. Í öllum heimspekiáföngum nema einum er símat og þar sem er lokapróf gildir það bara 30% af lokaekinn. Þessi leið hefur gefist vel og er planið að halda því áfram.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

RE sótti nokkur námskeið í tengslum við Erasmus+ verkefni sem hún tekur þátt í, m.a. um netöryggi og lýðræðislega kennsluhætti.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

RE: Í áfanganum HEIM2SM05 sem er um siðfræði og mannréttindi var tekin inn ný kennslubók sem heitir Hugskot. Hún virkaði mjög vel og þar var tekið á mörgum af þeim eldfimu málum sem hafa verið mikið í umræðunni hér á landi þennan vetur, s.s. metoo-byltingunni o.fl.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

RE: Næsta skólaár verður byrjunaráfangi í heimspeki kenndur sem fyrr en loks náðist í 3. þreps áfanga en það hefur ekki tekist í 2-3 ár og er það ánægjulegt.

## **Félagsfræði**

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

EBM: Í FÉLA2KR05 var alveg hætt að notast við glærur um leið og innsetning fer fram. Farið er yfir efnið, verkefni útskýrt og glærur settar inn á INNU. Nýja INNA var tekin upp á haustönn og nýtt til að minna nemendur á heimanám (byrjað á því á vorönn). Í FÉLA2FL05 hefur verið nýtt mikið af fræðsluefni líðandi stundar frekar en að leita í fræðibækur.

Fræðiefni nýtt til stuðnings. Unnið áfram að sjálfstæðri skapandi verkefnavinnu og efnis- og heimildakönnun. Ánægð og mun þróa áfram.

#### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

EBM: Símat. Sátt við það. 2 hlutapróf á önn í FÉLA2KR05. Verður tekið til endurskoðunar fyrir næstu önn.

#### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

EBM:Námskeið í notkun nýju INNU, tvisvar.

Þrískólafundurinn.

Samkennsla. Dr. Ingvar Sigurgeirsson.

#### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

EBM:Notast við mikið af fréttæfni og greinum af netinu tengt samfélagsefni líðandi stundar. Kennslubók nýtt í FÉLA2KR05 til stuðnings.

#### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

EBM:Vil leggja áherslu á að jafningjamat kennara sé nýtt innan deilda til að það nýtist sem best, nema hreinlega sé um að ræða samkennslu milli faga.

#### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

EBM: Biðja fyrirtæki og stofnanir að láta vita af sér ef heimsóknir nemenda eru velkomnar.

#### **Annað**

EBM: Það er leitt að sjá að kennarafundir hafa verið færðir aftur á föstudag. Það var ástæða fyrir því að þeir voru færðir þaðan.

### **2.1.6 Tungumál önnur en enska**

Kennslustjóri: Brynja Ingaóttir

Fagstjóri dönsku: Pelle Damby Carøe

	<b>haustönn</b>	<b>vorönn</b>
Hrefna Clausen (HC)	FRAN1AA05	FRAN1AA05
	FRAN1BB05	FRAN1BB05
	FRAN1CC05	FRAN1CC05
	FRAN2DD05	FRAN2DD05

Paola Ýr Daziani (PÝD)	SPÆN1AA05	
Sigursveinn Már Sigurðsson (SMS)	SPÆN1BB05	SPÆN1AA05
	SPÆN1CC05	SPÆN1BB05
Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir (GKS)		SPÆN1BB05
		SPÆN1CC05
		SPÆN2DD05
Brynja Ingadóttir (BI)	ÞÝSK1AA05	ÞÝSK1AA05
	ÞÝSK1BB05	ÞÝSK1BB05
	ÞÝSK1AX04	ÞÝSK1BX04
		ÞÝSK1CC05
		ÞÝSK2DD05

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

Undanfarnar annir hefur nemendum í tungumálum verið beint í auknum mæli að markvissri notkun kennsluforrita og ítarefnis á netinu. Svo hefur einnig verið á skólaárinu 2017-18 Tilgangurinn er að auka fjölbreytni í kennslunni og nýta hið gífurlega magn rafrænna gagna sem til er á netinu. Tungumálaforritin Duolingo og Quizlet hafa þar reynst best. Tilgangurinn með notkun þeirra er einnig að hvetja nemendur til að þjálfra tungumálið utan kennslustunda með gagnvirkari og fjölbreyttari námsaðferðum en áður. Flestir nemendur lýsa ánægju sinni með þessa nýbreytni sem þeir telja góða viðbót við hefðbundna nálgun í gegnum kennslubækur.

Í frönsku fengu nemendur að spreyta sig í gerð stuttmynda til að þjálfra og vinna á skapandi hátt með tungumálið. Einn nemandi í FRAN1AA tók þátt í stuttmyndakeppni á vegum Frönskukennarafélags Íslands. Það var ánægjulegt að geta gefið nemanda sem hefur sérstakan áhuga á listrænni kvikmyndagerð tækifæri til þess að sameina frönskunámið og áhugamál sitt.

SMS og GKS notuðu Quizlet, Kahoot og fleiri forrit til að hjálpa nemendum að læra orðaforða. Nemendur eru mjög ánægðir og þetta virðist skila sér í betri tileinkun orðaforða. GKS notaði einnig sagnbeygingaforritið conjugemos.com.

SMS vann með hlustun á annan hátt en áður. Í stað þess að allir nemendur hlusti á hlustunaræfingar á sama tíma með kennara eru nú hljóðskrár á Moodle/Innu og nemendur

hlusta sjálfir á þær í símanum sínum og vinna æfingarnar sjálfir. Þetta virkar vel, þar sem allir nemendur eru nú virkir og þeir geta nú hlustað eins oft og þeir þurfa.

GKS jók talþjálfun í valáfanganum í spænsku. Nemendur voru mjög jákvæðir gagnvart því og mörg hver náðu góðum tókum á spænskunni.

BI jók talþjálfun að einhverju marki í öllum áföngum í þýsku, sérstaklega þó í valáfanganum. Lýstu nemendur ánægju sinni með þessa breytingu. Umtalsverða aukningu mátti merkja á færni nemenda í tali í enda annar.

Í þýskukennslu notuðu nemendur smáforritið Quizlet. Þar gátu þeir lært orðaforða hvers kafla. Einnig notuðu nemendur smáforritið Duolingo, en það nýtist nemendum frekar sem ítarefni. Nemendur lýstu ánægju sinni með þessa auknu fjölbreytni í þýskunáminu.

Vegna smæðar nemendahópa í frönsku voru 3 áfangar; BB, CC og DD kenndir saman á haustönn og tveir; CC og DD vor kenndir saman á vorönn.

Á vorönn sátu nemendur í efstu þýskuáföngunum; CC og DD saman í tímum vegna smæðar hópanna. Samkenndsla sem þessi hefur bæði kosti og galla og kallar á mikið og gott skipulag ef vel á að ganga. Hún getur hvatt nemendur í CC-áfanga að bæta við sig valáfanganum og valdi einn þýskunemandi að taka báða áfangana samtímis. A.m.k. tveir nemendur hafa valið að taka báða þessa áfanga saman á haustönn.

Boðið var upp á þýskukennslu á starfsbraut skólaárið 2017 - 2018. Á haustönn stunduðu sex starfsbrautarnemendur þýskunám og fimm á vorönn. Sérstök áhersla var þar lögð á talþjálfun og líkaði nemendum það vel og náðu almennt góðum árangri.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Skriflegt lokapróf var felld niður á haustönn í FRAN1AA05 og gildi vinnueinkunn sem lokaeinkunn.

Í skylduáföngunum þremur í þýsku, frönsku og spænsku er skriflegt lokapróf í próftöflu sem gildir 50% af lokaeinkunn. Í spænsku gildir vinnueinkunn 50%.

Í frönsku gildir vinnueinkunn 30% og munnlegt próf 20%. Í þýsku er vinnueinkunn 25% á móti 75% lokaprófi sem samanstendur af 50% skriflegu lokaprófi, 15% munnlegu prófi og 10% hlustunarprófi. Í öllum þremur tungumálunum gildir að nemendur sem ná vinnueinkunninni 9 sleppa við skriflega lokaprófið. Í þýsku verða þeir þó að taka munnlega og skriflega prófið. Þetta hefur gefist nokkuð vel og er ágætis hvatning fyrir duglega nemendur sem vinna jafnt og vel alla önnina.

Í valáfanganum á 2. þrepi er hins vegar símat í öllum þremur tungumálunum. Þar taka nemendur próf jafnt og þétt yfir önnina og vinna smærri og stærri verkefni í öllum færnisþáttum.

SMS leggur fyrir áfangamat í Moodle þar sem nemendur tjá sig um skipulag áfangans, kröfur, vinnuálag og fleira.

Í þýsku skrifa nemendur í tveimur efri áföngunum lokamat um áfangann þar sem þeir fá tækifæri til að tjá sig um upplifun sína í áfanganum, þ.e. kennsluna, námsmatið, skipulag og fleira sem þeim liggur á hjarta.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Dagana 10. og 11. ágúst 2017 sótti BI námskeið hjá Endurmenntun HÍ um kennslu einhverfra.

Dagana 14. og 15. ágúst 2017 sótti BI námskeið í Borgarholstsskóla á vegum Félags þýskukennara og Goethe stofnunar. Þar var unnið með einstaklingsmiðað nám.

Þann 26.9. 2017 stóð Fagráð FSu fyrir fyrirlestri. Valdimar Svavarsson ráðgjafi og fyrirlesari fræddi kennara FSu og fékk þá til að leika sér.

Á alþjóðadegi kennara þann 5. okt. 2017 sótti BI auk fleirri kennara frá FSu ráðstefnu í Hörpu. Þar fjallaði dr. Zachary Walker um notkun snjalltækja í kennslu.

BI og SMS unnu í kennslu sinni í vetur sérstaklega með leiðsagnarnám. Um var að ræða samstarf tíu kennara í FSu sem hittust reglulega, sögðu frá reynslu sinni í notkun leiðsagnarnámsins og skiptust á hugmyndum og góðum ráðum. Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir leiddi samtstarfið.

### **Fundir og samráð:**

Áfangamestur, haust- og vorannar voru líflegar, litríkar og skemmtilegar. Þar voru frönsku-, spænsku- og þýskukennarar með sameiginlegt torg þar sem þeir kynntu kennslu þriðja tungumáls. Torgið var skreytt fánum, veggspjöldum, bókum, bæklingum og fleiru. Áttum við þar skemmtilegt samtal við nemendur.

Sviðs-, kennslu- og fagstjórar í FSu funduðu einu sinni saman á haustönn, en ekkert varð af fundi þeirra á vorönn og er það miður.

Kennarar þriðja tungumáls funduðu þrisvar á hvorri önn. Í sameiginlegu vinnurými tungumálakennara fer einnig fram talsverð fagleg umræða án formlegra funda.

Kennarar þriðja tungumáls áttu gott samtal á þrískólafundinum 1. feb. 2018. Þar var rætt um kennsluaðferðir, ýmiskonar námsmat, notkun snjalltækja í kennslu, viðtöl við nemendur og fleira.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

Spænskukennarar hafa nú lokið við að taka upp nýja útgáfu af fyrri kennslubók í öllum

áföngum. Það hefur gengið nokkuð vel. Spænskukennarar hafa hug á að skoða nýjar bækur fljótlega.

Á haustönn var tekin í notkun ný kennslubók í frönsku sem hefur verið notuð um tíma í nokkrum framhaldsskólum landsins. Bókin nýtist fyrir alla þrjá fyrstu áfangana. Kennslubókin eru þó bara einn hluti af námsgögnum áfanganna sem kennari styðst við. Reynslan sýnir að nemendur þjálfast betur í máltökunni með því að glíma við verkefni og æfingar sem kennari útfærir sjálfur og eru í takt við efnið sem unnið er með hverju sinni heldur en staðlaðar æfingar vinnubókarinnar.

Í þýsku gátu nemendur lært rafrænt í meira mæli en áður, t.d. með notkun smáforritanna Quizlet og Duolingo.

Nemendur í þýsku nota orðabækur eingöngu á rafrænu formi og eru duglegri en áður að fletta upp orðum því það er fljótlegra í símanum en að fletta í bók.

Á haustönn 2018 verður byrjað með nýtt kennsluefni í þýsku. Bækurnar sem eru í notkun hafa verið kenndar síðan 2011. Innleiðing nýja efnisins verður í samstarfi við þýskukennara í tveimur öðrum framhaldsskólum.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Mikilvægt er að vinna markvisst að innleiðingu Innu og gefa kennarahópnum tíma til að læra saman á nýtt náms- og kennsluumhverfi.

Mikilvægt er að kennarar fái vinnu sína við innleiðingu Innu metna inn í vinnumat eða sem endurmenntunarnámskeið sem nýtist inn í „80 stunda námskeiðin“.

Gera þarf hlutverk og störf kennslu- og fagstjóra skýrari. Auka þarf samstarf kennslu- og fagstjóra sín á milli og við sviðsstjóra og skólastjórnendur með það að markmiði að bæta starfshætti deilda og gæði skólastarfsins.

Kennarar þriðja tungumáls stefna að reglulegri samráðsfundum þar sem unnið verður með faglega þætti tungumálakennslunnar, s.s. fjölbreytilegar kennsluaðferðir, prófagerð, námsmat, virkni og framfarir nemenda og fleira.

Kennarar þriðja tungumáls ræddu á vorönn um stöðupróf og tóku ákvörðun um að bjóða upp á stöðupróf í sínum tungumálum þar sem þau eru ekki lengur í boði í MH. Varðandi stöðupróf er niðurstaða kennara í þriðja tungumáli eftirfarandi:

Nemandi sem sækir um stöðupróf

1. mætir í viðtal til kennara viðkomandi tungumáls og
  - a) segir frá kynnum sínum af tungumálinu og færir rök fyrir því að hann eigi að fá 5 – 15 einingar metnar.

b) segir frá sjálfum sér á viðkomandi tungumáli og frá veru sinni erlendis og sýnir með því færni sína í tungumálinu

2. tekur skriflegt próf í AA / BB / CC áfanga sem mælir færni hans í tungumálinu í málnotkun, lesskilningi og ritun. Kennari metur út frá samtalinu við nemandann og munnlegri færni hans í hvaða áfanga AA / BB / CC nemandi tekur skriflegt próf.

Út frá niðurstöðum þessara prófa metur viðkomandi kennari í samráði við fagstjóra / kennslustjóra hve margar einingar nemandinn fær metnar.

Aðeins verður hægt að fá skylduáfangana þrjá metna.

Lagt er til að stöðupróf verði í boði einu sinni á önn, t.d. fjórum vikum fyrir valdag.

Setja þarf vinnu kennara við stöðupróf inn í vinnmat.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Viðleitni skólayfirvalda til að bjóða áfram kennslu í þýsku og frönsku sem 3. tungumáli þrátt fyrir takmarkaða aðsókn er virðingarverð. Einsleitni í vali nemenda á tungumálaáföngum sem og öðrum áföngum skólans bjóða þeirri hættu heim að héðan útskrifist óþarflega einsleitur hópur fólks og það er ekki í anda þeirrar stefnu sem Fjölbrotaskóli Suðurlands hefur státað af til þessa.

Nú er verið að setja persónulegra yfirbragð á frönsku- og þýskustofur (312 og 212) og væri vissulega kærkomið ef kennsla frönsku og þýsku gæti áfram farið öll fram í þessum heimastofum.

Í frönsku- og þýskukennslu hefur U-uppröðun borða í heimastofum tíðkast og gefist vel. Æskilegt væri að stofurnar nýttust einnig öðrum greinum þar sem þessi uppröðun borða hentar kennslufyrirkomulaginu.

### **Annað**

Dagana 11. – 15. október fór HC ásamt 21 nemanda úr AA, BB, CC og DD áföngum í menningarferð til Parísar. Dvalið var á þægilegu og vel staðsettu farfuglaheimili í fjórar nætur. Farið var í skoðunarferðir um helstu kennileiti borgarinnar auk þess sem nemendur fengu frjálsan tíma. Ferðin heppnaðist vel og nemendur og kennari sammála um að hún hafi verið skemmtileg og fræðandi. Góður andi var í hópnum sem þjappaðist vel saman.

Í janúar fóru nemendur aftur í ferð og nú í tilefni þess að Franska sendiráðið á Íslandi bauð í bíó. Tuttugu nemendur frönskudeildar FSu gerðu úr þessu góða menningarferð til Reykjavíkur ásamt kennara.



Frönskustofan fékk svolitla andlitslyftingu á skólaárinu. Hengd voru upp verk nemenda ásamt innrömmuðum frönskum myndum og settar upp nýjar hillur. Leitað var í smiðju Ágústu Ragnarsdóttur myndlistarkennara um ráðgjöf enda myndlistarstofan orðlögð fyrir að vera mjög notaleg kennslustofa. Við þessar breytingar fékk frönskustofan heimilislegt og hlýlegt yfirbragð sem mæltist vel fyrir meðal nemenda og átti vonandi sinn þátt í að stuðla að jákvæðu andrúmslofti í kennslustundum.

Á vorönn 2018 bar meira á þunglyndi og kvíða hjá nemendum en áður.

Meiri fjarvistir nemenda sökum veðurs og veikinda höfðu áhrif á kennslu og þar með framvindu og árangur náms.

## **2.2 Svið: Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir og íþróttir**

**Sviðsstjóri: Kristín Runólfsdóttir**

### **2.2.1 Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir**

**Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir**

**Kennslustjóri: Ásdís Björg Ingvarsdóttir**

**Skýrsla: Sálfræði, Kvikmyndasaga, Listir og menning**

	<b>haustönn</b>	<b>vorönn</b>
Árni Blandon	LIME1IN05	
	KVIK1KH05	KVIK2ÚK05
Guðfinna Gunnarsdóttir	LEIK1AA05	LEIK1AA05
	LEIK2BB05	LEIK2BB05
	LEIK2CC05	

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

ÁB: Í inngangsáfanganum í kvikmyndasögunni á haustönn var farið í gegnum fjölda hugtaka í kvikmyndafræðum og tekin sýnidæmi um meistaralegar klippingar í *Psycho* (Hitchcock) og *Beitiskipinu Potemkin* (Eisenstein). Skoðuð var myndin *Visions of Light* sem fjallar um kvikmyndaökur. Auk þess sýndar sex heilar kvikmyndir m.a. *Grikkinn Zorba*. Í kvikmyndaáfanganum á vorönn voru sýndar myndir eins og *Deerhunter*, *Bowling for Columbine*, *The Meshes of the Afternoon* o.s.frv.

Í inngangsfanganum í Listum og menningu vildi svo til að einn nemandi þurfti að ljúka tveimur LIME áföngum svo hann varð að vinna á tvöföldum hraða. Helmingur annarinnar fór í að kynna fræðihugtök úr leikhúsheiminum og setja nemendur inn í sögu leiklistarinnar. Farið var í menningarferð í áfanganum, tvö listasöfn skoðuð og farið á leikritið *Kartöfluæturnar*.

GG - Nemendur í leiklist tóku í fyrsta sinn þátt í spunakeppni framhaldsskólanna Leiktu betur. Nemendur fóru í prufur hjá kennara og mynduðu 6 manna hóp sem æfði sig fyrir keppnina. Þeim gekk mjög vel og er leiklist fínn vettvangur til að æfa sig fyrir téða keppni. Einnig unnum við verkefni með nemendum í íslenskuáfanga í skapandi skrifum. Þar skrifuðu íslenskunemendur stuttverk sem leiklistarnemendur æfðu og settu upp. Komin er hefð á þetta samstarf sem gengur mjög vel. Sérstaklega var gott að vinna þetta samstarf núna þar sem áfangarnir voru báðir kenndir í sama stökk.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

ÁB - Hið margreynda símat var notað áfram og gafst vel eins og alltaf, enda námsmatsaðferð framtíðarinnar. Kosturinn við símatið er að kennari situr sjálfur yfir í prófum en þarf ekki á herskara annarra kennara að halda til að sitja yfir eins og raunin er á í lokaprófum.

GG – Símat.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

ÁB - Farið til Bayreuth og séðar þar tvær óperur Wagners, skrifað um það í Morgunblaðið. Farið til Berlínar á tvær Wagneróperur og skoðuð listasöfn þar. Farið á kvikmyndahátíð í Reykjavík (RIFF), 10 myndir skoðaðar. Farið á *Yerma* eftir Lorca í útsendingu breska Þjóðleikhússins (NT), séð í Bíó Paradís. Farið á beina útsendingu á *Töfraflatu Mozarts* í Kringlubíói (Metropolitan óperan í New York) og verkið einnig séð í Kaupmannahöfn (Köbenhavn) og svo frv.

GG - Sumarnámskeið í masterclass í leiklist hjá Þorsteini Bachmann í leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga að Reykjum í Hrótafirði í júní 2017.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

ÁB - Starfsáætlun hefur legið fyrir í nokkur ár.

GG - Að bjóða upp á sér áfanga á vorönn 2019 sem snýst eingöngu um þátttöku í Þjóðleik. (LEIK2PL05)

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

ÁB - Koma upp tengslum við hátalara á göngunum, svo nemendur geti spila tónlist sem þeir hafi áhuga á að heyra í stað þess að fá lykla að öllum stofum skólans og skilja salinn gjarnan eftir ólæstan, að ekki sé talað um tækjaherbergið. Fyrir nokkrum árum var dýrmætu tæki stolið úr tækjaherberginu enda hæg heimtökin ef viðkomandi kemst inn í tækjaherbergið:

ekki þarf annað en að labba með tækin út um hliðardyrnar á salnum. Kennslustofur eiga að varðast af kennurum, ekki nemendum.

### **Annað**

GG - Gerð var tilraun með að kenna leiklist á haustönn í Smiðjunni í Hamri – það hentaði ekki alveg, þar sem hópurinn, samtals 25 nemendur, var mjög stór. Smiðjan myndi ganga fyrir ca. 12 manna hóp, ekki meira en það. Salurinn er besti staðurinn til að kenna leiklist.

### **Myndlist**

	<b>haustönn</b>	<b>vorönn</b>
Ágústa Ragnarsdóttir	MYND2VL05	MYND2GM05
	MYND2TK0	MYND2TK05
	MYND1SX05	MYND1SX02
		MYND1SX05
		LHRMYND
Elísabet H. Harðardóttir	MYND2LF05	MYND2LF05
	MYND3ME05	MYND3TK05
	MYND1SX05	MYND1SX05
	MYND1SX02	

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

Það er alltaf eitthvað nýtt í myndlistinni, á því varð ekki breyting í ár.

Þrjú áfangar voru kenndir í fyrsta sinn, einn á öðru þrepi MYND2GM05 og tveir á því þriðja, MYND3ME05 (undanfarar MYND2TK05 og MYND2LF05) og MYND3TK05 (undanfari MYND2TK05).

MYND2GM05 (Grafísk miðlun). Kenndur grunnur í og unnið með þrjú helstu teikni-, myndvinnslu- og umbrotsforrit í grafíska geiranum. Nemendur kynnast grafískri miðlun og framsetningu efnis fyrir prent-, net- og skjámiðla. Áhersla er m.a. á prentsmíði, leturfræði og grafíska hönnun, umbrot, textameðferð, stafræna uppbyggingu mynda og litstýringu.

MYND3ME05 (Maður og efni). Hér er mannlíkaminn meginviðfangsefnið, vítt og breytt og frá öllum hliðum. Mikil áhersla í fyrstu á skissuvinnu í módelteikningu og anatómíu, hlutföll líkamans grandskoðuð og einstakir líkamspartar, stellingar og hreyfingar. Seinni part áfangans eru unnið áfram með skissur úr fyrri hluta hans og eru þá notuð mismunandi efni til túlkunar s.s. leir, vatnslitir, akrýl o.fl. Listasagan fléttast inn í endanlegar útkomur.

MYND3TK05 (Teikning framhald). Farið dýpra í fjarvídd og þjálfun formskilnings með fríhendisteikningum af hlutum og lífrænum formum. Kynntar og þjálfaðar blindteikningar mannamynda svo og hlutföll í mannlíkamanum. Gerður samanburður á myndbyggingu út frá raunsæi, abstrakt og súrrealisma og lögð áhersla á fríhendisteikningu og skissugerð.

Eldri áfangar eru í sífelldri endurskoðun.

Í MYND2LF05 var tekin upp meiri stýring á verkefnum og innleidd frekari hugtakanotkun til þess að freista þess að auka skilning nemenda á verkefnum. Það skilaði sér að einhverju leiti en verður að útfærast enn frekar.

MYND2TK05 var keyrður óbreyttur í gegn enda voru gerðar heilmikilar breytingar á honum kennsluárið þar á undan sem höfðu gefist vel. Örlitla breytingar standa til fyrir næsta kennsluár til að fínþússa þær breytingar og fylgja eftir.

MYND2VL05 og MYND3VL05 voru með öðru móti en áður. Nú var málað á risafleka innanhúss, hver nemandi um einn fleka. Skapaðist þessi aðstaða þar sem ekki var aðgangur að neinum vegg. Þetta varð til þess að myndir gátu verið mun nákvæmari og fínlegri þar sem veðurfar spilaði ekkert inn í vinnuaðstæður. Það var kostur. En að sama skapa alls ekki sama upplifun eins og að vera á vegg. Afraksturinn var svo hengdur upp á grindverk við Húsasmiðjuna og Blómaval á Selfossi og naut sín þar ágætlega en skemmdust vissulega fljótt þar sem ekki var unnið út frá því í byrjun að hægt yrði að sína myndirnar utanhúss til lengri tíma. Næst verður veggjalist í boði haustið 2019. Þá er ljóst að veggurinn langi, þar sem ævintýrið byrjaði á sínum tíma, verður endurnýjaður.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Í öllum áföngum er notast við leiðsagnarmat og símat. Kennari gefur endurgjöf og ráðleggingar á meðan verk er unnið. Þá skráir kennari árangur jafnóðum að verkefnum loknum inn í Moodle og/eða excel þar sem nemendur hafa strax aðgang að einkunnum sínum eða afhendir nemendum einkunnir beint. Nemendur vita frá upphafi fjölda, vægi og tímaramma verkefna. Ekki er bara endanlegt verk sem liggur til mats, heldur einnig vegferðin. Ekkert hefðbundið próf.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

EHH - Janúar 2018 tók Lísu á móti Bente Stamp myndlistarkennara á Engelsholm lýðháskóla í Danmörku og var með hana hér í tæpa viku.

ÁR - Nóvember 2017, þriggja daga FABLAB námskeið í Vestmannaeyjum.

Mars 2018, 90 mín. fyrirlestur í máli og myndum fyrir um 20 konur í Delta-Kappa-Gamma sem er félag kvenna í fræðslustörfum. Þetta fór fram í myndlistarstofu FSu. Fyrst var fjallað heilt yfir um myndlistarkennslu í FSu en einblínt síðan fyrst og fremst á myndlistarkennslu á starfsbraut og ýmsar nálganir þar.

EHH og ÁR - Heilmikil vinna og nám fólst að venju í því að vinna í fyrsta sinn í bæði nýjum og breyttum áföngum. Lísa kenndi t.d. tvo splunkunýja þriggja þrepa áfanga og Ágústa í fyrsta sinn nýjan áfanga í grafískri miðlun.

Þær stöllum hafa unnið að sameiginlegu verkefni sem er sprottið upp og orðið til beint vegna myndlistarkennslu þeirra í FSu, verkefni sem þær nota til að sýna nemendum sínum. Því hefur vaxið svo fiskur um hrygg að í mars 2018 sóttu þær um styrk til Uppbyggingarsjóðs Suðurlands hjá SASS til þess að halda sýningar. Þær hlutu styrkinn og verða haldnar sýningar nk. haust a.m.k. á Selfossi og í Þorlákshöfn.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

Engar kennslubækur, en nýjar eða bættar glærur og kennslublöð í öllum áföngum.

FSu myndlist á Facebook er orðið gríðarlega mikilvægt kennslugagn eftir því sem fleiri gögn hlaðast þar inn frá önn til annar. Kennarar halda einnig áfram að vera með sameiginleg gögn á Google-drive, s.s. glærur, myndasöfn og fl. sem hægt er að sækja í. Sífellt er bætt þar við efni.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Viðhalda áfram sýnileika myndlistardeildar í skólanum með þéttu sýningarhaldi af verkum nemenda og innsetningum sem og áherslu á þann möguleika sem hin nýja námskrá býður upp hvað varðar listnám til framtíðar. Vinna enn frekar í þróun hinnar nýju listalínu, gæta þess sérstaklega að 3. þreps áfangar falli ekki niður vegna fámennis (annars lifir deildin ekki ef ekki er hægt að dýpka hlutina), skoða af fullri alvöru nýjan skylduáfanga, svokallaðan lokaáfanga, á listalínu til stúdentsprófs.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

1. Stækka vaskaaðstöðu inni í myndlistarstofu, fá stóran og djúpan álvask (oft verið nefnt áður). Mundi muna gríðarmiklu fyrir alla þrifaðstöðu og bæta að öllum líkindum umgengni um efni og áhöld.
2. Fá funkerandi heitt vatn í kranana.
3. Fá nokkur lítil ljósaborð (við erum með myndir af tillögum, hægt mögulega að fá Hamarsliða til að útbúa).
4. Fá lítinn prentara og einfalda ljósritunarvél (A3) í myndlistarstofuna, en mikil hlaup er alla daga niður á Skúlaskeið.

## Kór

	haustönn	vorönn
Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir	(Í fæðingarorlofi)	KÓRA1AA02
Kristjana Hrund Bárðardóttir	KÓRA1AA02	
Örlygur Atli Guðmundsson	KÓRA1AA02	KÓRA1AA02

## Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Svipaðir kennsluhættir og áður hafa tíðkast.

## Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Nemendur fá tvær einingar fyrir áfangann. Fá aukaeiningu fyrir að mæta á tónleika/útskrift kórsins. (Athuga þarf þetta fyrirkomulag).

## Námskeið sem kennarar hafa sótt

ÖAG - sinni öðrum kórstörfum.

## Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Ýmis ný lög æfð í bland við gömul.

## Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Gera áfangann sýnilegri og aðgengilegri fyrir nýnema að velja, þannig að kórinn fengi strax inn fólk á haustin/í byrjun annar, að ekki þyrfti að smala í kórinn á hverri önn.

Virkja mætti betur þá nemendur sem eru ekki sérstaklega virkir í starfi kórsins, athuga mætti með verkskiptingu, að ALLIR þyrftu að taka þátt í viðburðum og uppákomum kórsins.

Í fyrra var lagt upp með það að skyldumæting ætti að vera á stærri viðburði, ef fólk ætlar að fá einingu fyrir að vera í kórnum. Það hefur reynst mjög erfitt að fá allan kórinn til að mæta t.d. til að syngja við útskrift. Liðinn er um mánuður frá síðustu kóræfingu þar til að útskrift er og stór partur er farinn „heim til sín“ og/eða út á land að vinna. Ekki kannski hentugt að nota útskriftina sem mælistiku á vinnu kórmeðlima.

Æfingartíminn er í stysta lagi, 55 mínútur er helst til of lítið fyrir kóræfingar.

GKS aðstoðar nýjan umsjónarmann að komast inn í starfið í haust þar sem hún fer í fæðingarorlof í haust.

## Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Stilling á flyglinum.

Skápar undir kórmöppur í hliðargeymslunni í salnum (stofu 106).

## **Annað**

Kórinn heldur áfram að vera opinn fyrir fyrrum meðlimi kórsins. Fyrirhugað er að fara í kórferðalag til útlanda í apríl 2019.

## **Hönnun (Textíl)**

	<b>haustönn</b>	<b>vorönn</b>
Helga Jóhannesdóttir	HÖNN3FH05	HÖNN2FH05
	FATN1SX05	FATN1SX05
Brynja Ingadóttir	FATN1SX05	

## **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

Innlögn á mánudögum og "fyrstur kemur, fyrstur fær aðferðin" hina dagana gengur mjög vel með HÖNN-hópnum.

Þróun á leiðsagnarmati eða einskonar sjálfsmatsmati með nemendum virkar vel - eigin ábyrgð á verkefnaskilum skilar sér hjá þeim sem stunda námið í raun.

Fjöldi "Opinna vottorða" dragbýtur á hópsálina.

Greiningar hjá FATN nemendum hefðu þurft að koma fyrir fram - HJ muna að sækjast eftir þeim fyrir á önninni.

## **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Sjálfsmat - leiðsagnarmat: Sameiginlegt excel-matskjal hópsins er yfirfarið í innlögn um námsmat á ca 3ja vikna fresti. Virkar hvetjandi og allir jákvæðir fyrir þessum óbeina "tékklista".

## **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

HJ - FATEX námskeið í þrjónahönnun, Húsmæðraskólanum í Reykjavík, 31.júlí til 3.ágúst 2017

## **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

Kynning á forritinu Inkscape fyrir alla nemendur í HÖNN og FATN áföngum. Markmiðið var að kynna Fablab verkstæði í Hamri, sem verður vígt haustið 2018. Sjálfstætt hönnunarverkefni - að hanna nytjahlut út frá stærðinni A4 blað - var lagt fyrir alla nemendur, með verklegrri kynningu á möguleikum Fablab á Íslandi - byggt á 3 x námskeiðum kennara í Fablab undanfarin misseri.

Inkscape er ókeyis teikniforrit á netinu sem Fablab notast mikið við.

## **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Að viðhalda mikilvægu námsframboði á breyttum tímum - viðhalda þekkingu - þróa áfram kynningar á handverki og hönnun.

### Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Að gera námsframboð "jaðargreina" í Fjölbautaskóla allra Sunnlendinga myndrænna og augljósara fyrir nýnema og eldri nemendur. Koma í veg fyrir að gamlar hefðir slátri öðrum nýtsamlegum greinum en bóklegum greinum, þrátt fyrir styttingu náms og efnislegum takmörkunum, þ.e. fjármagni.

### Annað

Að mynda rými fyrir þverfaglega vinnu, t.d. að tengja ný sóknarfæri sem myndast með Fablab smiðjunni við handverksdeild eins og t.d. handverk og hönnun.

### Matvælagreinar

	haustönn	vorönn
Guðríður Egilsdóttir	MATR1VB05	MATR1VB05
	ERGO1AA05	ERGO1BB05
Jórunn S. Birgisdóttir	MATR1VB05	MATR1VB05
	MATR1SO05	MATR1SO05
		BAKA1SO02

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

JB - set öll verkefni, fræðslu og uppskriftir inn á lokaðan hóp á Facebook, það virkar mjög vel. Nemendur hafa alltaf aðgang að námsefninu, sem kemur þeim að gagni þó að þau séu hætt hjá mér.

### Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

JB - Leiðsagnarmat. Símat er í hverjum tíma og eins er gefið fyrir bókleg verkefni sem lagt er fyrir nemendur. Sjálfsmat hjá nemendum sem kemur vel út. Það eru ekki lokapróf í matreiðslu.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt

JB - Leiðsagnarmatsnotkun í kennslu.

Fræðslufundur um áhrif matar á meltingarveginn og örveruflóruna.

Fyrirlestrar og fræðsla hér í Fsú.

Efni á veraldarvefnum og myndbönd af youtube.

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

JB - Uppskriftagerð og eins betrubætt uppskriftir.



### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

JB - Starfsáætlun er sú sama fyrir næsta skólaár.

### Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

JB - Í fljótu bragði er ekkert sem ég tel að þurfi að laga sem snýr að matreiðslu.

### Annað

Gurrý fór í veikindaleyfi á báðum önnum og tók þá Ægir við Ergótímum og Jórunn tók við matvælagreinum.

### Íþróttir

	haustönn	vorönn
Ásdís Björg Ingvarsdóttir	AFRE2NÆ05	ÍPRÓ1PH03
	ÍPRÓ1PH03	ÍPRÓ2PL03
	ÍPRÓ1PX02	ÍPRÓ2PR02
	ÍPRÓ3JF02	ÍPRÓ1PX02
Magnús Tryggvason	ÍPRÓ1PH03	ÍPRÓ2PL03
	ÍPRÓ2BA02	
	ÍPRÓ1GX02	
Ragnheiður Eiríksdóttir	ÍPRÓ2JÓ02	ÍPRÓ2JÓ02
Sverrir Geir Ingibjartsson	ÍFR2PJ05	ÍFR2SS05
	ÍGR3BL03	ÍGR3KÖ03
	ÍPRÓ2PL03	ÍPRÓ1PH03
	ÍPRÓ2PR02	ÍPRÓ2BA02
	ÍPRÓ2KN02	ÍST3AÐ03
	ÍPRÓ2BA02	
	ÍPRÓ2ÚF02	
	ÍPRÓ3JF03	
	ÍST3AÐ03	

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

Nýr áfangi ÍRÞÓ2ÞR02 var kenndur á skólaárinu. Um er að ræða íþróttaáfanga í þreksal skólans. Þar geta nemendur fengið aðstoð frá kennara við að útbúa sína æfingaáætlun eða æft eftir sinni áætlun í kennslutímum. Þessi áfangi virðist ætla að verða vinsæll enda hentar hann bæði þeim sem hafa lítinn áhuga á hefðbundnum íþróttagreinum en líka þeim sem æfa mikið og vilja taka styrktaræfingu á skólatíma.

Breytingar á íþróttalínu, þ.e. að fækka en um leið stækka íþróttafræðiafanga sem taka þarf til stúdentsprófs, virðist ætla að gefa góða raun. Líklegt er að fleiri nemendur klári íþróttalínuna í stað þess að útskrifast af opinni línu.

Annars eru kennsluhættir í stöðugri mótun.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Í verklegum íþróttum er eingöngu um símat að ræða. Þar gildir mæting 40-70%, mest í fjallgönguáföngunum sem kenndir eru fyrir utan stundatöflu.

Í bóklegu íþróttunum er einnig um símat að ræða nema þar er endað á litlu lokaprófi í síðasta kennslutíma annarinnar. Lokaprófið gildir 30% af lokaeinkunn.

Í jóga er námsmatið vel heppnað. Mæting gildir 50% og verkefni 50%.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

SGI – „Snemmbær afreksþjálfun barna“ hjá ÍBR og ÍSÍ.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

Við fögnum þeim úrbótum sem gerðar hafa verið á æfingatækjum og aðstöðu í þreksalnum í lðu. Ný hlaupabretti, róðravél og þrekhljól bættust í safnið og koma þessi áhöld sér vel, stytta biðraðir og auka möguleika á fjölbreytni í æfingum. Auk þess voru keypt ýmis smærri áhöld til íþróttakennslu. Aðstaðan í lðu er orðin virkilega góð og eru nemendur duglegir að nýta sér hana. Síðan verður spennandi að taka á móti handboltafólki næsta vetur með tilheyrandi klístri.

Í AFRE2NÆ05 þurftu nemendur að eiga bókina Góð næring – betri árangur eftir Fríðu Rún Þórðardóttur, ásamt efni frá kennara sem mest megnis er fundið á veraldarvefnum.

Smávægilegar tilraunir voru gerðar á að blanda meira leiðsagnarnámi inn í kennsluna, gekk það ágætlega og verður áframhald á því í litlum en góðum skrefum.

Engin kennslubók er í jóga en kennari er stöðugt að bæta inn á Moodle áhugaverðu efni.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Íþróttakennarar fagna þeirri hugmynd að fjölga íþróttaáföngum í kjarna. Vonum við að það verði raunin strax á næstu önn.

Á næstu önn er hugmyndin að leggja vinnubókinni í ÍPRÓ1ÞH03 og búa þess í stað til verkefni tengd efninu. Er þetta hugsað til að koma betur til móts við nemendur og gera námið

áhugaverðara.

Eftir fyrirlestur á starfsdegi þá fengum við þá hugmynd að vera með teymiskennslu í verklegum íþróttum. Það krefst smá undirbúnings og samstarfsvilja frá áfangastjóra í stundatöflugerð. Hugmynd okkar er að samkeyra tvo íþróttahópa í verklegum tímum þ.e. tveir hópar í sama stokk í íþróttasal. Sjáum við fyrir okkur að það opni möguleikann á meiri sveigjanleika fyrir nemendur í verklegum tímum og að kennarar geti komið betur á móts við þarfir nemenda. Tillaga okkar er að reyna þetta með einhverja hópa í ÍPRÓ2PL03 á vorönn 2019.

### Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Nýja stóla við borðin í stofu 1 í lðu (og án efa í öðrum stofum skólans).

Baklausan stól/koll inn í vinnuáðstöðu kennara.

### Annað

Það er vitað að margir nemendur framhaldsskóla hreyfa sig allt of lítið. Aukin skjánotkun, almenn bílaeign o.fl. hefur þau áhrif að framhaldsskólanemar sem ekki æfa íþróttir hreyfa sig enn minna en áður. Skólaíþróttir eru þá oft einu tilfelli sem nemendur nota til líkamsræktar. Við hljótum að vilja sporna við þeirri þróun og fá fólk til að hreyfa sig meira. Íþróttakennarar fagna því þeirri hugmynd að fjölga íþróttaráföngum í kjarna, úr 8 í 10 einingar. Vonum við að það verði ekki bara hugmynd heldur raunin, strax á næstu önn.

Það er mjög mikilvægt að jóga fái að vera áfram í rólegu umhverfi og hentar st. 106 mjög vel. Því óskar kennari eftir að fá að vera þar áfram.

## 2.2.2 Hestagreinar

Fagstjóri: Sissel Tveten

	haustönn	vorönn
Sissel Tveten		REIM3PK05 HEST2KF04 REIM2KF05 VINU2FH02 VINH2FH10
Arnar Bjarki Sigurðsson	HEST2GP05 REIM2GP05 HEST3GP04 REIM3PG05	VINU2FH02 VINH2FH10 REIM3PK05 HEST1GF05 REIM1GF05 LOKH3HB03

		VINH2FH10
		VINH3SH10
Sigurður Torfi Sigurðsson	FÓHE2HU03	FÓHE3AU03
		FÓHE1GR03
		LOKH3HB03
Freyja Hilmarsdóttir	REIM3PG05	REIM1GF05
	REIM1GR05	REIM2KF05
		VINU2FH02
		VINH2FH10
Áslaug Fjóra	HEST1GR05	LEIH2HE04
Guðmundsdóttir	REIM1GR05	

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

Aukið samstarf/samnýting milli þrepa, grunnskóla og við hestamannafélagið Sleipni. Í vetur störfuðu nemendur á 3. ári í nokkur skipti sem aðstoðarkennarar við reiðnámskeið Sleipnis. Þessi nemendur settu einnig upp sætisæfingar á skólahestum FSu fyrir grunnskólanemendur og leiðbeindu þeim undir handleiðslu reiðkennara. Þetta var liður í áfanganum LEIH2HE04 og heppnast mjög vel auk þess að vera lærdómsríkt og skemmtilegt fyrir alla aðila. Þetta hefur einnig verið góð kynning á okkar námi fyrir væntanlega nemendur.

Önnur nýbreytni var að við fengum nema frá reiðkennslubraut Háskólans á Hólum sem gestakennara (einn af fyrrverandi nemendum okkar), en það var einn liður í æfingakennslu hjá þeim. Okkur fannst þetta heppnast vel og í leiðinni góð kynning fyrir okkar nemendur á háskólanáminu á Hólum.

Við höfum lagt okkur mikið fram í að tengja betur bóklega og verklega kennslu í reiðmennsku og teljum það hafa tekist vel.

Annað sem má nefna er að á vorönn var öll bókleg kennsla í sömu kennslustofum (Hamri 3 og Hamri 4) þannig að samgangur milli nemenda og kennara var mun meiri en hefur verið undanfarin ár. Þetta var jákvætt fyrir alla aðila og við mælum með að þessu fyrirkomulagi verði komið á til framtíðar og þessar kennslustofur verði einskonar heimastofur hestabrautarinnar.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Allir áfangar á hestabraut eru símats áfangar sem er að okkar mati besta leiðin til þess að meta færni nemandans og árangur á önninni.

Í reiðmennskuáfangum finnst okkur sérstaklega mikilvægt að forðast stressandi og stór lokapróf sem vega hátt í heildareinkunn. Það hefur verið reynsla okkar að nemendum líði illa eða séu kvíðnir fyrir þess konar prófum en stress getur truflað mjög mikið þegar nemandin þarf að eiga samskipti við aðra lifandi veru í verkefni.

Með því að hafa mörg próf og verkefni á önn finnst okkur að stress og neikvæð spenna minnki þar sem það er lægra vægi á hvert próf/verkefni fyrir sig.

Okkur finnst einnig jákvætt að nemandinn „venjist“ eða fái æfingu í að koma oft fram og verður þar af leiðandi farinn að geta sýnt hvað hann getur þrátt fyrir smá spennu og þróar með sér leiðir sem virka til þess að róa hugann og halda einbeitingu.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Á haustönn tók skólinn þátt í að halda sýnikennslu fyrir kennara og nemendur hestabrautar. Það kom til okkar heimsfrægur hestabjálfa sem heitir því skemmtilega nafni Robyn Hood. Hún kennir aðferð sem er kölluð „tellington touch“, sem má segja að sé óhefðbundin bjálfunaraðferð sem margir knapar á heimsmælikvarða nýta í sinni bjálfun, t.d. í dressúr. Okkur fannst sjálfsagt að fræðast um þessa aðferð þegar þessi kennari var á landinu og að við fengum mest út úr því með sýnikennslu hjá Robyn fyrir bæði kennara og nemendur. Kennarar á hestabraut er ávallt að mennta sig og sækja námskeið í hefðbundnum og óhefðbundnum aðferðum innan fagsins. Þetta er allt að eiginn frumkvæði og kostnaði. Á þessari önn var haldin alþjóðleg kennslu ráðstefna FEIF á Hólum, og einungis einn kennari frá okkur tók þátt. Við ræddum það eftir á og viljum ræða það við skólayfirvöld, að það ættu alltaf nokkrir reiðkennara skólans að fara á þessar FEIF ráðstefnur á vegum skólans.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

Við skráðum nýja bók á bókalista fyrir um ári síðan „Dictionary of eqine terms“ bók sem útskýrir hugtök og orð tengd faginu. Hún er á ensku og nýtist vel þegar nemendur eru að vinna úr ensku efni. Við ætlum að láta nemendur kaupa þessa bók, en höfum komist að því að hún er aðeins of sérhæfð. Það er einnig erfitt að finna hana til kaups en búið er að fá eintak sem til er á bókasafni skólans.

Það er sennilega nægilegt að hafa hana aðgengilega á bókasafninu og að kennarar eigi eintak sem nemendur geta nýtt sér í tíma.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Eins og staðan er í dag verða engar stórar breytingar á næstu ári. Kennarar munu kenna sömu áfanga ef þátttaka næst.

Ef við finnum leið viljum við gera tilraunir með að taka ótamin tryppi inn í kennsluna á 1. stigi. Við munum samt sem áður kenna eins og áður, en fá raunverulegri verkefni.

Við vorum að fá styrk frá Þróunarsjóði námsgagna til þess að skrifa handrit að kennsluefni á 1. þrep í hestamennsku. Við sjáum fyrir okkur að klára að skrifa/vinna úr efni kennara að mestu leiti í sumar og að þróa þetta samhliða kennslu á næstu önn.

Draumur okkar er að gefa þetta út í rafrænu formi, en það mun koma í ljós í haust hvort sá

möguleiki sé fyrir hendi.

Við þurfum að huga að því að markaðssetja brautina betur, það væri gott að hafa stærri hópa í upphafi til að veita upp á móti brottfalli.

Við upplifum það þannig að við höfum gott orð á okkur út á við, en að við þurfum að vera sýnilegri. Kennarar hafa verið að taka þessa markaðssetningu að sér og gert það í

sjálfboðastarfi. Við leggjum til að auka fjárveiting verði sett í markaðsstarf fyrir brautina.

Nemendur á 3. ári voru með flott sýningaratriði á stóru Suðurlandssýningunni í vetur og held ég að það sé mikilvægt að stefna á það aftur á næsta ári. Við getum notað 3. árs nemendur okkar sem auglýsingu fyrir brautina. Við höfum einnig velt fyrir okkur leið til þess að virkja nemendur í að vera virkari á samfélagsmiðlum fyrir hönd Hestabrautar.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Kennurum og nemendum finnst tímarnir sem eru kenndir í reiðhöll Sleipnis á Selfossi „tætungslegir“. Það er engin aðstaða til að hittast og safnast saman fyrir tíma, nemendur sækja hestana sína í hús hér og þar í hverfinu og hafa mjög lítinn tíma til að koma sér að reiðhöllinni.

Hugmyndin var að nemendur gætu riðið tvö og tvö saman og restin af hópnum mundi fylgjast með, en aðstaðan til að geyma hestana í reiðhöllinn er slysigildra og nemendur þurfa að standa við hliðina á vellinum og halda í hesta sína þegar þau eru ekki á baki. Við höfum rætt þetta mikið okkar á milli og viljum ræða það við skólayfirvöld hvort það er hægt að finna betri lausn eða úrbætur á þessu vandamáli.

Við þurfum að huga að því að markaðssetja brautina betur og vonum að skólinn geti beitt sér í því með okkur.

### **Annað**

Gott væri að koma á fundi eða lítilli ráðstefnu þar sem helstu hagsmunaaðilar hestabrautarinnar ræða framtíð og stefnu brautarinnar. Þessi fundur yrði liður í markvissari þróun brautarinnar og í leiðinni úttekt á því starfi sem hér hefur verið unnið. Þetta gæti orðið vísir að einskona fagraði fyrir hestabrautir á framhaldsskólastigi og betri tenging við greinina í heild sinni.

Þetta væru fulltrúar frá skólanum sem kæmu bæði úr röðum kennara á hestabraut og stjórnenda, fulltrúar frá helstu félagsamtökum þ.e. LH, FT, FHB, JÍ, DÍ og e.t.v. fleiri og fulltrúar frá landbúnaðarháskólunum.

## **2.2.3 Raungreinar**

**Kennslustjóri: Ronald B. Guðnason**

	<b>haustönn</b>	<b>vorönn</b>
Ronald Björn Guðnason	EDLI2AE05	EDLI2AE05

	EÐLI1MG03	EÐLI3VB05
		STJÖ2AS05
		EÐLI1XAS02
Ólafur Einarsson	JARÐ2JÍ05	JARÐ2JÍ05
	LÍFF2LN05	LÍFF3DY05
	LÍFF3ÖR05	LÍFF2LN05
	UMHV2UM05	LÍFE2LN05
Jón Grétar Hafsteinsson	EFNA2AA05	EFNA2AA05
	EFNA2BB05	EFNA3BB05
	RAUN2LÍ05	NÆRI2AA05
Úlfur Björnsson	LAND2EL05	LAND2EL05
		RAUN2EE05

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

Engar nýjungar.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Lokapróf í NÆRI2AA05, EÐLI2AE05, EÐLI3VB05, EFNA2AE05 og í LÍFE2LN05 en símat í EÐLI1MG03, STJÖ2AS05, JARÐ2JÍ05 og LAND2EL05.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Ronald tók þátt í erasmus+ námskeiði í Portúgal um notkun spjaldtölva í kennslustofunni.

Mikið af þeirri þekkingu nýttist strax í kennslu. Einnig tók hann þátt í evrópsku samstarfsverkefni með heimsóknum annarra kennara og nemenda hingað og síðan ferðalagi til Spánar í apríl 2018. Ólafur sótti vistfræðiráðstefnu 16. mars 2018.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

Engar nýjar bækur voru notaðar, en kennslugögn í stjörnufræði voru uppfærð samkvæmt nýjum uppgötvunum og nýjustu þekkingu. Engar almennilegar kennslubækur eru til á íslensku í LÍFF3ÖR05, UMHV2UM05 og LÍFF3DY05. Útgáfa kennslubóka fyrir náttúrufræðigreinar er engin.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Prófatími eins og hann hefur verið og er áætlaður er alltof stuttur, enn fremur er óæskilegt

að nemendur þurfi að fara í tvö próf sama dag. Það er álag og vinna að fara í próf og það tekur tíma að jafna sig eftir hvert próf fyrir flesta nemendur. Það ætti því bara að vera eitt próf á dag. Óformleg athugun sýnir það að nemendur sem fara í tvö próf sama dag fá lakari einkunn en aðrir og dæmi er um að nemendur falli jafnvel í báðum þeim prófum sem þeir taka sama dag. Það ætti að vera metnaður skólayfirvalda að hlúa að nemandanum í prófatíma eins og á öðrum tímum.

Ronald ætlar að halda áfram að miða kennslu á næsta ári meira við nýjustu þekkingu í vísindum.

Í verklegum tímum í raungreinum eins og líffræði er ómögulegt að hafa stóra hópa og það er út í hött að miða við að hópastærð sé yfir 15 nemendur (tólf er æskileg hámarksstærð á hóp), kennari nær ekki að sinna stærri hóp í verklegu. Í verklegri er hópunum núna skipt upp ef hópastærð er yfir 12. Þá er annar hluti hóps í verklegu og hinn hlutinn í verkefnum. Við þannig aðstæður næst ekki að sinna þeim sem eru í verkefnum, þar sem einungis er hægt að aðstoða og leiðbeina þeim sem eru í verklegu, hinir nemendurnir eru því afskiptir. Þetta leiðir einnig til þess að hægt er að fara yfir minna námsefni.

### **Annað**

Úlfur er að hætta störfum nú í vor og munum við sakna hans sárlega.

Í lífeðlisfræði var áfram notast við rafbók. Nú sem fyrr voru vandræði vegna niðurhals á bókinni. Þessa önnina reyndist ekki hægt að hlaða bókinni niður af netinu og þurfti að útvega hana beint frá höfundu á PDF-formi og rukka sjálf inn greiðslur fyrir bókinni! Þetta er búið að vera vesen með rafbókina öll árin sem hún hefur verið notuð.

Það er mikil vinna að byrja með nýja áfanga, nýja kennslubók eða jafnvel engar kennslubækur og er afar undarlegt að vinna við þetta sé ekki tekið inn í vinnumat.

Það þurfa að vera til 12 almennilegar smásjár og víðsjár, nú vantar upp á það. Tólf er hámarksfjöldi nemenda í verklegu. Einn kennari ræður ekki við fleiri nemendur ef verkleg kennsla á að vera með einhverju viti. Kaupa þarf eina smásjá og fimm víðsjár til viðbótar.

Nota á Moodle áfram í stað þess að stíga mörg skref aftur á bak og notast við Innu sem er lélegt kennsluumsjónarkerfi.

## **2.2.4 Sjúkraliðagreinar**

**Fagstjóri: Íris Þórðardóttir**

Íris Þórðardóttir

HJÚK1AG05

HJÚK2HM05



HJVG1VG05	VINN2LS08
SAMS1SS05	SJÚK2MS05
HBRF1HH05	LÍOL2SS05

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

Hef verið að tileinka mér leiðsagnarmat inn í kennsluna í vetur, það gengur vel.

Hef setið fundi hér í skólanum um leiðsagnarmat, komst af því að sumt nota ég bara dags daglega annað hef ég verið að tileinka mér. Eins og t.d., hver er skilningur ykkar“ spyr ég bekkinn,, á skalanum 1-5“ og þau sýna fingur eftir skilningi ef svarið er 3 og yfir þá aðeins skerpi ég á, ef 3 og undir, fer ég aftur yfir þáttinn

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Allt í bland próf, verklegar æfingar, verkleg próf og símatsáfangar

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Skapandi skrif, - stílvopnið : Björg Árnadóttir í 8 vikur

Jákvæð sálfræði í endurmenntun HÍ 5 vikur

Áfallstjórnun 13. og 14. apríl

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

Fengum nýja bók fyrir öldrunarhjúkrun, hún er mjög einföld og ég átta mig ekki alveg á hvernig þeir hafa hugsað hana sem kennslubók. Hún er of yfirgripsmikil og oft barnaleg. Vantar faglega þekkingu sem ég er að reyna að bæta við í alltof mikið efni.

En hún er góð með

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Allt í vinnslu með stjórnendum

### **Annað**

Er að búinn að undirbúa verknám fyrir mitt fólk á Landsspítala háskólasjúkrahús í október í haust, 15. okt. til 2. nóv.

## **2.2.5 Stærðfræði**

**Kennslustjóri:** Ólafur Bjarnason

Átta kennarar kenndu stærðfræði báðar annirnar. 5 af þessum kennurum voru í fullu starfi við stærðfræðikennslu á báðum öðrum.

	<b>haustönn</b>	<b>vorönn</b>
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir	STÆR2AR05	STÆR1AJ05

	STÆR2TL05	STÆR2TL05
	STÆR2PT05	STÆR2PT05
	STÆR1SX05	STÆR3TL05
Ingvar Bjarnason	STÆR2AF05	STÆR2HV05
	STÆR2HV05	Ýmsir áfangar
	STÆR2VF05	á Sogni
	Ýmsir áfangar	
	Á Sogn	
Kjartan Ólason	STÆR1AJ05	STÆR1AJ05
	STÆR2RU05	STÆR2RU05
	STÆR2VF05	STÆT2VF05
Kristjana S. Skúladóttir	STÆR1AJ05	STÆR1SX05
	STÆR2AR05	STÆR2RU05
		STÆR2TL05
Auk þess hafði Kristjana umsjón með fjarnámi grunnskólanema í STÆR2AR05 á haustönn og STÆR2AF05 á vorönn.		
Magnús Másson	STÆR1AJ05	STÆR2AF05
	STÆR2AF05	STÆR2HV05
	STÆR2RU05	STÆR2RU05
Ólafur Bjarnason	STÆR1FA05	STÆR1RX05
	STÆR1RX05	STÆR2TL05
	STÆR2TL05	STÆR3TL05
Renata Lis	STÆR1FA05	STÆR1FB05
	STÆR3FD05	STÆR3FD05
	STÆR3HD05	STÆR3HD05
	STÆR3SG05	STÆR3TD05
Ægir Sigurðsson	EXCE2GF05	STÆR2AF05

STÆR2AR05

Ýmsir áfangar

Ýmsir áfangar

á Litla-Hrauni

á Litla-Hrauni

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**

Nokkrir kennarar deildarinnar héldu áfram að nota „Wolfram Alpha“ og „GeoGebra“ til stuðnings við hefðbundna kennslu. Þetta eru tölvuforrit sem hægt er að nálgast ókeypis á netinu og hafa reynst góð hjálpartæki við stærðfræðikennslu. Nú er að koma nokkur reynsla á notkun „GeoGebra“ og hefur Guðbjörg Helga verið þar í fararbroddi.

Áfram var notað Moodle kennslukerfið. Fleiri kennarar í deildinni hafa bæst við notendahóp þessa kerfis og láta vel af.

Þá hafa kennarar nýtt sér excel og ýmis smáforrit ásamt videomyndum til stuðnings við kennsluna.

Þær Guðbjörg Helga og Kristjana Sigríður unnu á síðasta skólaári með hugmyndafræði Jo Boaler um stærðfræðikennslu. Þær tóku þátt í námskeiði hjá henni á netinu, og luku því á þessu skólaári, þar sem m.a. var fjallað um sjálfsmat nemenda og skoðun á eigin viðhorfum og hugarfari gagnvart stærðfræði og námi almennt og mikilvægi þess að hafa trú á sjálfum sér. Þessu hafa þær komið á framfæri við nemendur sína með stuttum myndböndum, samtölum og verkefnavinnu. Telja þær að þessi vinkill á eigin kennslu hafi gagnast mörgum nemendum og ætla að halda áfram að kynna sér og nýta þetta efni.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Í stærðfræðiáföngunum STÆR1FA05 og STÆR1FB05 var námsmat byggt upp á ástundun og vandvirkni 20% og kaflaprófum á önninni 80%. Til að fylgja eftir þættinum um ástundun og vandvirkni skoðuðu kennarar vinnubækur nemenda með reglubundnum hætti. Þetta virtist vera hvetjandi fyrir nemendur. Nokkrir duglegustu nemendurnir luku báðum áföngunum á haustönn.

Áfram var stærðfræðiáföngum skipt upp í lotur. Oftast var um að ræða 4 lotur, en gátu verið undantekningar á því. Hver lota stóð að jafnaði í 3 til 4 vikur. Hverri lotu lauk með lotuprófi. Einnig þurftu nemendur að standa skil á heimaverkefnum. Ef nemandi hafði verið vel virkur alla önnina og skilað öllum verkefnum með ákveðnum lágmarks árangri og þreytt öll lotuprófin, gat hann mögulega lokið áfanga án lokaprófs í lok annar. Nákvæm útlistun á þessum skilyrðum kom að sjálfsögðu skýrt fram í kennsluáætlunum í byrjun annar. Tilgangurinn með þessu var einkum tvenns konar. Annars vegar að vera hvetjandi fyrir nemendur og hins vegar að minnka álag á nemendur og kennara á skertum prófatíma í lok annar. Metnaðarfullir nemendur stefndu á það alla önnina að sleppa við lokapróf og mörgum tókst það.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir fór vorið 2017 á tveggja daga námskeið hjá Endurmenntun H.Í. Fjallaði námskeiðið um Líkanagerð í stærðfræði, Geogebra Talna- og Tölfræði.

Í júlí 2017 fór hún einnig á vikunámskeið til Möltu. Það námskeið fjallaði um upplýsingatækni í kennslu. Sumt af því sem hún kynntist á þessu námskeiði hefur hún nýtt sér í sinni kennslu. Áhugaverðast fannst henni að kynnast hugbúnaðinum EdPuzzle sem hægt er að nota við vinnslu gagnvirkra kennslumyndbanda.

Þær Guðbjörg Helga og Kristjana Sigríður Skúladóttir tóku þátt í þróun leiðsagnarmats í kennslu undir stjórn Guðbjargar Dóru Sverrisdóttur. Þær notuðu síðan sitthvorn STÆR2AR05 hópinn á haustönn sem tilraunahóp. Verkefni þetta gengur m.a. út á það að gera námið markvissara og að nemendur séu meðvitaðri um stöðu sína. Að þeim séu vel ljós markmið með náminu, að það er allt í lagi að gera mistök. Mistök eru beinlínis nauðsynleg til náms, segir Jo Boaler og vitnar í rannsóknir máli sínu til stuðnings. Þau séu fyrst og fremst til að læra af þeim. Þær stöllur eru sammála um að þetta fyrirkomulag skilaði betra sambandi við nemendur og væri því vænlegt til árangurs.

Í ágúst 2017 fór Kristjana Sigríður á dagsnámskeið um Biophilia menntaverkefnið. Á þessu námskeiði fengu þátttakendur kynningu á því hvernig samnefnt tónverk Bjarkar Guðmundsdóttur getur verið kveikja og innblástur að þverfaglegu námi sem hefur skapandi náttúruvísinda- og tónlistarkennslu að markmiði.

Dagana 2.-3. mars 2018 var Námsstefna Flatar haldin á Hótel Selfossi. Þangað sóttu úr okkar röðum þær Guðbjörg Helga, Renata Lis og Kristjana Sigríður. Þar voru norskir fyrirlesarar með fyrirlestra og vinnustofur, þar á meðal Ingvill Merete Stedöy. Hann kynnti fyrir þátttakendum fjölbreytt viðfangsefni, kennsluhætti og mat í stærðfræðikennslu í efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskóla. Þarna var t.d. tekið fyrir hvernig hægt er að virkja nemendur í hópavinnu í verkefnamiðuðum þrautalausnum.

Þá sótti Kjartan Ólason Bett ráðstefnuna í London í janúar 2018. Þessi ráðstefna fjallar m.a. um notkun upplýsingatækni í skólastarfi.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Á báðum önnum var notuð kennslubókin Stæ 103(2012) eftir Jón Þorvarðarson í áföngunum STÆR1AJ05 og STÆR2RU05. Að mati þeirra kennara sem kenndu þessa áfanga reynist þessi bók nokkuð vel.

Í STÆR2AR05 var notuð bókin STÆ 103(2012) eftir Jón Þorvarðarson.

Í áföngunum STÆR2AF05 og STÆR2VF05 var notuð bókin STÆ 225 eftir Jón Þorvarðarson.

Í STÆR2HV05 var áfram notuð bókin STÆR3AN sem er námsefni frá M.H.

Í STÆR2TL05 var notuð bókinn Tölfræði (2015) eftir Jón Þorvarðarson.

Í STÆR3FD05 var notuð á haustönn bókinn STÆ 403 eftir Jón Hafstein Jónsson o.fl.

En á vorönn var notað efni frá Stærðfræðideild M.H.

Í STÆR3HD05 var notuð bókinn Særðfræði 3000, Heildun, deildarjöfnur, runur og raðir eftir Lars-Eric Björk o. fl.

Í STÆR3TD05 var notuð bókinn STÆ 603 eftir Jón Hafstein Jónsson o.fl.

Í STÆR3SG05 var notað efni frá kennara.

Í STÆR3TL05 var notuð bókinn Tölfræði (2015) eftir Jón Þorvarðarson ásamt ljósrituðu hefti um t-dreifingu o.fl. frá kennurum.

Í STÆR1FA05 og STÆR1FB05 var notuð bókinn Uppá punkt eftir Kjartan Heiðberg.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Kennslustjóri leggur til að starfsemi deildarinnar verði á næsta skólaári á svipuðum nótum og á núverandi skólaári sem senn er á enda runnið.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Kennarar Stærðfræðideildar eru mjög ánægðir með þá eyktaskipan að lengd kennslustunda er 55 mínútur. Telja að með þessu móti nýtist tíminn mun betur og allt stærðfræðináms verði mun markvissara.

Nauðsynlegt er að ávallt séu aðstæður hvað varðar húsakost og búnað til stærðfræðikennslu sem bestar.

### **Tækjakostur**

Á báðum önnum var séð til þess að lágmarksbúnaður væri til staðar í öllum kennslustofum þar sem stærðfræði er kennd skv. ábendingum í skýrslu fyrir skólaárið 2006-2007. Búnaður þessi var endurnýjaður á haustönn 2012. Lágmarksbúnaður er í öllum stofum þ.e. góð reglustika, hringfari og gráðubogi ásamt rúðustrikuðum töflum.

Þá kom ábending frá kennara í starfsmannaviðtali, að gott væri að eiga kassa með hjálpargögnum t.d. til rúmfræðikennslu í stærðfræðistofum.

### **Annað**

Þann 3. október 2017 var auglýst Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema 2017-2018(forkeppni). Keppnin fór fram á tveimur stigum, neðra stigi fyrir nemendur á 1. ári framhaldsskóla og efra stigi fyrir nemendur á 2. og 3. ári. Einn nemandi FSu tók þátt, á efra stigi. Hann komst ekki áfram í framhaldskeppnina sem fór fram í mars 2018.

Þann 28. febrúar 2018 var haldinn fundur í F.Su. með stærðfræðikennurum grunnskóla á Suðurlandi. Á þennan fund mættu 11 grunnskólakennarar víða að, 2 framhaldsskólakennarar frá Laugarvatni ásamt 6 kennurum F.Su. Á fundinum voru rædd mál eins og námsefni í 10. bekk grunnskóla og í grunnáföngum framhaldsskóla, námsmat við lok grunnskóla og röðun nemenda í áfanga í framhaldsskóla, hvernig hefði tekist til í þessum efnum og fl. mál. Fundur þessi þóttist takast vel og var mjög upplýsandi fyrir bæði grunn- og framhaldsskólakennara á svæðinu.

Ekki voru starfræktir stoðtímar á skólaárinu eins og undanfarnar annir. Þó var boðið uppá stuðningstíma í stærðfræði á vorönn tvisvar sinnum í viku. Þessa kennslu annaðist Renata Lis. Nokkur aðsókn var í þessa tíma.

## 2.2.6 Verknám

**Kennslustjóri: Svanur Ingvarsson**

<b>Málmiðn</b>	<b>haustönn</b>	<b>vorönn</b>
Borgþór Helgason	IÐNT2VE07 GÆVA2GV02 STYR3RA05 STYT2VE03 VÖKT2VE03 GÆVA2VE03 AVVI3VE07 LAGN3VA03	TTÖL3VE05 TÖVÉ3VE05 VÖKT3VA03 STYR2RA05 HGSU2VE03 STYT3VE03 VETÆ2V03 EFNG3VE03
Magnús Tryggvason	MÁLM1SX05 ÍPRÓ1PH03 ÍPRÓ2PL03 ÍPRÓ1GX02 ÍPRÓ2BA02	MÁLM1SX05 ÍPRÓ2PL03 HVMÁ1MG05 MÆLM1MG02
Sigurður Grímsson	HVMÁ2MG05 PLVI2PA03 RENN1MG05 ÖROF1ÖF02	HGSU1HS04 LOSU1LS04 PLVIPA04 PLVI2PA03 RAFS2RA04 LOSU1LS04 HGSU1HS04
Sigurþór Leifsson	KÆLT3VA03 VÉLF2VE03 AVVI2AB04	VÉLF1MG03 VÉLF3VE03 AVVI3VF05

AVVI1MG03	RAFS2RA04
EFNG1MG03	EFNG2MG02
HGSU1HS03	TTÖL2MG03
RENN2RB04	

### Hárið

Elínborg Arna Árnadóttir:

HÁRG1GA02	HÁRG2GB02
HLIT1GA01	HLIT2GB01
HKL1GA03	HKLI2GB03
IÐNF1GA03	IÐNF2GB04
ITEI1GA05	ITEI2GB05
HPEM1GA02	HPEM2GB02
HÁRG1GR02	HÁRG1SX02
HÁRG1SX02	

Póra Valdís Hilmarsdóttir

### Rafið

Grímur Lúðvíksson:

TNET2RB05	TNET2RA03
RAFM2RB05	RATM2RB05
RATM2RA05	VETG2RA03
VETG1GR05	VETG3RA05
VETG2RB04	VSME2RA05
RAFM1GR02	RÖKR1MG03

Pór Stefánsson

RAFL1RA03	RAFL1RB03
RAFL2RB05	RAFL3RA05
RAFM1RA05	RAFM2RA05
RAFM1GR05	RAFM3RA05
RATÆ1MG03	STYR2RA05
STYR1RA05	LHRRAF
STYR3RA05	

### Húsasmíði

Jón Sigursteinn Gunnarsson

GLUH2GL07	GRTE1FA05
EFNG1EF05	ÚVKH3KÚ03
TRÉS1VA05	TIHH3TH17
TRÉS1SX05	
BRAG1SC01	

Óskar G. Jónsson:

GRTE1FA05	INGH3KI03
FRVG1RÖ05	LHÚH3US07
VETG1VT10	TSTH1TS02
BRAG1SC01	TRÉS1VA05
	GRTE1FA05

VTSH2NV05

TRÉH2HS15

Svanur Ingvarsson:

INRH3SH10

TRÉH2HS15

GRTE2FB05

GRTE1FA05

TRÉS1SX05

GRTE2FB05

BRAG1SA01

BRAG1SB01

TRSH3ST03

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

**BH** - Þessar annir fóru í það að læra og kenna á nýju tækin sem skólinn fékk á árinu. Cnc tækin voru gangsett á vorönn og gekk það vel. Unnið var með HSM í Inventor til þess að búa til forrit G kóða fyrir Cnc vélarnar og gekk það mjög vel. Í glussa og lögnum voru tekin í notkun nýju borðin frá Festo og voru unnin verkefni úr verkefnabókum sem fylgdu með. Gekk það mjög vel. Í hlífðargassuðu voru teknir í notkun nýju rafsuðuklefnir og það má segja að það var bylting í suðukennslu við skólann. Hljóðdempandi klefar með góðri loftræstingu gerði kennsluna ánægjulega. Í efnisfræði voru tekin í notkun ný tæki við kennslu á plasti. Það var ótrúlegt að sjá hvað skilningurinn jókst mikið með því að nemendur tókust á við plastið með verklegum æfingum samhliða bóklegri fræðslu miðað við einungis bóklega fræðslu. Í tölvuteikningu fóru nemendur nokkuð djúpt í teikniforritið Inventor. Teiknað var meðal annars stálgrindarhús auk annara verkefna.

**ÓGJ** - Á vorönn unnum við saman tveir kennarar tvo áfanga GRTE1AFA05 og TRÉH2HS15 og samþættum TRÉH2HS15 og VTSH2NV05. Held að það hafi virkað nokkuð vel og verið jákvætt bæði fyrir kennara og nemendur.

**SI** – Við Óskar skiptum með okkur kennslu, þ.e. kenndum báðir sama hópnum, í grunnteikningu og trésmíði. Það gekk smurt og sjálfsagt getur verið gott fyrir nemendur að fá útskýringar frá tveimur kennurum. Það var gott að vera tveir um einkunnagjöf og ræða framvindu kennslunnar og náms.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

**BH** - Ég notaði símat og ég reikna með að tölvuvæða það betur á næsta ári.

**EAÁ** - Símat er í öllum áföngum og tekur nemandi samtals að meðaltali 35-40 próf á önn.

**ÓGJ** - Á haustönn vorum við með próf í GRTE1FA05 samhiða mati á vinnu nemenda metið út frá verkefnabók í Grunnteikningu I. Prófeinkunn 60 % á móti 40% vegna vinnu.

Í öðrum greinum var námsmat byggt á símati út frá verkefnavinnu nemenda, þátttöku nemenda í tímum, umræðum og verklegri vinnu eftir því sem við á.

**SI** – Símat í verklegu. Próf og símat í grunnteikningu. Mér finnst við ættum að skoða vel að taka upp símat í grunnteikningu. Tel hana heppilega til þess.



### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

**BH** - Ég hef sótt ýmis námskeið t.d 2 námskeið í tölvuteikningu á Inventor. Dale carniege námskeið í sambandi við samskipti.

**EAÁ** - Eitt fagnámskeið: Modul 2: klipp, farge, styling og nytt online system ( 9-12 ágúst 2017 ) Endurmenntun Háskóla Íslands.

Barber ( Herraklipp- námskeið í okt 2017) Reykjavik Warehouse. Sem ég fór með nemendur mína á.

**ÓGJ** - Námskeið hjá Iðan fræðslusetur, gæðakerfi SharePoint – Office 365.

Námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn, námskeið á vegum vinnueftirlitsins.

Námskeið varðandi Innu og hjá Ingvari Sigurgeirssyni, tekið saman á vegum FSu.

Síðan er búið að vera talsverð vinna í að læra á nýja yfirfræsarann, frá Morbidelli, sjálfsagt hátt í 100 vinnutímar.

**SI** – Langt námskeið CNC-yfirfræsarannum sem við vorum að taka í gagnið. Auk þess námskeið í nýju Innu á starfsdögum í vor.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

**BH** - Nýjar bækur frá Festo voru teknar til kennslu og reyndust þær vel. HSM var tekið í notkun í cnc kennslu og reyndist það mjög vel. Nýtt námsefni var fyrir plast og gekk það vel.

**EAÁ** - Pivot point kennslubækur og online kerfið sem er unnið uppúr þeim bókum.

Hársnyrting undirstöðuatriði, lesbók og vinnubók. Íslensk þýðing uppúr áður nefndum Pivot point kennslubókum.

**ÓGJ** - Ekki mikið um slíkt. Er sjálfur að vinna að vinnubók fyrir nýja fræsarann, tek út megin þætti og sýni myndir og geri útskýringar varaðndi vinnu á vélinni, rétt lagður af stað í þeirri vinnu.

**SG** - Fullt af nýjum og glæsilegum tækjum.

**SI** – Það má nefna að við erum enn að hreiðra um okkur í nýja Hamri. Gríðarlega mikið betri aðstaða en var í gamla Hamri. Vorum að taka í gagnið stóran CNC – yfirfræsara, sem mun vafalítið vekja áhuga nemenda og er klárlega vel til þess fallinn að kenna nýjustu aðferðir og tækni. Þá fengum við þrjá nýja hefilbekki. Það er nauðsynlegt að skipta út gömlu bekkjunum fyrir nýja.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

**BH** - Það má efla verknám enn betur með því að klára innkaupalista fyrir tæki.

**EAÁ** - Er að vinna í 3.önn sem verður kennd á haustönn.

**ÓGJ** - Er í nokkuð góðu jafnvægi.

**SI** – Gera þetta allt með sama/svipuðu sniði. Nota sem mest af miðvikudagsfundunum til samráðs.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

**BH** - Betri samskipti.

**EAÁ** - Það er allt yndislegt í Hamrinum.

**ÓGJ** - Verulegar breytingar hafa orðið á allri aðstöðu verkgreina undanfarið með nýja Hamri. Halda þarfa áfram og endurnýja nokkur tæki jafnt og þétt næstu árin. Einnig þarf að kaupa inn tæki eins og tifsagir, laesertæki, fjölga batterístækjum samanber bútsög, hjólsög, fjölnotasög og svo framvegis, losna við rafmagnsnúrur við vinnu með rafmagnshandverkfæri. Hef grun um að við getum fengið styrk til að kaupa rakamælingatæki og rakamælingamyndavél, er í raun með loforð varðandi það. Einnig erum við komin í samband við fyrirtæki til að vinna að markvissri notkun öryggisfatnaðar og persónuhlífa nemenda. Samstarf við Hilti og Byko, með tengingu við FSu og þátttöku nemenda. Búnaður er kostar út úr búð í kringum 110.000, Hilti myndi greiða niður fatnað um krónur 50.000, Byko krónur 20.000, nemendur kr. 19.000 og FSu myndi greiða mismuninn, c.a. 20.000.

**SI** – Halda áfram innkaupum á þeim vélum sem enn vantar samkvæmt þarfagreiningu varðandi nýbygginguna. Þetta þarf í raun alltaf að huga að, því vélar slitna og úreldast. Nauðsynlegt er að gera þær úrbætur sem komið hefur í ljós að þarf að gera á Hamri sem allra fyrst. Sumar þeirra þola enga bið.

#### **Annað**

**ÓGJ** - Sannfærður um gildi fagfunda sem eru bókaðir í fundargerð, sannfærður um að þeir auka samræmingu, framþróun og gæði kennslu til framtíðar.

**Kennarar** í Hamri þakka fyrir samstarfið í vetur.

## **2.3 Svið: Starfsbraut**

### **Sviðsstjóri sérkennslu: Jóhanna Guðjónsdóttir**

Starfsbrautin er nú að ljúka sínu tuttugasta og sjötta starfsári. Skráðir nemendur í upphafi haustannar voru 48 en 46 við lok hennar. Á vorönn hófu 47 nemendur nám en fimm nemendur hættu. Kynjahlutfall stúlkna hefur hækkað á starfsbraut á undanförunum árum en stúlkur voru um 40% nemenda á skólaárinu. Enginn nemandi útskrifaðist af starfsbraut um jól en tíu nemendur að vori. Helmingur þeirra kaus að ljúka starfsbraut á þremur skólaárum.

	<b>haustönn</b>	<b>vorönn</b>
Guðmundur Björgvin Gylfason	ENSK1SX04	ENSK1XB04
	NÁTT1SX04	FÉLA1XA04
	STÆR1SX04	STAS1XB02
	STÆR1SD04	STÆR1XB04
		STÆR1XC04

		ÖKUN1SA02
Hafdís Garðarsdóttir	ÍSLE1SX05	FÉLA1XA04
	NÁTT1SX04	ÍSLE1SX05
	STÆR1SX05	STAS1XA02
		STÆR1SX04
		STÆR1XB04
		STÆR1XD04
Jóhanna Guðjónsdóttir	ÍSLE1SX05	FÉLA1XA04
	NÁTT1SX04	HOME1XA02
		ÍSLE1SX05
Jóna Ingvarsdóttir	ENSK1SX04	ÍSLE1SX05
	HEST1SX02	ÍSLE1XD04
	ÍSLE1SX04	
Linda Rut Larsen	BRAG1SA01	BRAG1SB01
	ÍSLE1SX05	FÉLA1XA04
	KVIK1SX02	ÍSLE1XD04
	NÁTT1SX04	KVIK1SX02
	STÆR1SX04	STÆR1XB04
	STÆR1SX05	STÆR1XD04
		STAS1XA02
		STAS1XB02
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir	BRAG1SA01	BRAG1SB01
	ENSK1SX04	ENSK1SX04
	ÍSLE1SX05	ENSK1XB04
	NÁTT1SX04	ÍSLE1XB05

		STAS1XA02
Ágústa Ragnarsdóttir	MYND1SX05	MYND1SX05
		MYND1SX02
Ásdís Björg Ingvarsdóttir	ÍPRÓ1PX02	ÍPRÓ1PX02
Bryndís Guðjónsdóttir	ÍSLE1RX05	ÍSLE1RX05
Brynja Ingadóttir	FATN1SX05	ÞÝSK1XB04
	ÞÝSK1AX04	
Elísabet Helga Harðardóttir	MYND1SX02	MYND1SX05
	MYND1SX05	
Freyja Hilmarsdóttir	REIM1SX02	
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir	STÆR1SX05	
Guðfinna Gunnarsdóttir		ENSK1RX05
		HÆFI1XA01
Guðríður Egilsdóttir	MATR1SX05	
Helga Jóhannesdóttir	FATN1SX05	FATN1SX05
Helgi Hermannsson	FILM1SX02	
Hörður Ásgeirsson		TRÉS1SX05
Ingvar Bjarnason		TTÖL1XA02
Jón Sigursteinn Gunnarsson	TRÉS1SX05	
Jórunn Sigríður Birgisdóttir	MATR1SX05	BAKA1SX02
		MATR1SX05
Kristjana Hrund Bárðardóttir	ENSK1RX05	
Kristjana Sigríður Skúladóttir		STÆR1SX05
Lárus Ágúst Bragason		SAGA1SX02
Magnús Tryggvason	ÍPRÓ1GX02	MÁL1SX05

	MÁLM1SX05	
Ólafur Bjarnason	STÆR1RX05	STÆR1RX05
Ronald Guðnason		EÐLI1XA02
Svanur Ingvarsson	TRÉS1SX05	
Þóra Valdís Hilmarsdóttir	HÁRG1SX02	HÁRG1SX02

Stuðningsfulltrúar voru Alma Sigurjónsdóttir og Ragnheiður Eva Gísladóttir, báðar í 84% starfshlutfalli, Brynhildur Geirsdóttir var í 49% hlutfalli og Ingveldur Jónsdóttir í 20% starfshlutfalli. Bæði Brynhildur og Ingveldur hættu störfum í lok vorannar.

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

Breyting varð á Bragakennslu á haustönn en að ósk sérkennara var nemendum á „gráa svæðinu“ boðið að vera í almennum bragakópi. Verkefnið stóð yfir allt skólaárið og tókst mjög vel. Nýtt fyrirkomulag er komið til að vera.

Á vorönn litu fjórar nýjar námsgreinar dagsins ljós á starfsbraut; eðlisfræði, saga, tölvuteikning og áfanginn hæfileikakeppni á starfsbraut í tengslum við árlega hæfileikakeppni starfsbrauta á landsvísu. Námsgreinarnar gengu almennt vel og ljóst að bæði kennarar og nemendur hafa haft gagn og gaman af.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Námsmat á starfsbraut hélst óbreytt á skólaárinu. Símat er algengasta námsmatsaðferðin og aðeins var um lokapróf í íslensku að ræða.

### **Námskeið og ráðstefnur sem kennarar hafa sótt**

Sérkennarar voru duglegir að stunda endurmenntun á skólaárinu. Þeir fjölmenntu á námskeiðið *Nemendur með einhverfu í framhaldsskólum og leiðir í kennslu* haldið á vegum FSF 10. og 11. ágúst. Einn kennari sótti ráðstefnu Geðhjálpar *Börnin okkar!* sem haldin var 17. október. Tveir kennarar fóru á fyrirlestur um *Sorg og sorgarviðbrögð* þann 1. nóvember á vegum Eyrarbakkaprestakalls. Þrír kennarar fóru á námskeið EHI *Tengsl staðalmynda og kvíða ungra stúlkna* þann 3. nóvember. Tveir kennarar tóku þátt í Fræðsludegi FÍS sem haldinn var 27. nóvember. Allir sex sérkennarar starfsbrautar fóru á námskeiðið *Forrit og öpp til að búa til myndrænt efni* haldið á vegum Tölvumiðstöðvar en Setrið í Sunnulækjarskóla bauð upp á námskeiðið þann 28. nóvember. Fimm sérkennarar fjölmenntu á sérkennslusýningu, *The Education-show*, dagana 15. – 18. mars í Birmingham, Bretlandi. Einn sérkennara á starfsbraut hefur verið umsjónarmaður með Erasmus+ verkefni í skólanum. Verkefnið nefnist *Lýðræði og seigla* (Democratic European Schools for Success). Á önninni fór kennarinn í tvær ferðir tengdar verkefninu, önnur til Þýskalands ásamt tveimur nemendum og kennara. Síðari ferðin var farin til Búlgaríu ásamt öðrum kennara úr skólanum. Þetta verkefni mun klárast á fyrri hluta ársins 2019.

Að auki fóru fimm sérkennarar og tveir stuðningsfulltrúa í heimsókn í Fjölbrautaskólann í Ármúla í maí og fylgdust með kennslu á sérnámsbraut en skólinn hefur sérhæft sig í kennslu fjölfatlaðra nemenda.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

Starfsbrautin fjárfesti töluvert á haustönn. Í tengslum við kennslu í náttúrufræði voru keypt sex Íslandskort. Einnig voru keypt fjögur heimskort. Cat-kassinn var keyptur en það er námsefni sem er mikið notað með einhverfum nemendum til að auka skilning þeirra á sjálfum sér og öðrum, auk þess að byggja upp betri félagsleg samskipti. Þá fjárfesti brautin í þremur bókum í bókaflokknum *Hvað get ég gert*. Sex fartölvur starfsbrautar voru endurnýjaðar, auk þess sem átta spjaldtölvur voru keyptar.

Íslenskukennarar útbjuggu nýtt kennsluefni í íslensku út frá bókunum *Heimili fröken Peregrine fyrir sérkennileg börn, Pabbi prófessor, Mamma klikk, Emil og Skundi og Salómon svartí*.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Starfsáætlun starfsbrautar er í vinnslu þegar þetta er skrifað. 24 nýnemar hafa verið innritaðir á starfsbraut fyrir komandi haustönn. 26 nemendur munu halda áfram námi. Fjórir nemendur af starfsbraut munu hefja nám á almennum námsbrautum við skólann á komandi hausti. Nemendafjöldi á starfsbraut næsta haust stefnir í 50 nemendur sem þýðir að nemendafjöldi stendur í stað á milli ára. Til stendur að ráða í eina stöðu stuðningsfulltrúa, 84% starfshlutfall, en tveir stuðningsfulltrúar hætta sem voru alls í 69% hlutfalli. Stöðugildi sérkennara mun standa í stað á næsta skólaári en stefnt er að ráðningu þroskaþjálfara í 50% starf. Kennslufyrirkomulag næsta skólaárs verður með svipuðu sniði og verið hefur. Þó er ljóst að það fjölgar í þeim nemendahópi sem hefur mestu sérþarfirnar sem þýðir að þrír litlir hópar verða til utan um viðkvæmustu nemendurnar en á skólaárinu sem er að líða undir lok voru tveir slíkir hópar.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Það þarf að vinna áfangalýsingar í flestum valfögum starfsbrautar, bæði bók- og verklegum, og gera þær aðgengilegar á heimasíðu skólans. Áfangalýsingar kjarnagreina starfsbrautar eru tilbúnar en þær þarf einnig að gera aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Í reglugerð Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (326/2016) um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum, 2. gr. f., kemur fram að hver framhaldsskóli setur sér skólareglur með skýrum viðbrögðum við brotum á reglunum, ásamt úrræðum og viðbrögðum sem stuðla að jákvæðri hegðun og miðar að því að rækta persónuþroska og hæfni nemenda. F.Su. hefur sett fram skýrar, einfaldar skólareglur en það er brýnt að útbúa skýr viðbrögð og úrræði við brotum á reglunum. Sérkennarar vilja í þessu tilliti sérstaklega benda á grein fimm í skólareglunum: *Sýna ber kurteisi og tillitssemi í umgengni við aðra. Einelti og ofbeldi líðst ekki*. Ofbeldi, bæði andlegt og líkamlegt, hefur því miður fylgt

starfsbrautarnemendum sem glíma við mikla hvatvísi eða geðraskanir. Ofbeldi og einelti getur jafnt beinst að nemendum, stuðningsfulltrúum og kennurum. Því er brýnt að skólinn setji sér skýrar verklagsreglur sem eru öllum starfsmönnum brautarinnar kunnar.

### **Annað**

Starfsbrautin mun starfa undir heitinu sérnámsbraut frá komandi hausti til að fyrirbyggja þann misskilning að brautin tengist starfs- og iðnnámi. Heitið starfsbraut kom upphaflega til vegna þess að nemendur voru jafnan í starfsnámi á vinnustað en sú áhersla hefur minnkað þar sem nemendur hafa lagt meira upp úr því að vera í fjölbreyttu námi innan skólans en á þeim starfsvettvangi sem býður þeirra að námi loknu.

Á haustdögum var ný námskrá starfsbrautar staðfest af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Hægt er að sjá brautina á namskra.is á slóðinni <https://namskra.is/programmes/e156b718-0062-46c2-8108-383d7a98361e>.

Í október sáu sérkennarar sig knúna til að óska formlega eftir að skólastjórnendur endurmátu ákvörðun sína um að bjóða ekki kennslu í rafmagni á vorönn. Kennsla í rafmagni hefur verið mjög vinsæl meðal starfsbrautarnemenda en hefur ekki verið í boði á þessu skólaári. Í svari frá stjórnendum kom fram að ákvörðun þeirra byggði á kennaraskorti í rafmagnsgreinum.

Sérkennarar á starfsbraut lögðu í fyrsta sinn fyrir nýnemakönnun á brautinni en könnunin var lögð fyrir á vorönn þegar nýnemarnir voru komnir með nokkra reynslu af skólastarfinu. Helstu niðurstöður voru að tæp 85% nýnema eru á þeirri námsbraut sem þeir vildu helst vera á og yfir 90% þeirra voru sannfærðir um að þeir væru á réttri námsbraut, þó að rúm 23% nýnema töldu að það vantaði námsbraut sem hentaði þeim. Yfir 80% nýnema líkaði vel við námið og yfir 90% nýnema skröpuðu aldrei eða sjaldan í kennslustundir. Almennt mátu nýnemarnir sig sterkari námsmenn í verklegu námi fremur en bóklegu. Um 85% nýnema leið vel í skólanum og voru ánægðir með kennara sína. Allir nýnemarnir voru ánægðir með umsjónarkennarana sína. Rúm 83% nýnema finnst mikilvægt að ljúka einhverju námi og 77% þeirra áttu góðan vin í skólanum.

Að þessu sinni var Hæfileikakeppni starfsbrauta haldin af Menntaskólanum á Egilsstöðum í apríl. Vegna mikillar fjarlægðar var undirbúningur að förlun mun umfangsmeiri en þegar keppnin er haldin á stór-Reykjavíkursvæðinu. Í fjáröflunarskyni var haldið Bingó á Kátum dögum sem heppnaðist mjög vel. Sjö nemendur og tveir starfsmenn lögðu á sig þriggja daga ferðalag til að taka þátt í/fylgjast með keppninni. Framlag starfsbrautarinnar hét *FSU er okkar* og var unnið af flytjendum í nýja áfanganum hæfileikakeppni í hugmyndavinnu með Guðfinnu Gunnarsdóttur leiklistarkennara. Ferðin gekk í alla staði mjög vel.

Landssamtökin Þroskahjálpi í samstarfi við Átak félag fólks með þroskahömlun óskaði eftir fulltrúa úr hópi nemenda starfsbrautar til að taka þátt í ungmennaráði fólks með þroskahömlun á aldrinum 16-20 ára. Pétur Gabríel Gústafsson verður fulltrúi starfsbrautarinnar á komandi starfsári, en ungmennaráðið tekur til starfa í september n.k.

### 3 Aðrar skýrslur

#### 3.1 Bókasafn

Forstöðumaður: Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir

##### Starfsfólk

Starfsmenn bókasafnsins eru tveir. Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, forstöðumaður í 100% stöðu og Ingveldur Jónsdóttir, bókaforstöður í 80% stöðu. Ingveldur er auk þess í 20% stöðu stuðningsfulltrúa á starfsbraut.

##### Opnunartími:

Bókasafnið er opið mánudaga 8:00-16:00, þriðjudaga 8:00-16:30, miðvikudaga og fimmtudaga 8:00-16:00 og föstudaga kl. 8:00-15:00. Opnunartími er 39 ½ klst. á viku. Kennsla hefst á morgnana kl. 8:15 og lýkur kl. 15:45 mánudaga til fimmtudaga, á föstudögum lýkur kennslu kl. 14:45.

##### Útlán

Útlán eru færð á fjóra vegu: í fyrsta lagi í útlánaþátt Gegnis, í öðru lagi eru skammtímalán innan skólans handskráð og talin eftir hvern dag, í þriðja lagi eru fartölvuútlán skráð á sérstakt blað sem nemendur undirrita og í fjórða lagi eru tvær bækur í afgreiðslu sem útlán eru handfærð í. Önnur bókin er á afgreiðsluborði og þar skrá notendur safnsins útlán sín þegar starfsmenn eru fjarri og í hina bókina eru skráð útlán á safnefni sem ennþá er í hliðargrunni Gegnis og er þar af leiðandi ekki hægt að lána í gegnum útlánaþátt Gegnis. Tímarit eru alla jafna ekki lánuð út nema til kennara eða í tengslum við verkefnavinnu nemenda.

Skammtímalán innan skólans eru aðallega á útlán á kennsluefni sem er lánað út í eina kennslustund. Nemendur virða þennan útlánstíma og skila yfirleitt fljótt og vel.

<u>ÚTLÁN:</u>	HAUST 2017	VOR 2018	SAMTALS:
Í GEGNI	1193	1036	2229
Í BÓK	55	82	137
INNAN SKÓLANS	2298	1867	4165
FARTÖLVUÚTLÁN	353	481	834
<u>SAMTALS:</u>	3899	3466	7365



### Millisafnalán

Samtals voru millisafnalán 105 á skólaárinu, þar af voru 64 safngögn fengin að láni frá Bókasafni Árborgar. Töluvert efni var einnig fengið frá öðrum framhaldsskólum og almenningssöfnum.

<u>Millisafnalán frá:</u>	Haustönn 2017	Vorönn 2018	SAMTALS:
Bækur frá söfnum	29	13	42
Mynddiskar frá söfnum	30	24	54
Myndbönd frá söfnum	4		4
Hljóðbækur frá söfnum	1		1
<u>SAMTALS:</u>	<u>64</u>	<u>36</u>	<u>101</u>

<u>Millisafnalán til:</u>	Haustönn 2017	Vorönn 2018	SAMTALS:
Bækur til safna		4	4
<u>SAMTALS:</u>	<u>0</u>	<u>4</u>	<u>4</u>

### Gegnir

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands er aðildarsafn að Gegni, samskrá íslenskra bókasafna. Nánast allt efni sem berst á safnið er nú skráð og tengt í Gegni. Einstaka tímarit og fréttabréf sem berast stopult eru skráð í „skýið“ í excel-skjal inn á OneDrive í Office 365.

Kostnaður við þátttöku í Gegni var kr. 406.500 á árinu 2017 eða kr. 33.875 á mánuði. Skólinn greiðir fyrir alla mánuði ársins.

### Gagnasöfn

Landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum á vefnum hvar.is veitir öllum sem tengjast netinu um íslenskar netveitur aðgang að tímaritsgreinum úr tæplega 22 þúsund tímaritum. Ríflega 200 aðilar greiða fyrir aðganginn.

Framhaldsskólarnir hafa frá upphafi tekið þátt í kostnaði við landsaðganginn og er greiðsluupphæð miðuð við fjölda ársnema. Á árinu 2017 greiddi FSu kr. 101.861. Auk almenningsbókasafna, háskólabókasafna, stjórnsýslusafna, fyrirtækja og samtaka greiða framhaldsskólarnir hluta aðgangs að gagnasöfnum Ebsco Host, Web of Science, ProQuest

Central og aðgang að gagnasöfnum Encyclopedia Britannica og Greinasafni Morgunblaðsins (að undanskildum síðustu þremur árum).

Á skólanetinu er opinn aðgangur að veforðabókum Snöru og eru þær mikið notaðar, bæði af nemendum og kennurum. Kennurum og starfsfólki skólans býðst heimaaðgangur að Snöru og eru um 40 manns sem nýta sér hann. Opinn aðgangur er að ordabok.is inn á skólaneti FSu.

Greinasafn Morgunblaðsins er opið á skólanetinu á starfstíma skólans en lokað er fyrir aðgang yfir sumarmánuðina. Í kaupbæti fær skólinn frítt pappírseintak af blaðinu.

Í árslok 2017 var gengið frá samningi við fyrirtækið Turnitin um ritstuldarvarnir fyrir alla framhaldsskóla og háskóla á Íslandi. Samningurinn var gerður að undirlagi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Samningurinn gildir til ársloka 2020. Markmið forrísins er tvíþætt, þ.e. að þjálfa nemendur í heiðarlegum og faglegum vinnubrögðum við notkun heimilda í textavinnu og sjá kennurum fyrir hugbúnaði sem tryggir að kröfum um akademískan heiðarleika og sjálfstæð vinnubrögð sé framfylgt.

Þó nokkurn tíma tók fyrir framhaldsskólana að fá aðgang að Turnitin. Í síðustu viku aprílmánaðar virkjaðist stjórnendaaðgangur fyrir FSu og þá var loksins hægt að búa til aðgang fyrir kennara. Það eru nokkur vonbrigði hversu langan tíma þetta tók en þeir kennarar sem nýttu sér Turnitin við yfirferð ritgerða lýstu strax yfir ánægju sinni með forritið. Ljóst er að þarna er á ferðinni öflugt verkfæri við að greina hvaðan heimildir koma og hvort um ritstuld sé að ræða.

### **Safnfræðsla**

Nýnemadagur var haldinn 18. ágúst. Tekið var á móti átta hópum nýnema og fengu þeir stutta kynningu á þjónustu safnsins og hvaða möguleika það hefur upp á að bjóða.

Safnkynning var haldin fyrir nemendur í ERGÓ á haustönn. Safnkynningin tekur eina kennslustund (55 mín.) og er kynning á safninu, safnkosti og þjónustu sem í boði er. Áhersla er lögð á að kenna nemendum að nota Gegni og hvernig er hægt er að leita eingöngu að safnefni í FSu. Einnig er nemendum kynnt heimasíða bókasafnsins og vefurinn timarit.is. Í lok tímans vinna nemendur tveir og tveir saman verkefni á bókasafni sem m.a. þjálfa þá í að finna heimildir á Gegnir.is. Einnig eiga þau að finna út staðsetningu tiltekinna rita á safninu og afhenda þau starfsmönnum.

Nemendur í heimildaritun í íslensku, ÍSLE3HR05 fengur safnkynningu í upphafi hvorrar annar. Þessum kynningum er ætlað að fleyta nemendum af stað í heimildaleit, lögð er mikil áhersla á að þeir nýti sér gegnir.is og séu sjálfbjarga með að finna efni þar. Einnig er vefurinn timarit.is kynntur fyrir þeim, Vísindavefurinn og Google Scholar. Fjallað er um upplýsingalæsi og mikilvægi þess að vitna rétt í heimildir. Í framhaldinu voru teknar saman í kassa ýmsar

ólíkar tegundir heimilda; bækur, tímarit, greinasöfn, safnrit, mynddiskar o.fl. Nemendur fengu tilsögn hjá kennurum við að skrá þessar heimildir.

Gott samstarf hefur skapast með sögukennurum, í áfanganum SAGA2YA05. Unninn var listi yfir viðfangsefni sem auðvelt er að finna heimildir um á bókasafni FSu. Nemendur vinna saman í hóp við að bera saman heimildir um ýmis atriði, svo sem síldveiðar, Kalda stríðið, ungmennafélög og skila greinargerð þar um til kennara.

Almennt er samstarf við kennara varðandi verkefnavinnu á safninu mjög gott. Flestir láta vita með fyrirvara áður en þeir leggja inn verkefni fyrir nemendur. Ágætt er að fá smá tíma til undirbúnings áður en verkefni fara af stað, kanna hvaða heimildir eru til, í hvaða gagnasöfnum er best að leita, útbúa efnisorðalista sem auðveldar leit, kaupa efni ef með þarf og setja viðeigandi safnefni á bundið lán.

### **Skráning**

Skráning og skipulagning safnkosts er stór þáttur í daglegu starfi á bókasafninu. Nýtt safnefni er skráð eins fljótt og mögulegt er, en eldra efni eftir því sem tími vinnst til.

Töluvert var grisjað af eldri tímaritum og ársskýrslum. Unnið er jafnt og þétt við að bæta tímaritaskráningu og kortleggja hvað er til og hvar efnið er staðsett.

Á skólaárinu fór mikil vinna í tilfærslu á safnefni. Fræðslumyndir í nærgeymslu (í nemendarými í kjallara bókasafnsins) voru færðar inn í stærri geymsluna. Í framhaldinu voru svo bækur í 700 flokknum, 700-789 (listir og skemmtanir) fluttar niður í nærgeymslu.

Stærsta verkefnið við endurskipulagningu safnkosts var að geymsluskrá skáldsögur í 813 flokknum. Tvítök af skáldsögum voru grisjuð þar sem ástæða þótti til. Yfirleitt er nóg að eiga eitt eintak af hverjum titli. Með þessu móti var unnt að fjarlægja heila hillustæðu af safninu, alls 21,6 hillumetra. Þessu má líkja við einskonar domino sem miðar allt að því að skapa betra vinnurými og aðgengi á safninu.

### **Tímarit**

Bókasafnið er áskrifandi að um 30 tímaritum. Eldri tímarit eru geymd í geymslu í kjallara en þau nýrri í gryfju bókasafnsins. Á heimasíðu bókasafnsins er að finna lista yfir tímaritaeign safnsins og vefslóðir þeirra tímarita sem eru aðgengileg eru á rafrænu formi.

### **Gjafir**

Eins og fyrri ár bárust margar góðar gjafir frá velunnurum bókasafnsins. Kennarar og starfsmenn skólans eru gjafmildir og sýna það vel í verki. Bókasafn Vallaskóla færði skólanum fjölmörg eintök af Handbók um íslenska málfræði eftir Höskuld Þráinsson. Gaman er að geta þess að þessi bók nýttist vel við kennslu í ÍSLE3MM05, Máli málanna. Einnig berast ýmsar gjafir í tengslum við erlend samskipti og skólaheimsóknir. Þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir hlýhug í garð bókasafnsins.

Sú nýbreytni var tekin að upp að setja aðstöðu fyrir skiptibækur inn á Bollastaði, kaffistofu kennara. Þarna er hægt að losa sig við bókina sem þú vilt ekki eiga lengur og kannski finna aðra áhugaverða í staðinn. Þetta hefur mælst vel fyrir hjá starfsfólki.

Alls voru skráðar 76 bækur, átta mynddiskar og eitt borðspil. Safnið áskilur sér rétt til að taka við gjöfum án kvaða og ráðstafa þeim eins og hentar best notendum og starfsemi.

### Aðföng og skráning 2017-2018

Aðföng	Haustönn 2017	Vorönn 2018	Samtals
Bækur	236	252	488
Mynddiskar (DVD)	24	31	55
Hljóðbækur	3	3	6
Margmiðl.diskar	2		2
Spil	1	1	2
Gagnasett	1		1
<b>SAMTALS</b>	<b>267</b>	<b>287</b>	<b>554</b>

### Skráður safnkostur bókasafns FSu

Bækur og nýsigögn (eintakafjöldi)	Maí 2017	Afskrifað 2017-2018	Aðföng 2017-2018	Maí 2018
<b>BÆKUR</b>	17.103	388	488	17.203
<b><u>MYNDBÖND</u></b>	340	11		329
<b><u>MYNDDISKAR (DVD)</u></b>	484	2	55	537
<b><u>HLJÓMPLÖTUR</u></b>	130			130
<b><u>GEISLADISKAR</u></b>	151	1		150
<b><u>HLJÓÐBÆKUR</u></b>	168		6	174
<b><u>SNÆLDUR</u></b>	74	46		28
<b><u>MARGM.DISKAR</u></b>	57	1	2	58

<u>SKYGGNUR</u>	1			1
<u>FORRIT</u>	6			6
<u>GLÆRUR</u>	19			19
<u>LEIKJAK. / SPIL</u>	78		2	80
<u>GAGNASETT</u>	3		1	4
<u>KORT</u>	12			12
SAMTALS	18.626	443	554	18.731

### Rekstrarkostnaður 2017

Bækur	685.813
Tímarit og blöð	188.761
Myndefni	35.717
Kostnaður vegna Gagnis, landskerfis bókasafna	406.500
Landsaðgangur að gagnasöfnum	101.861
Snara, veforðabækur	128.000
Ordabok.is, vefáskrift	22.908
Greinasafn Morgunblaðsins	73.506
Skráning og frágangur á skjölum Iðnskólans á Selfossi	38.790
Funda- og námskeiðskostnaður	6.100
Uppsetning á bókamiðaprentara	5.291
Blek í litaprentara	84.079
Ritföng, bréfabindi, umbúðir um safnefni	15.080
Bókaplast	41.275
Tómir DVD-diskar	8.991
Spilaskífur	3.060

Tölvutöskur	9.647
Viðhaldsvörur	3.973
Tollar og aðflutningsgjöld	32.286
Dráttarvextir	862
Afskriftir á húsgögnum og innréttingum	58.287
Afskriftir á prenturum og ljósritunarvélum	<u>39.695</u>
	1.990.482
Tekjur vegna ljósritunarvélar	5.540
Innheimta vegna týndra safngagna	7.560
Aðrar tekjur	<u>35.000</u>
	1.942.382

### **Tæki og búnaður**

Á bókasafninu eru 12 borðtölvur, sjö fartölvur, tveir skannar, litaprentari (í afgreiðslu), laserprentari (nemendaprentari), lítið stafrænt upptökutæki, sjónvarp, myndbandstæki, DVD-spilari, ritvél, leturvél, vifta og sími. Ljósritunarvél er á safninu og greiða nemendur 15 kr. fyrir hvert blað.

Borðtölva í afgreiðslu var uppfærð í Windows 10 í byrjun skólaársins. Nýr myndskanni af gerðinni Canon, CanoScan LiDE 120 var keyptur til safnsins í september. Litaprentari í afgreiðslu bilaði í apríl og var ákveðið að kaupa samskonar prentara aftur, HP OfficeJet 7110.

Á skólaárinu bættust við þrjár fartölvur sem lánaðar eru nemendum í kennslustundir, nú eru til fimm fartölvur og útlán á þeim voru 834 talsins. Nýju tölvurnar eru af gerðinni Dell Latitude E7270.

Á bókasafninu eru hillur, lesbásar og afgreiðsluborð sem voru sérsmíðuð á sínum tíma. Um áramótin bættust við þrír gráir hægingastólar og fallett hliðarborð sem skapar þægilegt andrúmsloft. Nýjar hillur voru keyptar undir fartölvurnar og eru þær staðsettar í vinnurými inn af afgreiðslu.

Í ágúst áskotnaðist safninu þrjár hillustæður úr Bóksölu FSu sem voru færðar niður í geymslu, alls 37,8 hillumetrar.

## **Vinnuaðstaða**

Vinnuaðstaða bókavarða samanstendur annars vegar af afgreiðslurými þar sem upplýsingaþjónusta og afgreiðsla fer fram og hins vegar af vinnurými inn af afgreiðslu. Í afgreiðslurýminu eru staðsettur litaprentari sem nemendur og starfsmenn hafa aðgang að. Aðalprentari nemenda, laserprentari af gerðinni HP LaserJet P3015 er staðsettur við hringstigann.

Vinnuaðstaða forstöðumanns er inn af afgreiðslu, þar er aðstaða til skráningar og annarrar undirbúningsvinnu. Þar er einnig úrklippusafn í skjalaskáp sem inniheldur aðallega bæklinga og ýmislegt fræðsluefni. Í þessu vinnurými eru einnig geymdar kvikmyndir safnsins og kennslubækur sem kenndar eru hverju sinni. Geisladiskar og hljóðbækur eru staðsettar í hillum við afgreiðslu.

Vinnuaðstaða til plöstunar og viðgerða á safnefni er í minni geymslunni í kjallaranum. Þar er einnig sjónvarp, myndbandstæki og DVD spilari sem nýtist m.a. við yfirfærslu myndefnis af myndböndum yfir á mynddiska. Í kjallaranum er auk þess stærri geymsla fyrir eldri tímarit og bækur.

## **Fundir, námskeið og ráðstefnur**

Elín forstöðumaður safnsins sótti kennarafundi á skólaárinu og fundi með stýrihópi um upplýsingatækni.

Ingveldur sótti grunnnámskeið og útlánanámskeið í Gegni hjá Landskerfum bókasafna þann 6. september. Elín fylgdist með kynningarfundum um val á nýju bókasafnskerfi sem Landskerfi bókasafns hélt 21. nóvember. Þar voru kynntar niðurstöður sérfræðihópa vegna þarfalýsingar fyrir val á nýju bókasafnskerfi. Fyrirhugað er að taka í notkun nýtt kerfi, annað hvort síðla árs 2019 eða í ársbyrjun 2020.

Elín sótti málþing um samstarf og samstöðu ólíkra faghópa innan Upplýsingar sem félagið stóð fyrir í Öskju, húsnæði Háskóla Íslands þann 24. nóvember. Tilgangur þess var að vekja athygli á þörf og mikilvægi þess, að bókasöfnin í landinu og starfsfólk þeirra starfi og standi saman.

Fræðslufundur um Turnitin, ritstuldarforritið var haldinn í Þjóðarbókhöllu 27. febrúar. Elín fór á fundinn fyrir hönd skólans þar sem hún er tengiliður (administrator) FSu við kerfið.

Fræðslufundur skrásetjara Gegnis var haldinn 4. maí í Þjóðarbókhöllu og fór Elín á þann fund, mjög gagnleg og fræðandi erindi sem þar voru flutt.

Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum (SBF) fundar reglulega yfir vetrartímann. Fyrsti fundur vetrarins var í Flensborg 18. september, jólafundur í Tækniskólanum í Hafnarfirði 18. desember og loks í Fjölbrotaskólanum við Ármúla 19. mars. Samstarfshópurinn fór í námsferð til Amsterdam dagana 27. maí til 2. júní.

Ráðstefna, Aleflis, notendafélags Gegnis var haldin 30. maí í Bókasafni Kópavogs. Elín fór á ráðstefnuna þar sem sagt var frá útboði á nýju bókasafnskerfi sem kemur í stað kerfisins Aleph frá fyrirtækinu Ex Libris sem flestir þekkja undir heitinu Gegnir. Tilboð sem bárust í kerfið um miðjan maí reyndust ógild og því hefur verið brugðið á það ráð að endurtaka útboðið með svonefndu hraðtilboði sem verður opnað 7. júní nk. Nýtt útlit á Leitir.is (Gegnir.is) sem fer í loftið síðsumars var einnig kynnt á ráðstefnunni. Loks var kynning frá rafbókaútgáfunni Overdrive sem íslenska rafbókasafnið er í samstarfi við. Í bígerð eru samningar við íslenska útgefendur sem þýðir vonandi að íslenskar rafbækur og hljóðbækur munu innan skamms tíma verða í boði á vef rafbókasafnsins.

### **3.2 Skýrsla félagslífs- og forvarnafulltrúa**

Félagslífs- og forvarnafulltrúi: María Ben Ólafsdóttir

#### **Áherslur skólaárið 2017 til 2018**

Skólaárið 2017 til 2018 var einn kennari sem sinnti embætti félagslífs- og forvarnafulltrúa, María Ben Ólafsdóttir. Nýtt nemendaráð tók formlega við störfum 6. apríl 2017 eftir aðalfund félagsins. Fyrsti fundur var haldinn í aðstöðu nemendaráðs þann 24. apríl 2017. Á fundinum var skipað í stöður ráðsins:

#### **Miðstjórn**

**Markaðsstjóri: Borgar Ben Sigurðsson**

**Formaður tækninefndar: Guðni Steinarr Guðjónsson**

**Kynningarfulltrúi: Hallgerður Freyja Þorvaldsdóttir**

**Formaður leikráðs: Brynhildur Ágústsdóttir**

**Formaður ritráðs: Sigþór Constantin**

**Formaður málfundafélags: Hekla Björk Grétarsdóttir**

**Formaður skemmtinefndar: Birta Rós Hlíðdal**

**Formaður íþróttaráðs: Sandra Lilja Björgvinsdóttir**

**Formaður nýnema: Veigar Atli Magnússon**

#### **Aðalstjórn:**

**Formaður: Þórunn Ösp Jónsdóttir haustönn, Elísabet Davíðsdóttir vorönn**

**Gjaldkeri: Matthías Bjarnason**

**Varaformaður: Elísabet Davíðsdóttir haustönn, Veigar Atli Magnússon vorönn**

Um jólin útskrifaðist Sigþór Constantin, og Þórunn Ösp Jónsdóttir fór í annan skóla. Þá tók Elísabet Davíðsdóttir við af Þórunni og Veigar Atli Magnússon af Elísabetu.

#### **Helstu viðburðir á vegum NFSu**



## **Böll**

Tvö böll voru haldin á haustönn. *Nýnemaball* var haldið 7. september 2017 í Hvíta Húsinu á Selfossi. Skipulag gekk vel og var boðið upp á fjölbreytt tónlistaratriði. Rúmlega 430 miðar seldust á ballið og var góð stemming á ballinu og ekkert sérstakt sem kom upp á.

*Halloweenball* var síðan haldið í Hvíta Húsinu 19. október og var dræm þáttaka á ballinu en um 170 miðar seldust. Svo virðist sem Halloween þema sé ekki að höfða til nemenda og því spurning á næstu önn að hafa annað þema eða að sleppa því balli og eyða meiri tíma og fjármunum í Söngkeppnina.

*Árshátíðin* var haldin 14. febrúar og var þema hennar Winter Wonderland. Árshátíðin var vel auglýst bæði á netinu og í skólanum sjálfum með margs konar auglýsingum. Á seinasta skólaári þurfti að fella niður matinn á árshátíðinni vegna lítills áhuga og var því ákveðið í ár að hvetja nemendur til að mæta í matinn og var því ákveðið var að hafa frekar þekktan veislustjóra og varð Rikki G útvarpsmaður fyrir valinu. Markmiðið náðist og voru 105 manns sem að mættu í matinn. Um 400 manns mættu á ballið sjálft og flestir skemmtu sér mjög vel.

*Gæsla* á böllum var svipuðu og áður. Fulltrúar voru frá Björgunarsveitinni á öllum böllum auk gæslu frá skemmtistað og gæslumenn af báðum kynjum leita á nemendum þegar þeir mæta á svæðið. Foreldrarölt hefur alveg legið niðri þar sem engin áhuga hefur verið hjá foreldraráði og foreldum um það.

*Reykingarsvæði* hefur verið á böllum í veturinn en í eitt skipti var ekki hægt að girða það af sökum snjóþunga. Eins og undanfarin ár hefur drykkja verið töluverð á böllum en þó mest í byrjun þeirra. Nokkur óróleiki hefur skapast vegna útisvæðis og hafa flestir skólar farið þá leið að hafa ekki útisvæði og banna allfarið reykingar og notkun rafrettna. Að mati undirritaðar ætti að fara þá leið hér, þar sem hægt er að nota rafrettur til eiturlyfjanotkunar.

*Lokaball* þetta skólaár var svo haldið 26. apríl og var það froðurave. Um 430 nemendur komu á ballið og voru rútur frá uppsveitum Árnassýslu og frá Þorlákshöfn og Hveragerði. Ákveðið var af nemendaráði að gefa frítt í rútur þar sem ráðið gat ekki mannað gæslu í þeim og þarf að skoða þau mál ef rútur verða áfram í boði á böllum skólans.

## **Góðgerðarvika**

Góðgerðarvika fór fram 2. til 6 október 2017 og var líf og fjör í skólanum alla vikuna. Nemendum gafst tækifæri á að skora hver á annan og aðrir nemendur gátu síðan sett peninga undir sömu áskorun. Öll framlög runnu til SOS barnaþorpsins Jos í Nígeríu. Vikan byrjaði með því að skólinn var skreyttur hátt og lágt og sparibauk komið fyrir í andyri sem nemendur gátu sett í frjáls framlög í. Fulltrúar frá SOS Barnahjálpi kynntu starfsemi SOS barnaþorpa. Á miðvikudeginum var Karnival þar sem voru básar þar sem nemendur gátu spreytt sig á léttum þrautum fyrir klink. Haldið var Fifamót í Pakkhúsinu. Góðgerðardagarnir enduðu svo með lokahátíð í lðu þar sem kennarar kepptu á mótum nemendum í fótbolta í klædd froskalöppum og sundgleraugum auk þess sem áskoranir sem framkvæmdar höfðu

verið í vikunni voru sýndar og aðrar framkvæmdar á staðnum. Boðið var upp á pylsur og candyfloss eftir hátíðina. Formaður Nemendafélagsins, Þórunn Ösp Jónasdóttir, safnaði rúmlega 100 þúsund krónum þar sem skorað var á hana að raka af sér hárið. Gjaldkeri nemendafélagsins eyddi talverðum tíma í kassa í andyri skólans, markaðstjóri nemendafélagsins ferðaðist frá Þorlákshöfn í skólann á hlaupahjóli og einn nemandi gekk í skólann frá Hveragerði á Selfoss.

### **Söngkeppnin**

Stærsti viðburður skólaársins var svo Söngkeppni NFSU sem var haldin 9. nóvember 2017 en rúmlega 400 miðar seldust á keppnina. Keppnin heppnaðist mjög vel að flestu leyti. Harry Potter þema var á keppninni. Mjög vel gekk að safna styrkjum fyrir keppnina og nemendur lögðu sig alla fram við að skera niður kostnað á sem flestum stöðum. Magdalena Eldey Þórsdóttir sigraði keppnina með laginu Back to black með Amy Winehouse og tók hún svo þátt í aðalkeppninni á Akranesi í apríl en komst ekki í verðlaunasæti. Í öðru sæti var Aldís Elva og í þriðja var Krístrún Ósk. Kolbrún Katla fékk verðlaun fyrir frumlegasta atriðið.

### **Leikrit**

Það gekk erfiðlega að fá fólk í leikráð þetta árið en það náðist þó að lokum. Í ár var skoðaður sá möguleiki að halda leiksýningu en það gekk því miður ekki eftir. FSu sendi lið í keppnina Leiktu Betur og stóðu nemendur sig glæsilega í spunakeppninni þó sigurinn hafi ekki komið.

### **Íþróttaupptakomur**

Á skólaárinu voru nokkrar skipulagðar íþróttaupptakomur. Íþróttamót var milli kennara og nemenda á góðgerðardögum og á kátum dögum voru fótboldamót og körfuboltamót. Auk þess tók skólinn þátt paintballmóti og lazertagmóti.

### **Það sem betur má fara**

Ritráð gaf ekki út Nota Bene blað þetta skólaráð og þarf að skoða þau mál betur á næsta skólaári. Það virðist vera mikill áhugi á að gefa út blað, rafrænt eða útprentað meðal nemenda. Heimasíðumálin er einnig enn í ólestri og eru samfélagsmiðlar notaðir til að upplýsa um viðburði og hefur það gengið ágætlega. Fylgjendum nemendafélagsins á Snapchat fjölgaði um c.a. 200 frá byrjun haustannar. Setja þarf inn upplýsingar um nemendafélagið á heimsíðu skólans.

### **Morfís, Gettu betur og Boxið**

#### **Gettu betur**

Gettu betur gekk vel fyrir sig og keppendur voru þau Vilborg Ísleifsdóttir, Sólmundur Magnús Sigurðarson og Artúr Guðnason. Varamenn voru Sigdís Erla Ragnarsdóttir og Snorri Björn Magnússon. Liðstjóri var Ágústa Ragnarsdóttir og þjálfarar voru Jakob Brugel, Hannes Stefánsson og Hrafnhildur Hallgrímsdóttir. Liðið lenti í fyrstu umferð á móti Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi þann 8. janúar. Lið FSu sigraði með 30 stigum gegn 22. Lið FSu tapaði í annari umferð á móti Fjölbrautaskólanum í Breiðholti þann 16. janúar.

## **Morfís**

NFSu tók ekki þátt í Morfís í ár. Búið var að athuga með þjálfara og Ragnheiður Inga Sigurgeirsdóttir ætlaði að taka það verkefni að sér. En vegna áhugaleysi nemenda og mikils kostnaðar fyrir nemendafélagið var ákveðið að taka ekki þátt í Morfís þetta árið. NFSu vildi þá frekar spara þennan pening til þess að reyna gleðja sem flesta en ekki bara þessa örfáu sem höfðu áhuga á Morfís. Vonandi verður meiri áhugi á næsta skólaári því það alltaf gaman að geta tekið þátt.

## **Boxið**

Skólinn komst í úrslit í Boxinu og lenti svo í 3. sæti í úrslitakeppninni. Keppendur voru Dagur Snær, Karólína Ívars, Álfheiður Österby og Harpa Svans.

## **SKOH**

SKHO hlaut nú í apríl 500 þúsund króna styrk frá Lýðheilsustofnum til að nota í forvarnarfyrirlestra í skólanum og verður hann notuður í forvarnarstarf á næsta skólaári. Nemendur FSU fengu á haustönn forvarnarfræðslu um rafrettur í sal skólans. Björg Eyþórsdóttir hjúkrunarfræðingur og mastersnemi í heilbrigðisvísindum við HA kom og fjallaði meðal annars um rannsóknir tengdar rafrettum og nauðsyn þess að setja lög um sölu á slíkum búnaði. Þá benti Björg að rafrettur hafi verið settar til sölu til að hjálpa fólki að hætta sigarettureykingum og því ætti ekki að nota þær í öðrum tilgangi. Það væri eins og að nota verkjalyf þegar maður er verkjalaus. Í mars voru síðan haldnir regnbogadagar þar sem fjölbreytileikanum var fagnað. Boðið var upp á fyrirlestra og upptökur meðal annars um stafrænt klám og forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson kom í heimsókn.

Fimmtudagur 15. mars	Föstudagur 16. mars	Mánudagur 19. mars	Þriðjudagur 20. mars	Miðvikudagur 21. mars
<b>H E L G A R F R Í</b>				
Klukkan 11:30 Salurinn	Klukkan 10:30 Salurinn <b>Forseti Íslands</b>	Klukkan 11:30 Salurinn	Klukkan 10:30 Salurinn	Klukkan 12:20 Miðrymi
#metoo Hjálmar Gunnar Sigurðarson frá Stígumótum ræðir um það hvernig karlmenn eigi að bregðast við #Meetoo bytlingunni.		„Myndin af mér“ Brynhildur Björnsdóttir, annar höfundur „Myndin af mér“ kemur ásamt nokkrum leikurum og kynnir myndina og hugsunina á bakvið hana.	Kynning um Japan Hvað gerir Japani hamingjusama? 🇯🇵 Dagur hamingjummar!	Dagur Downs heilkennis! Karitas Harpa tekur laglög.
Allir að mæta í bleiku!	Allir að mæta í bláu!	Allir að mæta í grænu!	Allir að mæta í gulu! Tónlistaratriði í hádeginu!	Allir að mæta að mæta í 🇯🇵 (Stundir sökkvaði í dag!!)

## Regnbogadagar 2018 - Fögnum fjölbreytileikanum

*Við hvetjum alla kennara til að fara með hópana sína í salinn og hlusta á það sem þar fer fram.  
Einnig hvetjum við kennara til að gefa nemendum leyfi til að fara í salinn ef hægt er að koma því við.  
SKOH hópurinn 😊*

### Flóafár

Flóafár 2018 var haldið föstudaginn 2. mars og gekk ágætlega. Frekar lítil þátttaka þetta árið og telja nemendur að ástæða þess sé sennilega sú að framhaldsskólagangan er aðeins 3 ár í stað 4. Fjögur lið voru þetta árið en það voru þau NBA, Baywatch, Þjóðhátíð og Bjarnabófar. Í flóafárs vikunni var frekar mikið stress þar sem lítil þátttaka var framan af og að lokum tókst að manna fjögur lið. Þjóðhátíð sigraði keppnina en einnig voru veittar viðurkenningar fyrir búninga, heróp, borðlagningu, svæði og skemmtiatriði auk þess sem bestu búningar kennara að mati nemenda fá verðlaun.

### Kátir dagar

Kátir dagar voru haldnir hátíðlegir 28. febrúar og 1. mars. Hefðbundið skólustarf var brotið upp og nemendur gátu sótt ýmsa fyrirlestra og kynninga. Það var mikil dagskrá í boði en svo eitthvað sé nefnt kom Salka Sól og var með fyrirlestur um einelti sem hún varð fyrir í barnæsku, Vilborg Arna pólfari var einnig með áhrifaríkann fyrirlestur. Einnig voru fyrirlestrar um heimsreisur, tísku, förðun og fleira. Boðið var uppá morgunverð á fimmtudagsmorgninum og var hann vel aðsóttur. Að lokum var lokahnykkur í lðu þar sem úrslit voru úr fótbolta og körfuboltamótum sem höfði verið í gangi á fimmtudeginum.

Dagarnir gengu eins og í sögu og voru ágætlega sóttir en mæting hefði mátt vera betri, sérstaklega á fimmtudeginum. Þeir sem komu að Kátum dögum voru María Ársól Þorvaldsdóttir, Drífa Björt Ólafsdóttir, Ester Jóhannesdóttir, Tómas Davíð Ibsen og Kristjana Sigríður Skúladóttir

### **Forvarnir og samstarf við foreldraráð FSu**

Auka þarf og efla samstarf við foreldra og foreldraráð en lítill sem enginn áhugi hefur verið hjá þeim í vetur varðandi foreldrarölt og fleira. FF-fulltrúi hefur verið í samskiptum við foreldra í gegnum facebooksíðu fyrir foreldra en auglýsa þarf hana mun betur fyrir foreldrum. Einnig þarf að fræða nýnema betur um forvarnastefnu skólans og þær vinnureglur sem unnið er eftir á dansleikjum. Til dæmis með fræðslu í Braga eða Ergó og gæti forvarnarfulltrúi undirbúið efni sem kynnt væri fyrir nemendum.

Undirrituð sat mánaðarlega fundi með forvarnarhóp Árborgar en í honum eiga sæti fulltrúar lögreglu, skólayfirvalda, félagsþjónustunnar, íþrótt- og tólmstundaráðs o.fl. Árborg hefur meðal annars list yfir áhuga á að hefja samstarf við skólann um sjálfstyrkingarnámskeið í FSu sem nemendur gætu sótt og fengið einingu fyrir.

Nemendaráðið hefur sýnt mikinn áhuga á því að auka samstarf við foreldraráð og hefur hug á því að funda með þeim í haust til að ræða ýmis málefni og styrkja tengslin.

### **Lokaorð**

Í vetur komu fram tillögur um breytingar á lögum NFSu varðandi skipulag og starf félagssins. Nemendaráð skoðaði tillögurnar og kom fram með breytingartillögur. Á aðalfundi voru breytingar á lögum lagðar fram og samþykktar og verður því kosið eftir nýju skipulagi vorið 2019. Áhugavert verður að sjá hvaða áhrif þær breytingar munu hafa á starfsemi félagssins.

Í vetur gekk illa að manna nefndir til að vinna með nemendaráði og þarf að skoða þau mál betur til að vekja áhuga nemenda. Nemendafélagið og félagslíf er mjög mikilvægur þátt í skólastarfinu og þarf að leita allra leiða til að virkja nemendur í að taka þátt í skemmtilegum viðburðum og uppákomum. Svo virðist sem stytting framhaldsskólanáms og aukin vinnuþáttataka nemenda hafi leitt til þess að nemendur taka minna þátt í félagslífi og viðburðum á vegum nemendafélaga. Í vor útskrifast fyrstu árgangar sem hafa farið í gegnum þriggja ára nám og hafa stjórnvöld list yfir áhuga á að skoða hvaða áhrif breytingarnar hafa haft á nemendur og verður athyglisvert að sjá þær niðurstöður þegar þær liggja fyrir.

Nemendur eiga að fá tækifæri til að njóta alls þess sem árin í framhaldsskóla bjóða upp og er félagslíf stór partur af því auk þess sem nemendur geta í gegnum slíkt þroskað og eflt vinnáttutensl og samskipti við aðra. Við eigum að leggja áherslu á að nemendur njóti skólans og alls þess skemmtilega sem hann hefur upp á að bjóða.

Starf félagslífs- og forvarnarfulltrúa er mikilvægt og verksviðið margþætt. Hann er tengiliður á milli margra aðila og þarf að hvetja, styðja og styrkja nemendur í störfum þeirra.

## Kátir dagar 2017

Umsjón: Kristjana Sigríður Skúladóttir, Tómas Davíð Ibsen Tómasson

### Samantekt

Kátir dagar 2018 gengu vel að mörgu leyti.

Það var almenn ánægja með það sem var á dagskránni; fyrirlestra, námskeið og utanumhald. Jákvætt hvað margt var um að vera í húsinu og margir nemendur á svæðinu, sérstaklega á miðvikudeginum. Að hafa Joe and the Juice og lifandi tónlist í miðrýminu ýtti undir góða stemmingu í hádeginu.

Báða dagana var nokkuð góð stemming í miðrýminu og reyndist það vel að vera með kynna til að kalla upp hvaða viðburðir voru að hefjast. Spurning að virkja miðrýmið enn frekar á næsta ári.

Fyrirlestrarnir báða dagana gengu vel og voru margir nemendur viðstaddir fyrirlestur hjá Sölku Sól á miðvikudeginu sem og Vilborgu Örnú á fimmtudeginum. Morgunmaturinn var með glæsilegra sniði og lögðu nemendur mikla vinnu í að undirbúa hann og var Gurrý mjög hjálplega í þeim undirbúningi. Hafa það bak við eyrað að hafa Gurrý með í ráðum alveg frá byrjun undirbúnings.

Ákveðið var að selja pizzur í hádeginu á fimmtudeginum og gekk það fínt. Spurning um að reyna að fá utanaðkomandi aðila til að vera með veitingar á fimmtudeginum á næsta ári? Lokahnykkurinn var í lðu á fimmtudeginum klukkan 12:00 og gekk vel. Þar var úrslitakeppni í fótboltamótinu og körfuboltamótinu áður en nemendur spiluðu við lið kennara í körfubolta. Frágangur gekk vel og hratt fyrir sig.

Nemendur nálguðust vegabréf til Kristjönu og Tómasar í miðrýminu klukkan 10:30 á miðvikudeginum. Gekk það vel og væri sniðugt að gera það aftur þannig. Vegabréf voru notuð til að merkja mætingar og það gekk afar vel. Nemendur tóku þetta alvarlega og skiluðu vegabréfinu inn á skrifstofu eða til Kristjönu og Tómasar á fimmtudeginum.

Flest á dagskránni gekk vel og var mikil ánægja með þetta allt saman. Mikil ánægja var með þá fyrirlestra og viðburði sem kennarar innanhúss héldu og höfðu nemendur á orði að þeim fyndist það mjög gaman að hitta kennara sína í öðru samhengi en venjulegri kennslustund. Ákveðið var að taka ábendingu frá árinu á undan og voru bókaðir tveir stórir fyrirlestrar á sal sem gengu báðir mjög vel upp. Miðrýmið nýttist betur og var sérstaklega gaman að fá nemendur til að sjá um lifandi tónlist í öðru hádeginu. Mikilvægt að hlúa að dagskrá í miðrými og jafnvel auka enn viðburði þar.

Viljum við benda á mikilvægi þess að virkja fleiri nemendur og fjölbreyttari hóp við undirbúning Káttra daga í framtíðinni og að gott væri að byrja undirbúning í lok haustannar og vera búíð að fá stóru fyrirlestrana staðfesta fyrir áramót.

### Það sem tókst afar vel:

- Dagskrá var að góð.
- Fjölbreytt dagskrá og mikið í boði á hverjum tíma .

- Gott að hafa „kallara“ sem var að minna á að viðburðir séu að hefjast.
- Morgunmaturinn var vel skipulagður og það var nóg fyrir alla.
- Fyrirlestrar kennara gengu vel og voru vinsælir – um að gera að halda því í boði.
- Ánægja með vinnustofur listnámskennara og textílkennara.
- Gott að vera í góðu samstarfi við Gurrý og var hún mikill stuðningur við morgunmatinn – bæði hvað varðar innkaup og framkvæmd. Gurrý er snillingur
- Flott að hafa bara eitt vídeó maraþon – þarf ekki meira

Endilega koma því á framfæri að hlutverk mötuneytis breytist þessa daga. Þar sem verið er að selja pizzu, þá þarf afar lítinn mat í mötuneyti. Spurning um að nýta starfskraftinn í eitthvað annað.

#### **Það sem þarf að huga að:**

- Gera meira kósý í maraþon-stofunum (nem. geta komið með eitthvað sjálfir). Það voru settir sófar núna og það kom vel út.
- Muna að vera í góðu sambandi við starfsmenn mötuneytis og lðu
- Passa að hafa ekkert í gangi frammi (sem er með hávaða) þegar eitthvað er í gangi í salnum.
- Dagskrá þarf að vera tilbúin minnst viku fyrir viðburð.
- Auglýsingar þurfa að vera komnar réttar upp með góðum fyrirvara – virkja skreytingarstjóra og auglýsingastjóra.
- Virkja þarf fjölbreyttari og breiðari hóp nemenda – passa að sömu nemendur séu ekki að skipuleggja annan viðburð sem er á svipuðum tíma (t.d. árshátíð).
- Þarf að vera gengsæi og utanumhald um allan tilfallandi kostnað.

#### **Fyrir nemendur að muna:**

- Auglýsa viðburði með fyrirvara. Það skapar stemmingu.
- Virkja nemendaráð í að aðstoða við morgunmat.
- Skreyta með blöðrum eða einhverju álíka!!! Það skapar stemmingu.
- Vera búinn að staðfesta komu fyrirlesara og annarra gesta.
- Taka á móti „sínur“ gesti og fylgja honum til stofu. Sjá um að hann hafi það sem þarf og þakka honum fyrir í lokin.
- Vera með gott upplýsingastreymi á Facebook.
- Skipta með sér verkum; matarstjóri, íþróttastjóri, fjármálastjóri, dagskrárstjóri ...
- Við dagskrárgerð þarf að muna eftir ÖLLUM HÓPUNUM HÉR Í FSU ... koma til móts við sem flesta í dagskránni.

#### **Fyrir kennara að muna:**

- Hvetja kennara til að mæta á þær stöðvar sem þeir eru settir á. Ef þeir komast ekki, geta þeir skipt innbyrðis.
- Gott var fyrir þá tvo kennara sem eru nemendum innan handar að skipta með sér verkum – annar kennarinn ber ábyrgð á matnum og þá um leið snúa þeir nemendur sér til hans sem sjá um matinn. Einnig er hægt að vinna þetta í sameiningu – en mikilvægast er að kennarar vinni vel saman og séu samstíga.
- Reyna að koma í veg fyrir flakk nemenda. Ef fyrirlestur er byrjaður, þá er ekki við hæfi að yfirgefa svæðið. Kvitta fyrir þátttöku eftir á – þá eru nemendur að klára viðburðinn.
- Senda út lista með viðveru kennara með nokkurra daga fyrirvara. Kennarar geta skipt innbyrðis.
- Hafa pósta skýra og góða sem sendir eru bragakennurum.

### Hugleiðingar:

Á að taka Flóafár og Káta daga í sundur? Flytja Káta daga í apríl? Þá er meiri möguleiki á því að vera úti; kraftakeppni, hjólabrettabraut og fleira.

Morgunmaturinn var vel heppnaður. Halda sama skipulagi, sleppa pulsum í hádeginu og leggja meira í morgunmatinn.

Fjárframlag frá skóla og nemendaráði þarf að vera skýrt í upphafi skipulagningar.

### Dagskrá Kátra daga 2018

MIÐVIKUDAGUR	Klukkan	Staður	ALLUR DAGURINN	Staður
Venjuleg rúttína	Kl. 8.15	Fsu	Joe and the Juice	Miðrými
Umsjón, vegabréf	Kl. 10.15	Fsu	Maraþon-vaktirnar	204
Manntafl hjá Lalla Braga	Kl. 10.25	Miðrými	Opið í myndlistarstofu	301
Hjálparstarf	Kl. 10.30	Stofa 210		
Salka Sól	Kl. 11.00	Salur	<b>Hádegi(12-13)</b>	
<b>MATUR</b>	<b>Kl. 12 - 13</b>	<b>Miðrými</b>	Magdalena Eldey	Svið
Crossfit Hengill	Kl. 13.00	Miðrými	Kolbrún Edda	Svið
Dale Carnegie	Kl. 13.00	Stofa 210	Gabriel Werner	Svið
Guðfræðideildin	Kl. 13.00	Stofa 211		
Táknmál	Kl. 13.00	Stofa 208		
Bingó	Kl. 13:00	Stofa 201		



EFT - leið til að takast á við stress Námsráðgjafar	Kl. 13.30	Stofa 206		
Saga kontrabassans	Kl. 13.40	Stofa 207		
Heimsreisufyrirlestur – Reynslusaga	Kl. 13:40	Stofa 209		
Mínimalismi	Kl. 14.00	Stofa 210		
TATTOO-fræðsla	Kl.14.00	Stofa 208		
Mundo – skiptinám	Kl. 14:00	Stofa 211		

FIMMTUDAGUR	Klukkan	Staður	ALLUR DAGURINN	Staður
Morgunmatur	Kl. 8.15 - 9.00	FSu	Opið í myndlistastofu	301
Vilborg Arna pólfari	Kl. 9.00	Salur	Fótboltamót - hefst snemma kl 9	
Skipstöð – spil	Kl. 9.00	Stofa 212	Poker	201
Hestamót	Kl. 10:00	Reiðhöll		
Sofum betur Námsráðgjafar	Kl. 10:00	Salur		
Kilroy	Kl. 10.00	Stofa 210	Marathon	204
Laganám HÍ	Kl. 10.30	Stofa 209	Dominos selur pizzur í hádeginu frá 11.00-12.00	
Tíska og Blogg	Kl. 10.30	Stofa 208		
Rannveig Óla - förðun	Kl. 11.00	Stofa 210		
Textíl, hönnun - opið	Kl. 10.00-12.00	Stofa 304		
ÚRSLIT Í IÐU og lokahnykkur	Kl. 12.00	lóa		

### 3.3 Jafnréttisfulltrúi

Jafnréttisfulltrúi: Þórey Hilmarsdóttir

Nýr jafnréttisfulltrúi tók við í byrjun skólaársins. Fyrsta verkefni hans var endurskoðun jafnréttisáætlunar FSu í samræmi við ákvæði jafnréttislaga og jafnréttisáætlunar FSu. Endurskoðuð jafnréttisáætlun var kynnt starfsfólki FSu á fundi þann 17. apríl 2018.

Á skólaárinu var hafin vinna við að útfæra viðbragðsáætlun og verklagsreglur um viðbrögð við einelti, kynbundnu áreitni, kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi innan FSu, í samræmi við ákvæði reglugerðar 1009/2015.

Samkvæmt jafnréttislögum skal tryggja launajöfnuð og leitast við að leiðrétta launamun milli kynja ef einhver er. Jafnréttisáætlun FSu gerir ráð fyrir því að í lok febrúar ár hvert liggi fyrir greining á launum og fríðindum starfsmanna. Þeirri greiningu er ekki lokið en stefnt er að því að kynna niðurstöður í byrjun næsta skólaárs.

Þann 31. ágúst 2017 sóttu fráfarandi og nýr jafnréttisfulltrúi FSu málþing Jafnréttisstofu undir yfirskriftinni: *Frá Rauðsokkum til brjóstabyltingar – hverju skilaði hver hreyfing um sig? Hver er staðan í dag?* Málþingið var haldið í tilefni af starfslokum Krístínar Ástgeirsdóttur fyrrverandi framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu. Málþingið var haldið í Veröld – húsi Vigdísar Finnbogadóttur.

Vinumálastofnun bauð til morgunverðarfundar þann 11. janúar 2018 og var tilgangur fundarins að vekja athygli á mikilvægi þess að efla forvarnir á sviði vinnuverndar með sérstaka áherslu á kynferðislega- og kynbundna áreitni á vinnustöðum. Fundurinn var haldinn á Grand Hótel. Jafnréttisfulltrúi FSu og trúnaðarmaður kennara sóttu fundinn.

#metoo byltingin hafði mikil áhrif á skólaárinu og hafði einnig áhrif á starf jafnréttisfulltrúa. Þann 23. janúar 2018 var boðið upp á námskeiðið *#Metoo og lögin: Hver er réttarstaðan í málum um kynferðislega áreitni?* Námskeiðið var haldið í húsi Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð en námskeiðinu var jafnframt streymt. Jafnréttisfulltrúi FSu fylgdist með námskeiðinu í gegnum streymi.

Jafnréttisfulltrúi sat tvo fundi með SKOH hóp FSu. Erfitt reyndist að finna tíma sem hentaði öllum og því urðu fundirnir ekki fleiri. SKOH hópurinn undirbjó Regnbogadaga til að fagna fjölbreytileikanum og voru þeir í mars 2018. Jafnréttisfulltrúi þátt í þeim undirbúningi og framkvæmd.

### **3.4 Skólastarf í fangelsum**

Kennslustjóri: Gylfi Þorkelsson

#### **Inngangur**

Nú eru 40 ár síðan kennsla og skólastarf hófst á Litlahrauni. Þó margt hafi áunnist, nám og

kennsla smám saman vaxið að umfangi og fjölbreytni, fangelsum fjölgað og starfið þróast í samræmi við það, þá má fullyrða að menntun fanga og skólastarf í fangelslum er að stórum hluta til ósáinn akur. Ótal möguleikar eru enn vannýttir, en í þessu strandar á opinberri stefnumótun, að yfirvöld mennta- og fangelsismála komi sér saman um framtíðarsýn og skýra stefnu sem taki á skipulagi skólastarfs í öllum fangelsum á Íslandi.

Skólaárið 2017-2018 einkenndist af stigvaxandi nemendafjölda samfara fjölgun vistmanna á Litlahrauni. Um eða eftir miðja haustönnina var fangelsið nánast fullnýtt eftir endurbætur og það hafði jákvæð áhrif á nemendafjölda í skólanum. Námsárangur fór jafnframt batnandi og má segja að hann hafi verið óvenjugóður á vorönn 2018. Mikinn þátt í því átti einn nemandi sem stóð sig frábærlega og lauk 45 einingum, 9 námsáföngum, og hafði jafnframt tvímæla- laust góð áhrif á aðra nemendur, og skólabraginn.

Nokkur heillavænleg framfaraskref voru stigin á skólaárinu. Sérkennari var ráðinn í fast stöðuhlutfall, þjónusta við fangelsið á Hólmsheiði hófst á ný, þó í takmörkuðu magni væri, og námsframboð í staðkennslu á Litlahrauni var aukið með tveimur nýjum námsgreinum.

Að öðru leyti var starfið í hefðbundnum skorðum, námsframboðið það sama í stórum dráttum, lítil starfsmannavelta í samhentum og góðum hópi fagfólks sem hefur næga þolinmæði og sveigjanleika til að koma til móts við afar breytilegan nemendahóp.

Ekki hefur allt gengið eftir sem vonir stóðu til sl. vor að yrði klappað og klárt. Enn á eftir að blessa yfir og bæta við hráefnum svo hægt verði að hnoða stefnumótunardeigið, koma því í ofninn og á diskana. Eftir á að ljúka frágangi nýrra og endurbættra kennslurýma svo hægt sé að auka námsframboð enn meira við betri starfsaðstæður. Ef sýnin og stefnan er ljós verður framkvæmdin ekki þröskuldur, til staðar eru mannauður, verkferlar og tillögur. Vonandi verður ný heildarstefna í málaflokknum kynnt í skýrslu næsta skólaárs.

Við skólafólkið höfum bjartsýnina að leiðarljósi og segjum því óhikað: „Þetta verður allt komið næst“.

## Haustönn 2017

### Starfsfólk

Eftirfarandi störfuðu við skólahaldið á önninni:

Árni Blandon Einarsson, sálfræðikennari LH (fjarnám)

Egill Örn Jóhannesson, bílgreinakennari LH (staðnám)

Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri og íslenskukennari LH og Sogni

Helgi Þorvaldsson, enskukennari Sogni (staðnám)

Hörður Ásgeirsson, sérkennari LH og Sogni

Ingvar Bjarnason, stærðfræði- og grunnteiknikennari Sogni (staðnám) og LH (fjarnám)

Lárus Ágúst Bragason, sögukennari, LH (fjarnám)

Lóa Hrönn Harðardóttir, náms- og starfsráðgjafi LH og Sogni  
Óskar Guðbjörn Jónsson, trúnaðsleiðgjafi LH (fjarnám)  
Ragnar Geir Brynjólfsson, forritunarkennari Sogni (fjarnám)  
Ragnheiður Eiríksdóttir, heimspekikennari LH (fjarnám)  
Sigurður Grímsson, málmíðngreinakennari LH (staðnáms)  
Sveinn E. Magnússon, enskukennari LH (staðnáms)  
Sverrir Geir Ingibjartsson, íþróttakennari LH (staðnáms)  
Úlfur Björnsson, landafræðikennari Sogni (fjarnám)  
Þór Stefánsson, rafmagnsfræðikennari Sogni (fjarnám)  
Ægir Sigurðsson, stærðfræðikennari LH (staðnáms)

### **Samantekt um skólahaldið**

Innritun í skólann fór hægt af stað haustið 2017 en nemendum fjölgaði smám saman eftir því sem á leið og upp úr miðri önn má segja að hafi orðið skyndileg sprenging og mikil fjölgun á stuttum tíma. Mest munaði þar um erlenda nemendur en 7 Pólverjar skráðu sig í nám á sama tíma, í íslensku og ensku. Einnig hafði áhrif að í október lauk viðgerðum og endurbótum í húsi 3 og margir nýir vistmenn bættust í hópinn á Litlahrauni. Þegar yfir lauk hafði 61 nemandi komið við sögu skólahaldsins, í lengri eða skemmri tíma, 44 á Litla-Hrauni en 18 í Sogni, sem er nokkur fjölgun frá haustönn 2016 þegar 44 nemendur skráðu sig, þar af 35 á Litlahrauni en 9 í Sogni. Af þessum 59 voru 33 nógu virkir til að skrásetjast í Innu og ljúka námsmati, 24 á Litlahrauni og 9 í Sogni. Að auki stunduðu 3 nemendur í Sogni háskólanám og 1 nám við annan framhaldsskóla í fjarnámi. Heildarfjöldi „virkra“ nemenda má því telja 37 á önninni. Skólahald hófst föstudaginn 18. ágúst með útdeilingu stundaskráa og skráningu nýrra nemenda. Kennsla hófst mánudaginn 21. ágúst á Litlahrauni og þriðjudaginn 22. í Sogni. Hefðbundin staðkennsla fer fram fimm daga vikunnar á Litlahrauni en þrjá daga í Sogni. Þessir 33 FSu-nemendur í fangelsunum voru alls skráðir í 35 mismunandi áfanga í 16 námsgreinum og 447 feiningar, þar af stóðust samtals 160 feiningar eða tæp 36%. Þeir 28 nemendur sem litu við í skólanum, en voru ekki skráðir, ýmist hættu námi fljótlega af ýmsum ástæðum eða voru nýbyrjaðir við skólalok. Einingar þeirra skila sér að hluta á næstu önn.

Eftir umtalsferða fækkun nemenda á haustönn 2016 virðist fjöldinn aftur vera kominn í svipað far og oft áður, um 60 nemendur sem koma við sögu í heildina tekið, þó mun færri séu skráðir formlega í Innu. Töluverður tími kennslustjóra, námsráðgjafa og sérkennara fór þó í að sinna þessum einstaklingum, mynda tengsl og trúnaðarsamband. Reynslan sýnir að sú vinna skilar sér, þó síðar verði.

Kennslustjóri og námsráðgjafi sóttu nokkra fundi og ráðstefnur á önninni. Þann 6. september í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu ásamt skólameistara FSu, þar sem til umfjöllunar var tillaga að samningi milli ráðuneytis og FSu um framkvæmd skólahalds í fangelsum, með nýju, föstu stöðugildi sérkennara og aukningu á stöðugildi kennslustjórnar og námsráðgjafar vegna þjónustu við fangelsið á Hólmsheiði.

Þann 21. september sóttu kennslustjóri og námsráðgjafi fund í fangelsinu á Hólmsheiði um skólahald þar, framkvæmd, tölvu- og netaðgang, húsbúnað og fleira er lýtur að skipulagi, námsframboði og þjónustu. Aftur sóttu kennslustjóri og námsráðgjafi fund á Hólmsheiði 26. október, í þetta skipti með forstöðumanni og varðstjórum fangelsisins og fulltrúum frá Mími-símenntun um hugsanlega aðkomu Mímis að menntun fanga á Hólmsheiði.

Kennslustjóri lagði töluverða vinnu á önninni í samskipti við þingmenn Suðurkjördæmis með þá von í brjósti að tækist að tryggja fjármagn á fjárlögum til að efla skólahald í fangelsunum. Ágætar undirtektir fengust við erindum þess efnis en stjórnarslit á miðri önn settu strik í reikninginn og fyrirhugaður fundur með þingmönnum í sk. „kjördæmaviku“ féll um sjálfan sig.

Saman dregið má segja að skólastarfið hafi gengið allvel, með hefðbundnum fyrirvara um sveiflukennt ástand innan veggja fangelsanna, sérstaklega komst á þökkalegur skriður síðasta einn og hálfan mánuðinn af önninni.

### Yfirlit yfir námsárangur

Eins og fram kom hér að framan voru á haustönn skráðir í Innu 33 nemendur í 35 áfanga í 16 námsgreinum og 447 feiningar. Staðnar einingar voru 160 eða 35,8%. Allstór hópur var nánast óvirkur í náminu og aðrir nýbyrjaðir við annarlök og standa þessir, alls 28 nemendur, utan tölfræðiútreikninga, þó skráðir væru óformlega í skóla um stund.

Alls voru gefnar 102 einkunnir í annarlök. Einkunnin F var langalgengust, 58 F af 102 lokaeinkunnum, eða 56,8% allra einkunna. F þýðir að nemandi hefur ekki verið kominn það langt í námi sínu að taka próf eða ljúka fullnaðarnámsmati, verið „í miðju kafi“ í námsefninu þegar önninn lauk. Af þeim 44 sem náðu að ljúka námi í áföngum stóðust hins vegar 40 settar kröfur, eða 91% nemanda, sem er frábær árangur. Ef skyggst er á bak við einkunnina F sést að námi er stundum nánast lokið eða það alllangt komið og verulegar líkur á að einingarnar skili sér með safninu á næstu önn.

### Einkunnadreifing H17

Eink.	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	S	F
Fjöldi	0	6	10	8	6	8	0	1	2	1	2	58
/102	0%	5,9%	9,8%	7,8%	5,9%	7,8%	0%	0,9%	2%	0,9%	2%	57%
/44	0%	13,6%	22,7%	18,2%	13,6%	18,2%	0%	2,3%	4,5%	2,3%	4,5%	

### ALMENNT BÓKNÁM

#### Enska

ENSK-	Fjöldi nem.	Staðið	F	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1HE05	9	8	1	6,5	40 / 89%
1HA05	7	1	6	9	5 / 14,3%
2HB05	3	1	2	8,0	5 / 33,3%
2HC05	4	0	4	F	0
2OR05	2	1	1	6	5 / 50%
3FO05	2	1	1	8	5 / 50%

## Forritun

TÖLV-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2FA05	1	0	1	F	0

## Heimspeki

HEIM-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2SM05	1	0	1	F	0

## Íslenska

ÍSLE-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1LR05	8	2	6	6,5	10 / 25%
1MR05	4	1	3	5	5 / 25%
2OS05	4	1	3	5	5 / 25%
2VÍ05	1	0	1	F	0
3PS05	1	0	1	F	0
3LX05	1	1	0	8	5 / 100%

## Íþróttir

ÍPRÓ-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)eink.	Staðnar ein. / %
1PH03	3	1	2	4,3	3 / 33,3%
2PL03	8	3	5	4,8	6 / 25%
2AL02	2	2	0	S	4 / 100%

## Landfræði

LAND-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2EL05	1	0	1		0

## Saga

SAGA-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1IS05	2	2	0	7,5	10 / 100%
2YA05	1	0	1	F	0

## Sálfræði

SÁLF-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
3KV05	1	1	0	8	5 / 100%

## Stærðfræði

STÆR-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein./%
1GS05	3	0	3	F	0
1AJ05	3	0	3	F	0
1RU05	2	1	1	9	5 / 50%
1AR05	1	0	1	F	0
2HV05	2	0	0	F	0
2VF05	1	0	1	F	0

## BIFVÉLAVIRKJUN - GRUNNNÁM

### Hemlar

BVHE-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
20101	5	3	2	7,3	3 / 60%

## GRUNNNÁM BYGGINGAGREINA

### Framkvæmdir og vinnuvernd

FRVG-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1RÖ05	1	1	0	8	5 / 100%

### Grunnteikning

GRTE-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1FA05	1	0	1	F	0

## GRUNNNÁM MÁLMÍÐNA

### Hlífðargassuða

HGSU-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1HS03	5	3	2	6,7	9 / 60%

### Logsuða

LOSU-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1HS03	5	3	2	6,7	9 / 60%

### Plötuvinna

PLVI-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1PS04	4	4	0	6,25	16 / 100%

## GRUNNNÁM RAFIÐNA

### Rafmagnsfræði

RAFM-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1RA05	3	0	3	F	0

## HÚSASMÍÐABRAUT

### Teikningar og verklýsingar

TEVH-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein./%
2TH05	1	0	1	F	0
3SV05	1	0	1	F	0

Vorönn 2018

Starfsfólk

Eftirfarandi störfuðu við skólahaldið á önninni:

Ágústa Ragnarsdóttir, myndlistarkennari LH (staðnám)  
Egill Örn Jóhannesson, bíliðngreinakennari LH (staðnám)  
Guðfinna Gunnarsdóttir, enskukennari, Hólmsheiði (fjarnám)  
Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri og íslenskukennari LH og Sogni (staðnám)  
Helgi Þorvaldsson, enskukennari Sogni (staðnám)  
Hörður Ásgeirsson, sérkennari LH, Sogni og Hólmsheiði (staðnám)  
Ingvar Bjarnason, stærðfræði- og grunnteiknikennari Sogni (staðnám) og LH (fjarnám)  
Klara Guðbrandsdóttir, náms- og starfsráðgjafi LH, Sogni og Hólmsheiði  
Lárus Ágúst Bragason, sögukennari LH og Sogni (fjarnám)  
Ólafur Einarsson, jarðfræðikennari LH og Sogni (fjarnám)  
Ragnheiður Eiríksdóttir, heimspekikennari LH (fjarnám)  
Sigurður Grímsson, málmiðngreinakennari LH (staðnám)  
Sveinn E. Magnússon, enskukennari LH (staðnám) og Hólmsheiði (fjarnám)  
Sverrir Geir Ingibjartsson, íþróttakennari LH (staðnám) og Sogni (fjarnám)  
Úlfur Björnsson, landafræðikennari Sogni (fjarnám)  
Þór Stefánsson, rafiðngreinakennari LH (staðnám)  
Ægir Sigurðsson, stærðfræðikennari LH (staðnám)

### **Samantekt um skólahaldið**

Alls komu 89 nemendur við sögu skólahalds FSu í fangelsunum á vorönn 2018; 65 á Litlahrauni, 22 í Sogni og 2 á Hólmsheiði. Námsráðgjafi heimsótti fangelsið á Hólmsheiði tvisvar sinnum í viku og sérkennari einu sinni, sinntu viðtalsþjónustu og aðstoðuðu nemendur við nám, þar af 2 við fjarnám frá FSu.

Skólahald hófst föstudaginn 5. janúar með útteilingu stundaskráa og skráningu nýrra nemenda. Kennsla hófst mánudaginn 8. janúar á Litlahrauni og þriðjudaginn 9. í Sogni. Hefðbundin staðkennsla fer fram fimm daga vikunnar á Litlahrauni en þrjá daga í Sogni.

Af 89 nemendum voru 47 nógu lengi við nám til að skrásetjast formlega í Innu og ljúka námsmati, 33 á Litlahrauni, 13 í Sogni og 1 á Hólmsheiði. Að auki stunduðu 3 nemendur í Sogni háskólanám. Heildarfjöldi „virkra“ nemenda má því telja 50 á önninni.

Þessir 47 FSu-nemendur í fangelsunum voru alls skráðir í 38 mismunandi áfanga í 17 námsgreinum og 633 feiningar, þar af stóðust samtals 286 feiningar eða rúm 45%. Einn nemandi á Litlahrauni lauk 45 einingum á önninni, eða 9 námsáföngum.

Þeir 42 nemendur sem litu við í skólanum en voru ekki skráðir formlega ýmist hættu námi fljótlega af ýmsum ástæðum, losnuðu úr fangelsi eða voru nýbyrjaðir við skólalok. Einingar sumra þeirra skila sér að hluta til á næstu önn.

Þrjú kennarar frá FSu sinntu staðbundinni kennslu í Sogni auk þess sem kennslustjóri, náms- og starfsráðgjafi og sérkennari komu þangað einu sinni í viku, sinn daginn hver. Á Litlahrauni sinntu 8 kennarar staðbundinni kennslu, en þar hafa kennslustjóri og náms- og starfsráðgjafi einnig fasta viðveru og starfsaðstöðu. Sérkennari var með fasta viðveru tvisvar í viku á



Litlahrauni. Bæði sérkennari og náms- og starfsráðgjafi þjónustuðu nemendur á Hólmsheiði reglulega, námsráðgjafi tvisvar í viku og sérkennari einu sinni.

Auk ofangreindra voru 6 FSu-kennarar með 8 fjarnámsnemendur í 9 mismunandi áföngum, samtals 75 einingum, og skiluðu sér 70 einingar af þeim eða 93%.

Á önninni hófst aftur markviss þjónusta við fangelsið á Hólmsheiði. Náms- og starfsráðgjafi fór þangað tvisvar í viku. Mikil eftirspurn var eftir þjónustunni og stöðugur straumur í viðtöl, ekki síst í upphafi annar. Námsráðgjafi aðstoðaði töluverðan hóp fólks við að skrá sig í nám, aðallega fjarnám við Fjölbrautaskólann við Ármúla en einnig í örfáum tilvikum við aðra skóla. Sá galli er þó á þessu skipulagi að innritun í fjarnám lýkur almennt snemma á önninni og því verður hluti vistaðra á Hólmsheiði af námsframboði, þeir sem koma í fangelsið eftir að innritun lýkur. Þetta er bagalegt því mikilvægt er að grípa alla einstaklinga sem sýna áhuga á námi tveimur höndum og koma þeim þegar af stað. Undirstrikar þetta nauðsyn þess að ljúka þeirri vinnu sem kennslustjóri og námsráðgjafi hafa undanfarin ár margítrekað ýtt af stað og lagt fram tillögur um; að móta heildstæða stefnu um menntun og skólalald í íslenskum fangelsum, og að Fjölbrautaskóli Suðurlands bæti kennslu nemenda á Hólmsheiði við þegar veitta þjónustu í fangelsum. Sá sveigjanleiki sem þróast hefur undanfarna áratugi í þjónustu FSu á Litlahrauni og Sogni er jafn nauðsynlegur á Hólmsheiði og í öðrum fangelsum. Helstu vonbrigðin í lok skólaársins eru að öll sú vinna, hugmyndir og tillögur sem ræddar hafa verið undanfarin ár, útfærðar ítarlega og lagðar fram á síðasta skólaári, fyrir ráðuneyti menntamála, fangelsis- og skólafyrirvöld, hafa strandað, a.m.k. í bili. Ekkert bólar á viðbrögðum ráðuneytisins við tillögum um framtíðarskipan menntunar og skólalalds í fangelsum, aukin og bætt verknámsaðstaða á Litlahrauni er ekki komin í gagnið og beðið er eftir endurnýjun tölvuvers. Gleðilegt er þó að vilji er til að auka fjölbreytni í námsframboði og er staðkennsla í teikningu og rafmagnsfræði á Litlahrauni á vorönn til vitnis um það.

### Yfirlit yfir námsárangur

Fyrrgreindir 89 nemendur FSu sem sátu á skólabeck á einhverjum tímamarki á önninni voru alls skráðir í 43 mismunandi áfanga, 317 skráningar, 19 námsgreinar og 1342 feiningar. Af þeim voru 47 virkir, skráðir í 42 áfanga og 633 einingar. Alls skiluðu sér 286 einingar, eða 45,1%.

Alls voru gefnar 148 einkunnir. Af þeim voru 78 F, eða 53% einkunna, sem gefur til kynna að nemendur hafi ekki klárað viðkomandi áfanga með lokamati, hætt í miðju kafi af ýmsum ástæðum. Ef frá eru dregnar allar F einkunnir og aðeins tekið tillit til þeirra einkunna sem sannarlega eru afrakstur lokanámsmats, þá er um að ræða 70 einkunnir. Af þeim eru aðeins 2 falleinkunnir (1-4) en 68 einkunnir staðnar (5-10). Af þeim sem fara í próf eða ljúka námsmati í áföngunum standast 97,1% settar lágmarkskröfur, sem er frábær árangur.

### Einkunnadreifing V18

Eink.	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	S	F
Fjöldi	4	5	25	20	10	4	1	0	1	0	0	78
/148	2,7%	3,4%	16,9%	13,5%	6,8%	2,7%	0,7%	0%	0,7%	0%	0%	52,7%

/70	5,7%	7,1%	35,7%	28,6%	14,3%	5,7%	1,4%	0%	1,4%	0%	0%	
-----	------	------	-------	-------	-------	------	------	----	------	----	----	--

### 3.4 Yfirlit yfir námsárangur í einstökum greinum og áföngum

#### Enska

ENSK-	Fjöldi nem.	Staðið	F	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1HE05	12	5	7	7,6	25 / 41,7%
1HA05	13	5	8	7	25 / 38,5%
2HB05	3	1	2	7	5 / 33,3%
2HC05	5	2	3	7	10 / 40%
2OR05	3	2	1	6,5	10 / 66,7%
3FO05	1	1	0	7	5 / 100%
3PE05	1	1	0	10	5 / 100%

#### Heimspæki

HEIM-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2BY05	1	1	0	6	5 / 100%
2SM05	1	1	0	5	5 / 100%

#### Íslenska

ÍSLE-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1LR05	8	4	4	7,5	20 / 50%
1MR05	3	1	2	6	5 / 33,3%
2OS05	2	2	0	7	10 / 100%
2VÍ05	3	1	2	8	5 / 33,3%
3PS05	5	5	0	7	25 / 100%
3NB05	1	1	0	8	5 / 100%

#### Íþróttir

ÍÞRÓ-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)eink.	Staðnar ein. / %
1PH03	3	1	2	4,5	3 / 33,3%
2PL03	2	2	0	7,5	6 / 100%
2AL02	3	3	0	7	6 / 100%

#### Jarðfræði

JARÐ-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2JÍ05	2	2	0	7,5	10 / 100%

#### Myndlist

MYND-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2TK05	7	0	7	0	0 / 0%

#### Landfræði

LAND-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)eink.	Staðnar ein. / %
-------	-------------	--------	------	--------------	------------------

2EL05	1	1	0	8	5 / 100%
-------	---	---	---	---	----------

#### Saga

SAGA-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2IS05	4	3	1	7,3	15 / 75%
2YA05	3	3	0	8	15 / 100%

#### Stærðfræði

STÆR-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1GS05	13	1	12	9	5 / 7,7%
1AJ05	5	0	5	0	0 / 0%
1RU05	2	1	1	8	5 / 50%
1AR05	1	0	1	0	0 / 0%
2AF05	2	1	1	8	5 / 50%
2TL05	1	0	1		0

#### BIFVÉLAVIRKJUN - GRUNNNÁM

##### Hemlar

BVHE-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
20101	8	4	4	7,6	4 / 50%
20201	8	3	5	7	3 / 37,5%
20301	8	1	7	10	1 / 12,5%

#### GRUNNNÁM MÁLMÍÐNA

##### Logsuða

LOSU-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1LS03	4	0	4	0	0 / 0%

##### Hlífðargassuða

HGSU-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1HS03	4	2	2	6,5	6 / 50%

##### Rafsuða

RAFS-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2RA04	4	0	4	0	0 / 0%

##### Plötuvinna

PLVI-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1PS04	4	3	1	7	12 / 75%

#### GRUNNNÁM RAFIÐNA

##### Rafmagnsfræði

RAFM-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1RA05	3	1	2	6	5 / 33,3%

## HÚSASMÍÐABRAUT

### Grunnteikning

GRTE-	Fjöldi nem.	Staðið	F	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1FA05	1	1	0	9	5 / 100%

### Teikningar og verklýsingar

TEVH-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2TH05	1	1	0	7	5 / 100%
3SV05	1	1	0	10	5 / 100%

Almennt um nám og kennslu á skólaárinu

### Bíliðngreinar - Grunnám

Á skólaárinu var fram haldið kennslu í grunnáföngum bíliðngreina, þriðja árið sem boðið er upp á þetta nám. Skólaárið 2015-16 voru kenndar þrjár einnar einingar lotur í hreyfilfræði (BVHR), 2016-17 þrjár sambærilegar lotur um aflrás (BVAF) og í vetur var bætt við þremur lotum um hemlakerfið (BVHE).

Alls komu 20 nemendur eitthvað við sögu þessara námskeiða, að hluta eða í heild, en 8 þeirra luku námsmati. Aðeins einn nemandi lauk öllum þremur lotunum, og það með afbragðsárangri, þremur 10um, en hinir luku ýmist einni eða tveimur af þremur lotum. Þriðjungur eininga skilaði sér, 8 af 24.

### Enska

Haustönnin í Sogni fór vel af stað með sex nemendur skráða í fjóra áfanga (ENSK1HA, ENSK2HB, ENSK2HC, ENSK3PB). Tveir sáust lítið sem ekkert og einn hætti eftir 2-3 vikur. Aðrir tveir hurfu á braut um miðja önn þegar afplánun lauk en í staðinn komu a.m.k sex nýir eða afturgengnir þegar langt var liðið á önnina.

Ekki þarf að kvarta yfir vinnu nemenda í tímum, en þeir þurfa að gera betur með 'heimavinnu' til að ná þeim árangri í námi sem skilað getur einingum. Engar einingar í ensku náðust á haustönn 2017.

Innritaðir nemendur í upphafi vorannar voru 14 talsins. Þar af voru óvenju margir sem flokka mætti sem byrjendur í faginu eða því sem næst. Því þurfti að útbúa talsvert af námsefni sem hæfði þeim enda almennt ekki gert ráð fyrir byrjendum í faginu á framhaldsskólastigi. Sumir þessarra nemenda stóðu sig vel, mættu alltaf og fór fram en eru þó varla komnir með getu til að hefja nám á fyrsta stigi.

Um miðja önn komu inn tveir nýir nemendur sem tóku námið strax föstum tókum sem varð til þess að þeir kláruðu áfanga ENSK2OR05 sem er undanfari ensku á 3. stigi. Einn nemandi til viðbótar lauk áfanga ENSK1HA05 en aðrir voru ekki nálægt því að ljúka einingum.

Á Litahrauni er einna mestur áhugi meðal vistmanna á ensku. Á haustönn voru 32 skráningar í enskuáfanga, þar af luku 27 námsmati með einkunn, en á vorönn alls 50 skráningar og skiluðu sér 38 í lokanámsmat. Leggja þarf áherslu á það að halda þeim sveigjanleika sem

hefur einkennt starfið í fangelsunum og hefur komið nemendum þar vel. Mikilvægt og nauðsynlegt er að skilja að skólastarf í fangelsi getur aldrei orðið eins og í „venjulegum“ skóla. Það sem við fyrstu sýn virðist vera skelfilegt, þ.e.a.s. brottfall skráðra nemenda í skólann, er miklu jákvæðara í ljósi þess að þeir sem klára áfanga ná undantekningalítið lágmarksárangri og skila einingum.

### **Íslenska**

Lítill uppskera varð eftir haustönnina. Telja má 46 skráningar í 7 mismunandi áfanga, 34 á Litlahrauni en 12 í Sogni, en þeir 19 nemendur sem teknir voru í lokanámsmat skiluðu aðeins 25 einingum.

Á vorönn voru alls 50 skráningar í 6 mismunandi áfanga, 18 á Sogni, 2 á Hólmsheiði og 30 á Litlahrauni. Af þeim komust 22 í gegnum lokanámsmat, þar af lauk sami nemandinn fjórum áföngum eða 20 einingum. Samtals skiluðu sér 70 íslenskueiningar af 110 sem lagt var upp með, eða 64%, og 14 af 22 tilraunum heppnuðust. Á fyrsta þrepi skiluðu sér 25 einingar, 15 á 2. þrepi og 30 á 3. þrepi. Það má kalla góðan árangur, en hluta hans má kalla „uppsafnaðan“ frá síðustu önn, og fyrri skólaárum.

### **Íþróttir**

Líkt og á síðustu önnum stunduðu fáir nemendur nám í íþróttum á haustönn 2017. Aðeins einn nemandi mætti vel og reglulega alla önnina. Eins og eðlilegt er í fangelsi, þá voru hreyfingar á nemendum, einhverjir fóru og aðrir komu á miðri önn sem varð til þess að ekki náðu allir að klára mikið af efni áfangans. Nemendur sem ekki klára áfanga í annarlok tapa þó ekki þeirri vinnu sem búið er að vinna heldur flæðir það yfir á næstu önn og geta nemendur haldið áfram þar sem frá var horfið.

Stundum er svolítið ónæði af öðrum föngum, sem ekki eru í skólanum en vilja koma og hitta einhvern í skólastofunni. Var það vegna þess að verslun skólans, Rimlakjör er staðsett við hlið skólans. Þegar verðrið var gott þá safnast menn oft saman þar fyrir utan. Oft er erfitt að halda skólastrákunum inni við þær aðstæður. Þetta var þó minna vandamál eftir að kólnaði í veðri.

Eins og áður voru tveir íþróttatímar í viku, annar bóklegur og hinn verklegur. Í bóklegu tímunum var lögð áhersla á að kynna hvað líkamleg áreynsla, skynsamleg næring og reglulegar svefnvenjur hafa mikið að segja hvað varðar líkamlegt og andlegt heilbrigði. Einnig var farið yfir mismunandi aðferðir við að æfa þol, styrk og liðleika.

Í verklegu tímunum var megin áherslan lögð á þol og styrktarþjálfun. Í lok hvers tíma var svo oft farið í boltaleik eða badminton.

Betri og stöðugri mæting var í íþróttatíma á vorönn en á síðustu önnum. Oft þarf ekki meira en tvo til þrjá áhugasama og iðna nemendur til að breyta stemmningunni í skólastofunni og í íþróttasalnum. Sú var raunin núna. Minni truflun var frá sjoppu og voru fangaverðir duglegir við að senda menn sem ekki áttu erindi í skólann, á annað svæði, þar sem þeir trufluðu ekki kennslu. Afköstin urðu því meiri en oft áður, bæði í bóklegu og verklegu íþróttunum.

Í íþróttasalnum skapaðist áhugi á þrekæfingum, í stöðvaformi, sem við leyfðum okkur þó að kalla 'crossfit'. Nemendur höfðu orð á því að þeim liði vel eftir hressileg átök á frekar háu álagi og voru áhugsamir um að gera mikið af því. Kennari notaði tækifærið og hluti af öllum tímum fór í þrekþjálfun. Minni tími fór því í boltaíþróttir enda ekki á áhugsviði allra í hópnum á þessari önn.

### **Málmiðngreinar**

Það má segja að Pólverjar hafi verið kjölfestan þennan vetur, aðrir mættu frekar stopult, nema einstaka nemendur, meðan þeir voru á staðnum.

Segja má að aðstaðan varðandi málmsuðuna sé nokkuð þokkaleg. Auk þess eru í verknáms-húsi FSu til nokkrar MIG/MAG vélar af eldri gerð, en í góðu lagi, sem í boði er að flytja á Litlahraun, kannski ein til tvær til að auka fjölbreytni.

Í suðunni er hlífðargassuðan, af því sem í boði er, hvað nýtilegust fyrir þá sem fara út á vinnumarkað. Suðuklefar eru aðeins fjórir, þannig að ekki er hægt að fjölga nemum þar nema að útbúa fleiri klefa. Vinnuumhverfið hefur tekið breytingum til batnaðar, búið að mála og gera fínt, þannig að allt er bjartara og vistlegra.

Kennari er búinn að vera með með alla anga úti að leita að rafdrifnum plötuklippum fyrir þunnplötur (þ.e. notuðum klippum), en það er eins og að leita að gulli. Sjáum samt hvað setur. Leit heldur áfram í sumar. Slíkar klippur er það sem vantar helst í plötusmíðina.

### **Myndlist**

Í fyrsta sinn var kennd myndlist í skólanum á Litlahrauni. Kennari ákvað að einblína á áfangann MYND2TK05 en þar eru allar helstu undirstöður almennrar teikningar kenndar, s.s. form, skyggingar, mikilvægi línu, myndbygging og fjarvídd. Eingöngu er notaður blýantur.

Í upphafi voru skráðir rúmlega 10 nemendur og hélt sú skráning sér út önnina þó ekki væru það alltaf sömu einstaklingarnir sem fylltu þá tölu. Það voru þó u.þ.b. 6-7 einstaklingar sem mynduðu góðan kjarna, unnu vel og náðu að byrja að dýpka sig. Það var gaman að sjá áhuga kvikna hjá þeim sem í fyrstu höfðu mætt til að fá smá tímakaup!

Nemendur höfðu á orði að þeim liði vel í tímanum, væru í „núinu“ þarna. Sérstaklega eftir að ákveðnar mannabreytingar urðu á liðsheildinni. Aldrei urðu nein vandræði í tíma, hvorki á milli kennara og nemenda né þeirra í milli. Kennara var ávallt sýnd fyllsta kurteisi.

Það voru 7 nemendur sem hlutu vitnisburð og söfnuðu einingum upp í MYND2TK05.

### **Rafmagnsfræði**

Öðru hvoru hafa rafiðnakennarar verið með nemendur í fjarnámi frá Litlahrauni, en aðallega Sogni. Í janúar 2018 voru á milli 5 og 10 á Litlahrauni sem höfðu áhuga á að taka fyrsta áfangann í rafmagnsfræði og var ákveðið að bjóða þeim upp á staðkennslu. Kennslan fór fram á fimmtudögum eftir hádegi.

Því miður voru fimmtudagar ekki mjög heppilegir, nokkrir tímar féllu niður, t.d. vegna heimsóknar starfsfólks FSu til Keflavíkur á svo kallaðan „Þrískólafund“, auk þess sem sumardagurinn fyrsti og uppstigningardagur voru á fimmtudegi eins og vanalega.

Í upphafi voru 7 – 8 nemendur sem mættu, fljótlega fór þeim að fækka af ýmsum orsökum, einn lauk afplánun fyrir páska, annar lauk afplánun á sumardaginn fyrsta og fór á Vernd. Að lokum voru tveir nemendur sem tóku lokapróf og annar þeirra náði prófinu.

Nemendur áttu mjög erfitt með að sitja lengi yfir verkefnum. Mikið var um ráp, t.d til að reykja, veipa og fá sér hressingu í Rimlakjörum. Ekkert kom út úr því að leggja fyrir heima-verkefni, nemendur kvörtuðu yfir því að ekkert næði væri til að stunda heimanám.

Ef það verður framhald á kennslu í rafiðngreinum á Litlahrauni, þá er skynsamlegra að nýta tímann í verklega áfanga. Og ef vel gengur með þá má bæta við rafmagnsfræði og öðrum bóklegum greinum í grunndeild rafiðna.

Þegar síðast var boðið upp á staðkennslu á Litlahrauni haustið 2008 þá mætti kennari einu sinni í viku og var bæði með verklega og bóklega áfanga, og gekk betur að fá nemendur til að vinna. Einn þeirra hélt áfram í grunndeildinni á Selfossi bæði á meðan hann dvaldi á Litlahrauni og Bitru, hann lauk síðan námi í rafeindavirkjun við Tækniskólann.

### **Stærðfræði / Iðnteikning**

Áfangarnir sem kenndir voru á Sogni á önninni voru GRT1FA05 (grunnteikning) og stærðfræðiáfangarnir STÆR1GS05, STÆR1AJ05, STÆR2RU05 og STÆR2AF05. Nokkrir nemendur sem voru í námi á haustönn 2017 og náðu ekki að klára áfangana héldu áfram í þeim á vorönninni og einnig bættust nýir nemendur við. Einhverjir stöldruðu stutt við, losnuðu eða hættu út af einhverjum ástæðum. Nemendafjöldinn var um 10-12 nemendur að jafnaði út önnina. Mæting þeirra í kennslutímanna var góð, einhverjir áttu þó til að mæta of seint. Nemendurnir voru alltaf áhugasamir í tímunum og unnu vel. Sumir þeirra voru einnig duglegir að reikna eða teikna utan kennslutímanna og náðu fyrir vikið að klára sína áfanga í maí. Fleiri hefðu auðveldlega getað klárað sína líka hefðu þeir lagt sig örlítið meira fram og reiknað meira utan kennslutímanna. Nokkrir nemendur mættu einnig í tíma til sérkennara einu sinni í viku og fengu þar góðan stuðning sem hjálpaði þeim mikið. Þrír nemendur náðu að klára áfanga á önninni, aðrir eru langt komnir með sína og ná væntanlega að klára þá á næstu önn. Heilt yfir þá gekk önnin mjög vel, aðstaðan fín í stofunni og kennari náði að sinna öllum nemendunum vel í tímum. Einnig voru 2 nemendur á Litla Hrauni í fjarnámi í fagteikningu/tölvuteikningu á húsasmíðabraut (TEVH2TH05 og TEVH3SV05) á önninni og þeir kláruðu báðir áfangana sína.

Kennsla á Litlahrauni gekk ágætlega á haustönn, frekar mikið var um breytingar á nemendahópnum þar sem nokkrir hættu og aðrir bættust við þegar nokkuð var liðið á önnina. Nokkrir nemendur unnu ágætlega en enginn náði að klára áfanga að þessu sinni, líklegt er að þeir nái að ljúka sínum áföngum fljótlega á næstu önn. Í upphafi annar voru 10 nemendur skráðir í stærðfræði. Sú tala átti þó fljótlega eftir að breytast og fjölgaði nokkuð í

hópnum. Svipaða sögu má segja um vorönnina. Nokkuð var um breytingar á nemendahópnum yfir veturinn, margir hættu og nýir komu í staðinn. Einnig var mæting nemenda nokkuð breytileg en ákveðinn kjarni mætti þó ágætlega báðar annir og vann vel.

Á þriðjudögum er kennd stærðfræði eftir hádegi á Litlahrauni, í þeim tímum hafa nemendur orðið fyrir nokkurri truflun og hafa af þeim sökum oft unnið frekar illa. Þá hafa margir vistmenn safnast fyrir utan skóla og meira þarf nú ekki til að draga athygli frá náminu. Þetta hefur þó skánað á vorönn en mætti skoða betur fyrir næsta vetur.

### **Sérkennsla**

Um miðjan október 2017 var ráðinn sérkennari í fangelsunum tveimur á Suðurlandi, Litlahrauni og Sogni í u.þ.b. 5 tíma á hvorum stað eða 25% starf. Lagt var upp með að sinna greiningum á námsvanda, ráðgjöf við nemendur og aðstoð í námi. Fyrir lá að gera nokkrar greiningar á lestrarvanda og voru þær einar þrjár í byrjun og greindust tveir fangar með dyslexiu og fengu þeir undirrituð vottorð um það.

Fljótlega fór námsráðgjafi að vísa til sérkennara nemendum sem áttu í erfiðleikum með stærðfræði. Á LHR voru þetta aðallega nemendur í upprifjunaráfanga en á Sogni voru einnig nemendur lengra komnir í stærðfræðinni.

Í lok október kom ósk um að bæta fangelsinu á Hólmsheiði við og fóru sérkennari og kennslustjóri saman þangað einu sinni í viku. Þar sinnti sérkennari svipuðu starfi, hitti nemendur og aðstoðaði þá í stærðfræði.

Á vorönninni hefur sérkennari áfram komið í öll fangelsin og nær eingöngu sinnt sérkennslu í stærðfræði, einu sinni í viku á Sogni og Hólmsheiði en tvisvar í viku á Litlahrauni. Það er greinilegt að þörfin á aðstoð í námi er mikil og þá einkum í stærðfræði, það lítur þannig út að þar missi menn fyrst fótanna. Á Hólmsheiði voru að jafnaði 5 nemendur, á Sogni svipaður fjöldi og að mestu leyti sömu nemendurnir alla önnina. Á LHR hefur nemendahópurinn verið misleitari, þar hafa nemendur komið og farið enda aðstæður allt aðrar þar.

Mikill áhugi hefur verið hjá nemendum á Sogni og Hólmsheiði, sömu nemendur mætt nær undantekningarlaust í alla tíma og tekið miklum framförum og sumir upplifað í fyrsta sinn að þeir geta tekist á við flókin verkefni í stærðfræði.

Fyrir kennara hefur þetta verið gefandi tími, nemendur hafa á margan hátt sýnt að þeir eru ánægðir með þessa þjónustu og því full þörf á að sinna þessum þætti vel eins og annarri kennslu í fangelsum.

### **Ýmislegt fjarnám: Landfræði-, saga, heimspeki, o.fl.**

Aukin áhersla hefur undanfarnar annir verið lögð á fjarnámstilboð. Nemendum hefur gefist kostur á að taka áfanga í almennu bóknaámi, auk bóklegra áfanga á iðnbrautum. Þetta námsframboð er nauðsynlegt, því það er mikilvægt fyrir nemendur að sjá námi sínu vinda fram, einingar safnast smám saman upp og stytta leiðina að lokamarkinu; að ljúka námi á tilgreindri braut. Á önninni luku 7 nemendur samtals 70 einingum í 9 mismunandi áföngum hjá 6 kennurum, einingum sem ekki er kostur á að bjóða upp á í staðkennslu. Oftast er árangur



af þessu góður, því að jafnaði er um að ræða nemendur sem komnir eru vel af stað í námi og vita hvert þeir stefna. Aðeins einn nemandi skilaði ekki einingum í einum áfanga.

Um fjarnám sem nemendur í fangelsunum taka hjá öðrum skólum fer engum sögum í þessari skýrslu.

### **Náms- og starfsráðgjöf**

Á skólaárinu 2017-2018 starfaði náms- og starfsráðgjafi í 100% starfi í fangelsunum á Litlahrauni, Sogni, Hólmsheiði og á Akureyri. Frá áramótum var námsráðgjafi með viðveru þrjá daga í fangelsinu á Litlahrauni, einn og hálfan dag í fangelsinu á Hólmsheiði og hálfan dag í Sogni. Öll þjónusta við Akureyri fór fram í gegnum síma.

Verkefni námsráðgjafa voru fjölpætt og fólust m.a. í samstarfi við kennsluráðgjafa, samskiptum við fangelsismálsstofnun, samskiptum við skóla, ýmsir fundir, viðtöl og ráðgjöf við nemendur. Meginþættir viðtalanna voru persónuleg ráðgjöf, skipulagning á námi, skráningar í nám og aðstoð við námsval, upplýsingar um störf, vinnubrögð í námi, eftirfylgni og stuðningur við nemendur.

Nemendur í fangelsunum á Litlahrauni og í Sogni stunduðu að mestu staðnám í skólunum þar. Nemendur í fangelsinu á Hólmsheiði og á Akureyri stunduðu að mestu fjarnám hjá Fjölbautaskólanum við Ármúla (FÁ) sem bauð eins og verið hefur nemendum að stunda námið en greiða einungis 6000 kr. í skráningargjald en ekkert einingagjald að auki eins og almennt er krafist. Í upphafi vorannar voru 14 nemendur skráðir í fjarnám hjá FÁ, tveir hættu við, þrír hættu á önninni, fimm hafa lokið afplánun, 4 nemendur voru skráðir í próf.

Ef nemendur voru fluttir frá Litlahrauni eða Sogni yfir á Hólmsheiði var reynt að leysa málin fyrir nemendur þannig að þeim byðist að halda áfram og áttu þá kennarar m.a. samskipti í gegnum tölvupóst og með tilstilli námsráðgjafa. Háskólanám hefur einnig verið stundað af nokkrum nemendum. Einn nemandi í Sogni útskrifaðist með M.L. í lögfræði frá Háskóla Íslands sumarið 2017. Annar nemandi í Sogni er í japönsku við sama háskóla.

Nemendur fengu hljóðbækur frá Hljóðbókasafni Íslands líkt og áður en bókasafnið krefst ekki greininga fyrir nemendur í fangelsum. Allir sem þurfa fá bækur, ef þær eru til.

Líkt og fyrir ári er ekki kominn samningur um menntamál við fangelsið á Hólmsheiði og engin ákvörðun enn verið tekin um framkvæmd náms þar. Sérkennari hefur komið einn morgun í viku og verið með kennslu fyrir nemendur. Lágmarksaðstaða er á Hólmsheiði til að stunda fjarnám en stór hluti nemenda eru brottfallsnemendur, nemendur með námsörðugleika, greiningar, litla trú á eigin getu o.fl. sem gerir þeim oft erfitt um vik að stunda fjarnám og þurfa þeir mikinn stuðning. Námsráðgjafi hefur verið í góðu samstarfi við starfsfólkið á Hólmsheiði til að gera námið sem bærilegast fyrir nemendur.

### **Lokaorð**

Þegar skólaárið 2017-2018 er gert upp má segja að allt starfið hafi verið stígandi. Vorönnin var tvímælalaust betri en haustönnin hvað námsárangur varðar; meiri friður og ró ríkti í fangelsunum á Litlahrauni og Sogni, á Litlahrauni voru vistunarrými betur nýtt og því meiri aðsókn

að skólanum, og almennt ríkti meiri stöðugleiki í skólahaldinu. Mjög góður starfsandi var í skólanum á Sogni, sérstaklega eftir því sem á leið. Boðið var upp á aukið bóknámsframboð í staðnámi, bæði kenndir áfangar í myndlist/teikningu og rafmagnsfræði á vorönninn á Litla-hrauni, auk þess sem margir nemendur náðu góðum árangri í fjarnámi við FSu. Staða sérkennara er væntanlega komin til að vera og þjónusta bæði náms- og starfsráðgjafa og sérkennara við nemendur á Hólmsheiði vonandi líka. Allt er þetta jákvætt.

Það sem eftir stendur eru þó viss vonbrigði. Margt af því sem talið er upp í lokaorðum skýrslu síðasta skólaárs og sagt vera „á góðri leið“ hefur ekki orðið að veruleika. Mikil vinna undirritaðs í langan tíma við stefnumótun; fundir, tillögur, skýrslur, hefur ekki skilað sér eins og vonir hafa staðið til, í skýrri stefnu um skólahald í fangelsum og menntun fanga, í fjölgun stöðugilda og bættum starfsaðstæðum, betri þjónustu við Kvíabryggju, Akureyri og Hólmsheiði, auknu verknámsframboði og umbótum á skólahúsnæði.

Nokkur skref hafa þó verið stigin í framfaraátt, eins og rakið hefur verið, og ber að þakka það. Stóru myndina á þó enn eftir að ljúka við, og verður ekki gert fyrir en yfirvöld menntamála marka opinbera stefnu í málaflokknum, hvort sem er á grunni þeirra stefnumótunartillagna sem lagðar hafa verið fram eða í kjölfar eigin frumkvæðisvinnu. Ekki væri annað meira viðeigandi en að fagna fjörutíu ára afmæli skólahalds í íslenskum fangelsum með opinberri stefnumótun byggða á skýrri framtíðarsýn um menntun sem besta mögulega betrunar-úrræðið.

Að lokum þakkar undirritaður kærlega öllum sem koma að skólahaldi FSu í fangelsum, starfsfólki fangelsanna, kennurum og skólameistara FSu, Fangelsismálastofnun, háskólafólki, náms- og starfsráðgjafa og síðast en ekki síst nemendunum sjálfum, fyrir gjöfult og gott samstarf.

### **3.5 Náms- og starfsráðgjöf**

#### **Starfslið**

Skólaárið 2017- 2018 störfuðu þrjár náms- og starfsráðgjafar við skólann. Anna Fríða Bjarnadóttir var í 100% starfshlutfalli, Agnes Ósk Snorradóttir í 75% starfshlutfalli og Bjarney Sif Ægisdóttir var í 50% starfshlutfalli. Auk þess var Bjarney í 38,8% starfshlutfalli við kennslu og umsjón Grunnmenntabráar.

#### **Símenntun, fundir og samstarfsverkefni**

Á skólaárinu funduðu náms- og starfsráðgjafar með skólastjórnendum, sviðsstjórum og áfangastjóra.

Anna Fríða tók þátt í Erasmus+ samstarfsverkefni um lýðræði og seiglu nemenda ásamt fleiri starfsmönnum skólans. Anna Fríða tók þátt í að skipuleggja dagskrá hér í FSu þar sem 24 kennarar frá þátttökulöndunum komu í heimsókn. Megininntak heimsóknarinnar til Íslands voru námskeið í tengslum við seiglu (grit), mannkostamenntun, núvitund, jóga og lýðræði.

Anna Fríða fór í eina ferð erlendis vegna þessa verkefnis, til Búlgaríu ásamt Guðmundi Björgvini.

Agnes og Anna Fríða sóttu námskeið hjá EHÍ um sjálfsskaða-og sjálfsvígshegðun unglinga.

Agnes og Bjarney sóttu dag náms- og starfsráðgjafa í október. Um var að ræða tveggja daga námskeið um Career writing.

Anna Fríða fór í október með English in real life áfanganum til London.

Agnes sótti námskeið hjá EHÍ í nóvember um tengsl staðalmynda og kvíða ungra stúlkna, valdefling og viðbrögð.

Agnes og Bjarney sóttu námskeið um hugræna atferlismeðferð við svefntruflunum. Námskeiðið var haldið á vegum Fræðslunets Suðurlands.

Agnes og Bjarney sóttu málþing um geðheilbrigði á vegum Heilsueflandi framhaldsskóla í nóvember.

Agnes fór á námskeið með Olgu Lísu skólameistara og Írisi framhaldsskólakennara/hjúkrunarfræðingi um áfallastjórnun sem haldið var á vegum HÍ stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.

Agnes fór á fund skólanefndar í febrúar þar sem hún fór yfir fyrirkomulag kynninga fyrir grunnskólanemendum.

Allir námsráðgjafar skólans sóttu námskeið hjá Norm Amundson sem haldið var í apríl og var á vegum Félags náms- og starfsráðgjafa.

Allir námsráðgjafar sóttu tveggja daga námskeið í Endurmenntun Háskóla Íslands í lok maí, sem haldið var í samstarfi við félag lífsleiknikennara þar sem fjallað var um atriði sem eru nauðsynleg til þess að nemendum líði vel í námi og geta haft mikil áhrif á námsárangur, einbeitingu, minni og andlega líðan þeirra.

Allir námsráðgjafar sóttu námskeið í júní fyrir náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum sem heitir: Ferðalag í flughálfu, unglingar og ADHD – öll hegðun á rétt á sér.

#### **Nemar í náms- og starfsráðgjöf**

Á haustönn tóku náms- og starfsráðgjafar á móti nema í náms- og starfsráðgjöf við HÍ. Heimsókn hans var hluti af náminu í náms- og starfsráðgjöf HÍ með það markmið að kynnast starfsemi náms- og starfsráðgjafar skólans og stofnunarinnar í heild.

#### **Innritunarviðtöl við nemendur með íslensku sem annað móðurmál**

Samkvæmt reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku eiga framhaldsskólar að vera með móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Í maí var bréf sent til allra skólastjóra og náms- og starfsráðgjafa í grunnskólunum á


Suðurlandi. Þar var óskað eftir upplýsingum um hvort einhverjir nemendur og forráðamenn þeirra þurfi á innritunarviðtali með túlk að halda. Þeir nemendur verða boðaðir áður en kennsla hefst í haust.

Ákveðið var að breyta fyrirkomulagi móttökuvíðtala þannig að þau yrðu að hausti en ekki að vori. Haustið 2017 voru 4 móttökuvíðtöl, þar af 2 með túlk.

### Könnun á líðan og námsumhverfi nýnema

Náms- og starfsráðgjafar lögðu fyrir könnun á líðan og námsumhverfi nýnema. Þessi könnun var lögð fyrir þriðja árið í röð í október. Miðað er við að liðnar séu um 6 vikur af skólanum áður en könnunin er lögð fyrir. Skólameistari sendi bréf til foreldra, kynnti könnunina fyrir þeim og óskaði eftir að þeir myndu láta vita ef þeirra barn tæki ekki könnunina. Niðurstaðan var sú að ekkert foreldri óskaði eftir því. Könnunin var lögð fyrir í bragahópum / umsjónarhópum og gekk það fyrirkomulag mjög vel.

Af 196 nýnemum í skólanum tóku 165 könnunina eða 84%. Af 196 nýnemum voru 17 nemendur á starfsbraut sem ekki tóku könnunina vegna fyrri reynslu. Því má segja að svörunin hafi verið 92% þegar búið er að draga starfsbrautarnemendurna frá. Niðurstöður könnunarinnar benda til að þegar styrkleikabættir nýnema í FSu eru skoðaðir í samanburði við jafnalda á landsvísu, að þá skora nýnemar FSu undir meðaltali í 11 af þeim 16 þáttum sem skoðaðir eru. Í fyrra skoruðu nýnemar FSu undir meðaltali á öllum þáttunum 16, svo niðurstöðurnar líta heldur betur út í ár. Það vekur athygli að þeir þættir sem koma best út, yfir meðaltali, er félagsleg skuldbinding nemenda, auk stuðnings foreldra, eftirfylgni og hvatning foreldra. Sá þáttur sem kemur verst út er líkt og áður fyrri námsárangur, en á mörgum öðrum þáttum skorum við langt undir meðaltali. Sjá nánar á myndinni hér á eftir.



Myndin sýnir T-tölur nemenda á hverjum styrkleikabætti. T-tölur hafa meðaltalið 50. T-tala hærrí en 50 þýðir að nemendur skólans eru að jafnaði hærrí á viðkomandi styrkleika en allir nemendur og T-tala undir 50 að þeir séu að jafnaði lægri. Fyrir alla þætti gildir að því hærrí T-tala því meiri er styrkleiki nemenda. Til dæmis ef T-tala er undir 50 á námserfiðleikum þá þýðir það að nemendur skólans eiga að jafnaði í meiri námserfiðleikum en gengur og gerist í heildarhópnum.

A. Skuldbinding nemenda gagnvart námi og skóla	B. Fyrri reynsla af skólagöngu	C. Fjölskyldan	D. Vínir
1. Námsleg skuldbinding	9. Skólahægðun	12. Stuðningur foreldra	16. Skuldbinding vina til náms og skóla
2. Félagsleg skuldbinding	10. Fyrri námsárangur	13. Eftirfylgni foreldra	
3. Námshegðun	11. Námsferfiðleikar	14. Hvatning móður í námi	
4. Metnaður		15. Hvatning föður í námi	
5. Trú á eigin getu í námi			
6. Víska með námsval			
7. Samsömun við skóla			
8. Stuðningur kennara			

Þegar niðurstöður voru skoðaðar kom í ljós að 18 nemendur voru með 8 eða fleiri áhættuþætti, en það er það viðmið sem menntamálaráðuneytið gefur út að þurfi að skoða betur. Fimm þeirra nemenda sem skoruðu hæst á brotthvarfsskimuninni (með 8 eða fleiri áhættuþætti) voru skráðir á grunnmenntabru og voru því í sérstöku utanumhaldi þar. Af þessum 18 nemendum sem skoruðu hæst á skimuninni hefur einn hætt námi.

Þegar niðurstöður voru skoðaðar kom í ljós að 18 nemendur voru með 8 eða fleiri áhættuþætti, en það er það viðmið sem menntamálaráðuneytið gefur út að þurfi að skoða betur. Fimm þeirra nemenda sem skoruðu hæst á brotthvarfsskimuninni (með 8 eða fleiri áhættuþætti) voru skráðir á grunnmenntabru og voru því í sérstöku utanumhaldi þar. Af þessum 18 nemendum sem skoruðu hæst á skimuninni hefur einn hætt námi.

### Námskeið og áhugasviðskannanir

Skólaárið 2017-18 lagði Bjarney fyrir eina *Í leit að starfi* áhugasviðskönnun og eina *Bendill* áhugasviðskönnun. Anna Fríða lagði fyrir 8 IDEAS kannanir. Nemendur fengu kynningu í Bragatíma um áhugasvið. Námsráðgjafar útbjuggu kynningu sem Bragakennarar kynntu fyrir nemendum.

Í nóvember var boðið upp á námstækni námskeið í prófaundirbúningi og skipulagi í annarlök. Námskeiðið var auglýst í bragatímum, á göngum skólans, á heimasíðunni og facebook. Fimm nemendur mættu á námskeiðið. Í nóvember var einnig auglýst námskeið með aðferðum til að takast á við prófkvíða, en enginn mætti á það námskeið.

### Nýjungar

Vegna dræmrar þátttöku á námstækninámskeið undanfarin ár, ákváðu námsráðgjafar að prófa að halda námskeið á Kátum dögum. Boðið var upp á tvö námskeið, Betri svefn og EFT (Emotional Freedom Technique). Á námskeiðið Betri svefn mættu um 15-20 nemendur auk

nokkurra kennara. Námskeiðið tókst vel og eru námsráðgjafar ánægðir með þátttökuna. Við teljum að þarna sé komin góð nálgun til að nálgast nemendur og fá fleiri nemendur á námskeið. EFT námskeiðið féll því miður niður vegna veikinda.

Agnes fór með kynningu á EFT aðferðinni inn í eina kennslustund í HUGA. Það gekk vel og áhugaverð nýjung að fara inn í kennslustund með efni.

Eftir námskeið sem námsráðgjafar fóru á um hugræna atferlismeðferð við svefnvanda, þar sem mælt var með notkun dagljósalampa í svartasta skammdeginu fengum við bókasafnið í samstarf um að koma dagljósalampanum sem til er hér í skólanum í notkun. Hann var í kjölfarið komið fyrir á bókasafninu og notagildið auglýst.

Í lok annar komu námsráðgjafar upp púsli fyrir framan stofu 309, þar sem auglýst var að púsl sé góð leið til þess að slaka á og auka einbeitingu. Púslíð vakti strax góða lukku og nemendur settust þar niður til að slaka á og púsla.

Í vetur tóku námsráðgjafar upp á auknu samstarfi við faggreinakennara vegna námskynninga annarra skóla. Síðastliðin ár hafa fáir nemendur sótt auglýstar kynningar annarra skóla, svo í ár var ákveðið að óska eftir því við kennara að fá kynningarnar inn í kennslustundir sem tengjast faginu. Þetta gekk vel í vetur. Sem dæmi má nefna að HINT, norskur skóli sem kennir margmiðlun og fleira fór inn í grafíska hönnunaráfangann, danskur lýðháskóli fór inn í íþróttfræðiáfangana og danskur skóli sem kennir viðskipta- og markaðsfræði fór inn í viðskiptafræðiáfangana með kynningu. Einnig fór guð- og mannfræðideild Háskóla Íslands með kynningu inn í heimspeki og Huga.

### **Bragi**

Námsráðgjafar komu aðeins að bragatímum í vetur. Á haustönn skipulögðu þeir þrjá bragafundi. Einn um áhugasvið fyrir eldri nemendur og tvo fyrir nýnema. Fyrri fundurinn var um skipulag og tímastjórnun og seinni fundurinn um prófundirbúning og skipulag í lok annar. Fyrirkomulagið á þessu var líkt og í fyrra, námsráðgjafar útbjuggu glærुकynningu og námsefni sem bragakennarar notuðu í tímunum.

### **Kynningarstarf og heimsóknir**

Kynningarstarf náms- og starfsráðgjafa er fjórþætt: Kynningar innan skólans og á vegum hans, háskólakynningar, heimsóknir í grunnskóla og móttaka grunnskólanema sem koma í heimsókn. Að auki eru ýmis óregluleg verkefni sem tilheyra þessum flokki.

### **Foreldrafundur**

Foreldrafundur var haldinn í september. Mæting á fundinn var góð en yfir 100 foreldrar mættu. Á fundinum kynntu náms- og starfsráðgjafar starf sitt fyrir foreldrum og þá þjónustu sem nemendum stendur til boða ásamt því að fara yfir ýmsa þætti tengda náminu og skólanum.

### **Erlendir skólar**

Líkt og fram kom í kaflanum um nýjungar var ákveðið að bjóða upp á kynningar erlendra skóla inn í áföngum, í samstarfi við faggreinakennara.

### **Íslenskir háskólar**

Þann 6. mars var haldinn háskóladagur í F.Su. í samvinnu við Háskóladaginn sem haldinn er árlega í Reykjavík og ferðast svo um landið. Hingað komu aðilar frá sjö háskólum, Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Landbúnaðarháskólanum, Listaháskólanum, Háskólanum á Akureyri, Hólaskóla og Háskólanum á Bifröst til þess að kynna námsframboð sitt.

Kvikmyndaskólinn kom einnig með kynningu þennan dag. Háskóladagurinn tókst vel og var góð mæting.

### **Kynningar fyrir grunnskóla**

Í desember buðu námsráðgjafar HNOSS (hópi náms- og starfsráðgjafa á Suðurlandi) í heimsókn í FSu. Áhersla var lögð á að kynna iðnnámið og sýna Hamar. Námsráðgjafarnir fengu einnig kynningu á EFT (emotional freedom technique). Boðið var upp á veitingar. Þetta er mikilvægt samstarf til þess að auka samvinnu náms- og starfsráðgjafa á milli skólastiga. Þarna gafst líka rými til að ræða fyrirhugaðar kynningar í grunnskólanna í samvinnu við námsráðgjafana í grunnskólunum.

Náms- og starfsráðgjafar fóru í heimsókn í alla grunnskóla á Suðurlandi og kynntu skólann og námsframboð hans með nýju kynningaefni. Farið var í alla grunnskóla á Suðurlandi alls 15 talsins. Gaman er að segja frá því að kynning fór fram í Klausturskóla á Kirkjubæjarklaustri og í Víkurskóla Vík í Mýrdal. Fulltrúar nemenda komu með í allar kynningar nema kynningarnar á Klaustri og í Vík en það var vegna þess að gist var í þeirri ferð. Kynningarnar tókust frábærlega vel og skemmtilegt var að hafa nemendur með í för. Ákveðið var að hafa sama hátt og í fyrra varðandi gjöf til nemenda. Logóbönd (til að setja um úlnliðinn með merki skólans) voru afhent nemendum og vakti það lukku. Náms- og starfsráðgjöf skólans sá um útfærslu á lógóböndunum í samstarfi við Bros og tókst vel til.

### **Opið hús**

Í mars var opið hús í FSu. Opið hús er ætlað sérstaklega fyrir foreldra og forráðamenn 10. bekkinga. Þar gefst tækifæri til þess að skoða skólann og kynna sér hvað hann býður uppá. Í fyrsta skipti var Opið hús tengt áfangamessu skólans sem haldinn er í salnum daginn eftir. Á Opnu húsi gafst gestum því færi á að hitta fleiri kennara en áður og kynna sér áfanga og námsgreinar. Flestir eru sammála um að þetta fyrirkomulag reyndist vel. Mæting var framar öllum vonum.

Að auki tóku náms- og starfsráðgjafar á móti einstaklingum á skólaárinu sem komu til að kynna sér skólann og námsframboð hans. Einnig var talsvert um heimsóknir 9.-10. bekkinga úr grunnskólum á Suðurlandi.

### **Greiningalisti**

Nemendur á greiningarlista, það er nemendur við skólann sem skilað hafa inn greiningum voru 168 á haustönn en 154 á vorönn. Ekki er eingöngu um nemendur með námsörðugleika að ræða heldur einnig nemendur sem mikilvægt er að hafa yfirlit yfir s.s nemendur með bráðaofnæmi og fleira en sá hópur er samt sem áður ekki stór.

Þegar nemandi skilar inn greiningu, skráir náms- og starfsráðgjafi það hjá sér. Mikilvægt er að þessar upplýsingar komist sem fyrst til kennara viðkomandi nemenda. Á vorönn voru upplýsingar um greiningar nemenda settar í athugasemdir í INNU og fara sjálfkrafa á hópalista kennara. Komi nýjar greiningar í hús eftir að skólastarf byrjar, eru kennarar látnir vita af því sérstaklega. Með þessu móti er tryggt að kennarar hafa upplýsingarnar nálægar og þær eru vel sýnilegar fyrir kennarana. Allir nemendur á greiningarlista, og forráðamenn þeirra ef nemandi er undir 18 ára aldri, fá sendan tölvupóst þegar líður að prófatíma til að minna á að sækja um sérúrræði fyrir próf.

### **Tilhliðrun í prófum**

Náms- og starfsráðgjafar auglýstu til nemenda á greiningarlista hvenær og hvernig sækja þurfi um sérúrræði á prófatíma í desember og maí. Náms- og starfsráðgjafar tóku á móti umsóknum ef þess var óskað. Sérúrræði á prófatíma eru skráð beint í Innu. Nemendur geta sótt um sjálfir, eða með aðstoð náms- og starfsráðgjafa sem síðar þarf að samþykka umsóknina. INNA hefur ekki alveg unnið með okkur hvað varðar skráningar sérúrræða og aðgengi kennara að þeim. Sá galli er í kerfinu að gamlar umsóknir um sérúrræði hanga enn inni í INNU sem gefur ranga mynd af hvaða nemendur þurfa á sérúrræðum að halda. Prófstjóri tekur saman sérúrræðin og vinnur við að koma þeim í framkvæmd, í samvinnu við kennara. Á vorönn sendi prófstjóri upplýsingar til kennara um þá nemendur sem óskuðu eftir sérúrræðum í lokaprófum.

Náms- og starfsráðgjafar senda jafnframt vinsamleg tilmæli til allra kennara skólans um að taka tillit til nemenda á greiningarlista eins og kostur er í símatsáföngum.

### **Opin vottorð**

Eitt af verkefnum náms- og starfsráðgjafa er að halda utan um nemendur sem eru með opin vottorð vegna langvarandi veikinda sem hafa áhrif á skólagöngu þeirra og mætingar. Nemendur skila inn opnu vottorði til náms- og starfsráðgjafa og hringja í veikindasímann þegar þeir geta ekki mætt vegna veikinda sinna eða forráðamenn í þeim tilvikum þar sem um er að ræða nemendur yngri en 18 ára. Veikindi eru skráð jafnóðum fyrir hvern dag. Náms- og starfsráðgjafar sjá um að merkja viðkomandi nemanda með opið vottorð í Innu og senda póst á alla kennara um leið og opið vottorð berst. Við ákváðum að gera tilraun með að flokka ástæður fyrir opnu vottorði. Þessi flokkun gefur aðeins vísbendingar því að flokkarnir geta skarast talsvert. Til dæmis geta langvinn veikindi líka verið andleg. Í töflunni hér að neðan eru ástæðurnar sem eru gefnar upp á opnu vottorðunum:



	H17			V18	
	KVK	KK		KVK	KK
<b>Ástæður</b>					
Andleg veikindi	14	4		7	2
Líkamleg/andleg veikindi	1	0		7	0
Líkamleg veikindi	11	7		5	5
Mígreni	4	1		3	2
Aðrar ástæður	11	11		21	15
<b>Fjöldi</b>	<b>41</b>	<b>23</b>		<b>43</b>	<b>24</b>

	<b>Haust17</b>	<b>Vor18</b>
<b>Samtals opin vottorð</b>	<b>64</b>	<b>67</b>

Algengara er að stúlkur leggi fram opin vottorð vegna veikinda. Hlutfallið var 41/23 á haustönn og 43/24 á vorönn. Athygli vekur að það virðist frekar vera tiltekið á vottorðum stúlkna um ástæður opins vottorðs, heldur en drengja. Opnu vottorðum fækkaði á milli ára úr 157 skólaárið 2016-2017 í 131 skólaárið 2017-2018.

#### **Tilvísanir og samskipti við stofnanir og sérfræðinga utan Fsu**

Náms- og starfsráðgjafar áttu í samskiptum við eftirfarandi stofnanir og sérfræðinga:

Barnahús

Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans (BUGL)

Birta starfsendurhæfing

Félagsmálayfirvöld

Barnavernd

Fósturheimili á vegum félagsmálayfirvalda

Meðferðarheimili

Heilsugæslan

Sálfræðingar

Vinnumálastofnun

Prestur

Lögreglan

#### **Viðtöl**

Skráning viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa er vinnuregla sem yfirleitt tekst að hafa í heiðri. Upplýsingar um fjölda viðtala standa þó einungis fyrir fjöldanum, en ekki því sem fer fram í viðtalinu. Stundum eru heimsóknir nemenda stuttar og um afgreiðslumál er að ræða eða vísanir á aðra starfsmenn skólans. Önnur viðtöl taka lengri tíma, þarfnast úrvinnslu og

eftirfylgni og í kjölfarið undirbúnings og fleiri viðtala við nemendur. Oft þarf ráðgjafi að afla sér upplýsinga hjá mörgum aðilum við undirbúning og vinnslu slíkra viðtala. Ekki má gleyma símtölum, viðtölum við kennara, foreldra og aðra sem er líka stór þáttur í starfinu. Einnig eru ráðgjafar í margvíslegri undirbúningsvinnu t.d fyrir námskeið, fundi og annað sem óskað er eftir. Við teljum því að upplýsingar um fjölda viðtala gefi ekki rétta mynd af starfi náms- og starfsráðgjafa.

### **Önnur verkefni**

Ýmis verkefni náms- og starfsráðgjafar eru einstök og tilfallandi og falla ekki undir ákveðinn kafla. Til dæmis eftirfarandi atriði. Náms- og starfsráðgjafar:

- Uppfærðu og viðhéldu framboði upplýsingabæklinga um allt háskólanám sem í boði er á Íslandi, auk upplýsinga um starfsnám og sýnishornum af erlendum skólum.
- uppfærðu facebook síðu fyrir náms- og starfsráðgjöf FSu þar sem sett voru vikulega eða oftár ýmis heilræði og ábendingar og einnig er hægt að senda skilaboð þar með beiðni um viðtal eða fyrirspurnir.
- aðstoðuðu og komu að innritun eldri nemenda og nýnema sem eru að koma úr grunnskóla gegnum menntagátt, bæði haust og vor meðan opið er fyrir umsóknir um skólavist.
- voru eins og áður milligöngumenn nemenda með greiningu vegna hljóðbóka og talgerfla sem þeir eiga rétt á að fá frá Hljóðbókasafninu.
- voru í stundatöflubreytingum.
- breyta vali nemenda vegna niðurstöðu prófa bæði haust- og vorönn.
- Komu að vinnu við Braga sem er nýtt utanumhald fyrir umsjón með nemendum fyrstu þrjár annir í skólanum.
- Agnes er í áfallateymi skólans fyrir hönd náms- og starfsráðgjafar.

### **Umræður og lokaorð**

Aðstaða náms- og starfsráðgjafa er góð en þar sem þrír námsráðgjafar eru starfandi er mikilvægt að bæta einni skrifstofu við. Það eykur enn líkurnar á því að námsráðgjafar geti nýtt tímann sinn eins og best verður á kosið. Í umræðunni var að bæta aðstöðu ráðgjafa á annari hæð, þar sem hægt væri að gera ráð fyrir fundaraðstöðu auk góðu og notalegu rými fyrir framan viðtalsherbergi. Slíkt breyting hefði bætt stórum möguleika í starfi ráðgjafar, hópráðgjöf, fjölbreytilegrar ráðgjafarnálgunnar og próftöku á skólatíma. Því miður var hætt við þessar framkvæmdir og ákveðið að nýta viðtalsherbergi í Hamri undir ráðgjöf. Þetta voru ákveðin vonbrigði þar sem draumurinn var að geta opnað einskonar „þjónustumiðstöð“ þar sem námsráðgjafar og framtíðar sálfræðingur gætu haft aðstöðu. Viðtalsherbergið í Hamri er staðsett við útgöngudyr sem veldur því að ekki er hægt að hafa skrifstofu opna þegar ráðgjafi er til viðtals, vegna kulda sem kemur utan frá. Þeirri útgönguhurð þarf að loka ef vel ætti að vera. Ljóst er að aðstaða fyrir sálfræðing er ekki lengur hluti af skipulagi aðstöðu náms- og starfsráðgjafar og þarf kannski ekki að vera það.

Umræða um skólareglur og opin vottorð fór reglulega af stað hér innan skólans, eins og svo oft áður. Náms- og starfsráðgjafar sendu póst á starfsfólk þar sem ítrekað var að nemendur með opin vottorð hlýða skólareglum líkt og aðrir nemendur. Ef að nemendur með opin vottorð tilkynna ekki veikindi, skuli kennarar skrá þá út úr áföngum þegar þeir fara yfir fjarvistahámarkið líkt og aðra nemendur. Margir nemendur, bæði með opin vottorð og ekki voru komnir með mjög margar fjarvistir á önninni, en voru þó ekki skráðir úr áföngum. Það virðist vera mjög breytilegt á milli kennara hvort að nemendur séu skráðir út þegar þeir eru komnir yfir leyfilegt hámark fjarvista. Það er ekki sanngjarnt að sömu reglur gildi ekki innan skólans, ásamt því að virðing nemenda og kennara fyrir skólareglunum dvínar. Að okkar mati er því nauðsynlegt að endurskoða mætingarreglur, með það fyrir augum að einfalda þær, minnka pappírflóð og að farið verði eftir reglunum þannig að eitt sá látið yfir alla ganga.

Opið hús í mars gekk að okkar mati mjög vel að þessu sinni. Það virkaði vel að tengja opna húsið við áfangamessuna, þar sem að kennarar voru búnir að stilla upp kynningarefni fyrir nemendur í bóklegum áföngum. Nauðsynlegt er að í svona framkvæmd sé skýrt hver heldur utan um verkefnið og að hlutverk allra séu ljós, að vitað sé til hvers er ætlast af þeim. Við viljum leggja áherslu á að á opnu húsi séu námsbrautir og línur vel kynntar fyrir væntanlegum nemendum. Í ár settum við upp töflu með öllum námsbrautum skólans og línunum, þar sem fram komu helstu upplýsingar um brautirnar. Þetta kynningarefni þarf að vinna betur og setja vel fram. Í svona vinnu vantar okkur tilfinnanlega meiri tíma svo að betur sé gert. Við teljum að á opnu húsi sé mikilvægt að fulltrúar frá íþróttakademíunum séu á svæðinu til þess að kynna þær.

Við teljum mikilvægt að koma á frekari stuðningsúrræðum fyrir nemendur skólans. Við höfum skoðað hvað aðrir framhaldsskólar bjóða uppá í þeim efnum. Flestir framhaldsskólar eru með eitthvað úrræði til þess að styðja við nemendur í námi. Það sem við myndum vilja sá er einhverskonar námsver sem er opið til dæmis hálfan daginn 2-3x í viku þar sem nemendur geta mætt og fengið námsaðstoð frá kennurum og einnig úrræði í formi jafningjafræðslu. Í tilraunastarfi mætti skoða að hafa námsaðstoð fyrir kjarnagreinar þar sem stærðfræði- og íslenskukennari séu til aðstoðar.

Til þess að styðja við nemendur með námserfiðleika teljum við mikilvægt að sérfræðingur á sviði sérkennslu hafi þennan málaflokk undir sinni umsjón. Í skimun á námsumhverfi og líðan framhaldsskólanemenda sem er lögð fyrir alla nýnema á hverju hausti þar sem kannaðir eru áhættuþættir fyrir brotthvarf nemenda frá námi skora okkar nemendur ávallt lægst á þættinum námserfiðleikar, það er að samanborið við aðra nýnema á landsvísu telja nemendur okkar að námserfiðleikar sé þeirra veikleiki. Nemendur eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þeim ber, af þar til hæfum sérfræðingi. Sumir skólar hafa t.d. sérstakan dyslexíu ráðgjafa sem nemendur með lestrarerfiðleika geta leitað til. Einnig teljum við að í ljósi þessa stóra nemendahóps sem hér um ræðir, sé nauðsynlegt að kennarar hafi aðgang að þar til hæfum sérfræðingi til skrafs og ráðagerða um þjónustu við ólíka nemendahópa.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku er hópur sem ekki hefur verið nægilega sinnt, það vantar tilfinnanlega stefnu í þessum málum. Tungumálaörðugleikar nemenda með annað móðurmál en íslensku geta valdið því að þeir eiga í erfiðleikum með að standast námskröfur og ljúka skilgreindum námsbrautum. Þessi nemendahópur þarf fjölbreyttari námstilboð og meiri stuðning í námi, til dæmis varðandi ritgerðarvinnu og verkefnaskil. Nauðsynlegt er að þessi hópur fái markvissari umsjón í skólanum og skilgreina þarf hlutverk starfsfólks betur. Lykilatriði er að leggja meiri áherslu á aukna íslenskukennslu með áherslu á samskipti, kennsluumhverfið þarf að bjóða upp á það. Einnig vantar frekari stuðning við félagslega aðlögun, til dæmis með mentora hlutverki eða liðveislu jafningja.

Í draumaskólanum okkar er framsýn og leiðandi stuðningsþjónusta sem inniheldur náms- og starfsráðgjafa, kennsluráðgjafa (sérkennari fyrir nemendur og kennara), sálfræðing, fjölmeningarfulltrúa, skólahjúkrunarfræðing og félags- og forvarnarfulltrúa. Með þannig þjónustu væri komið til móts við náms, líkams-, félags- og tilfinningarlegar þarfir nemenda. Nemendur hefðu jafnari tækifæri til náms.

### **3.6 Grunnmenntabré**

Umsjón: Bjarney Sif Ægisdóttir

#### **Inngangur**

Á vormisseri 2017 auglýsti Menntamálastofnun meðal framhaldsskóla á Íslandi styrkveitingu til verkefna sem hafa það að markmiði að draga úr brotthvarfi. Sótt var um áframhaldandi styrkveitingu vegna Grunnmenntabréar, en verkefnið hafði fyrst fengið styrk vorið áður og fór af stað haustið 2016. Skólanum þótti mikilvægt að halda áfram þeim góða grunn sem myndast hafði skólaárið 2016-17. Verkefnið gekk vel það skólaár og náði utan um u.þ.b þriðjung þeirra sem skoruðu hæst á brotthvarfsskimun: Könnun á námsumhverfi og líðan nýnema í framhaldsskólum á Íslandi sem framkvæmd var haustið 2016.

Áframhaldandi styrkveiting fékkst vorið 2017 til að halda úti einum námshóp fyrir nemendur á grunnmenntabré, 14-15 nemendur skólaárið 2017-18. Bjarney Sif Ægisdóttir náms- og starfsráðgjafi og framhaldsskólakennari var ráðin umsjónaraðili grunnmenntabréar í 15% stöðuhlutfall.

#### **Framkvæmd verkefnis: Brautarstjórn og sérstaða brautar**

Verksvið umsjónaraðila Grunnmenntabréar er að halda utan um brautina, eiga regluleg samskipti við nemendur, kennara og forráðamenn nemenda, þróa námsbrautina og meta árangur námsins. Einnig fylgist umsjónaraðili vikulega með mætingu nemenda á brautinni og kemur upplýsingum þar að lútandi til forráðamanna og nemenda. Brautarstjóri hittir nemendur í fylgd með forráðamönnum í upphafi náms þar sem markmið og fyrirkomulag

náms á grunnmenntabré er kynnt, farið er yfir skólasóknarreglur, stöðu nemenda og mikilvægar persónulegar upplýsingar. Utanumhald með nemendum felur einnig í sér símtöl og viðtöl við forráðamenn og nemendur, en reynslan sýnir að þörfin er mismikil milli nemenda.

Markmið GRB eru meðal annars að aðstoða nemendur við að byggja upp trú á eigin getu og seiglu í námi, auk þess að efla sjálfsmýnd og sjálfsskilning þeirra. Nemendur eru fræddir um mismunandi leiðir í menntakerfinu og aðstoðaðir við að marka sér stefnu í námi og starfi. Til þess að uppfylla þessi markmið voru þróaðir áfangarnir NÁST1GA05 (haustönn) og NÁST1GB05 (vorönn). Í þessum áföngum er áhersla lögð á kennslu í námstækni, sjálfstyrkingu og starfsfræðslu. Áfangarnir eru skylduáfangar á GRB. Sérstaða brautarinnar felst einnig í því að nemendum er skylt að mæta 2x í viku í heimanámsaðstoð, þar sem þeir fá sérstakan stuðning í námi. Í heimanámsaðstoðinni eru tveir kennarar þar sem að minnsta kosti annar þeirra er umsjónaraðili GRB. Með þessu móti kynnist umsjónaraðili brautarinnar námsstíl nemenda og hefur góða yfirsýn á námsframvindu nemenda á GRB. Ef tilefni er til þá hitta nemendur námsráðgjafa reglulega.

### **Námsframvinda nemenda að lokinni haustönn 2017**

14 nemendur hófu nám á grunnmenntabré haustið 2017. 10 drengir og 4 stúlkur. 13 nýnemar og einn eldri nemandi.

Einn nemandi hætti námi eftir fyrstu vikuna og fór að vinna. Sá hafði sögu um langvarandi áhugaleysi í grunnskóla. Annar nemandi hætti námi í nóvember og fór að vinna tímabundið (ekki nýnemi).

Af 14 nemendum voru 2 nemendur voru innritaðir á grunnmenntabré að óskum forráðamanna vegna þörf fyrir aukinn stuðning, þrátt fyrir að hafa náð tilskyldum námsárangri til að innritast á aðrar brautir skólans. Til viðbótar óskaði 1 nemandi eldri en 18 ára eftir að taka NÁST áfangann og lauk honum þrátt fyrir að vera skráður á stúdentsbraut.

12 nemendur sem skráðir voru á grunnmenntabré haustönn 2017 luku önninni (af 14 sem hófu nám). Þessir 12 nemendur voru skráðir í 355 einingar. Við lok haustannar höfðu nemendurnir 12 staðist 314 einingar eða 88%. Sjö nemendur náðu öllum sínum einingum. Tveir nemendur til viðbótar náðu öllu nema einum áfanga. Þessi námsárangur er töluvert betri en haustið 2016 þegar hlutfall staðinna eininga var 78%, en þess ber að bæta að þá voru nemendur u.þ.b. helmingi fleiri á grunnmenntabré eða 27 alls.

Einn nemandi sem að hóf nám á grunnmenntabré haustið 2017 innritaðist á aðra braut um áramótin. Sá nemandi hafði við lok grunnskóla náð inntökuskilyrðum inn á aðrar brautir og var sjálfur tilbúinn til þess að fara á aðra braut um áramót. Hann mun þó áfram mæta í heimanámstíma 2x í viku að eigin ósk.

Aðrir nemendur (11) halda áfram námi á grunnenntabruinni á vorönn 2018 ásamt því að 2 nýjir bætast við NÁST áfangann. Einn eldri nemandi og einn nýnemi frá því í haust sem óskaði eftir því að koma í NÁST áfangann á vorönn. Til viðbótar var nemendum sem töldu sig þurfa frekari stuðning við námið boðið að koma 2x í viku í heimanámstíma á vorönn 2018. 8 nemendur þáðu boðið og flestir þeirra voru í námi á grunnenntabru sl. skólaár. Aðstoðin er sett í stundatöflu þeirra 2x í viku og gefur engar einingar.

### Námsframvinda nemenda að lokinni vorönn 2018

Í upphafi vorannar 2018 voru 13 nemendur skráðir í NÁST áfangann og því í umsjónarkerfi grunnenntabruar. 11 nýnemar og einn eldri nemendi. Eldri nemandinn hætti námi í skólanum um miðja önn vegna fjarvista og virknileysis. 1 nýnemi hætti námi á miðri önn vegna andlegra veikinda. Það voru því 11 nemendur sem héldu áfram námi á grunnenntabru út vorönnina og allir þeir nemendur luku námi á grunnenntabru í vor. Nemendur teljast hafa lokið námi á grunnenntabru þegar þeir ljúka fornámsáföngum í íslensku og stærðfræði. Að því loknu geta nemendur innritast inn á aðrar brautir.

Þeir 11 nemendur sem að stunduðu nám á grunnenntabruinni á vorönn voru samtals skráðir í 349 einingar og stóðust 291 einingu eða 83,4%. 6 nemendur náðu öllum sínum einingum og 8 nemendur náðu öllu eða öllu nema einum áfanga. Langflestir nemendur stunduðu nám í íslensku, ensku, stærðfræði, íþróttum, braga, ergó, námstækni- og starfsfræðslu auk eins valáfanga.

Það er frábært að allir nýnemar sem stunduðu nám á vorönninni náðu að ljúka fornámsáföngum í íslensku og stærðfræði og geta því innritast á aðrar brautir næsta haust. Þessir nemendur sækja um nám á eftirtöldum brautum:

Braut	Nemendur
Stúdentsbraut opin lína	4
Málmiðnaðarbraut, grunnnám	2
Grunndeild bíliðna	1
Listnámsbraut	3
Grunnnám ferða og matvælagreina	1

### Mat á árangri

Þegar meta á árangur verkefnisins er hægt að horfa til margra þátta. Hér verður lagt mat á árangri á þrem þáttum. Í fyrsta lagi er hægt að skoða námsárangur nemenda á grunnenntabru. Eins og áður hefur komið fram stóðust nemendur brautarinnar 88% eininga sinna á haustönninni og 83,4% eininga á vorönninni sem hlýtur að teljast mjög gott í ljósi þess að nemendahópurinn á það sammerkt að glíma við ýmis konar námserfiðleika eða langvarandi sögu um áhugaleysi varðandi nám.

Í öðru lagi er hægt að líta til þess hversu vel verkefnið nær utan um nemendur í brotthvarfshættu samkvæmt skimun á námsumhverfi og líðan framhaldsskólanemenda. Skimunin var framkvæmd þegar u.þ.b. 6 vikur voru liðnar af haustönn. Af þeim 17 nemendum sem skoruðu hæst, með 8 eða fleiri áhættuþætti, voru 5 skráðir á Grunnmenntabré. Verkefnið heldur því utan um u.þ.b. þriðjung þeirra nemenda sem skora hæst á brotthvarfsskimuninni. Það er mikilvægt að vita til þess að verkefnið haldi sérstaklega utan um þennan nemenda hóp strax frá upphafi skólagöngu, frá fyrsta degi og jafnvel áður en nemendurnir hefja nám.

Í þriðja lagi er hægt að líta til mati nemenda og foreldra á verkefninu, námsúrræðinu, utanumhaldi og þjónustu við nemendur á grunnmenntabré. Við lok haustannar 2017 voru lagðar rafrænar kannanir fyrir nemendur og forráðamenn til þess að meta starfið á grunnmenntabré. Kannanirnar voru nafnlausar og órekjanlegar.

### **Helstu niðurstöður nemendakönnunar á haustönn eru eftirfarandi:**

(14 nemendur svöruðu könnuninni)

49,7% nemenda voru mjög ánægð eða ánægð með að vera á grunnmenntabré. 28,6% var hlutlaus og 21 % nemenda voru ekki ánægð.

50% nemenda þóttu námstæknitímarnir gagnlegir eða mjög gagnlegir. 35,7% nemenda var hlutlaus.

64,2% nemenda þóttu heimanámstímarnir gagnlegir eða mjög gagnlegir. 21,4% nemenda var hlutlaus.

57,1% nemenda þótti samstarf við forráðamenn hafa verið gagnlegt eða mjög gagnlegt. 28,6% nemenda var hlutlaus.

78,6% nemenda þótti umsjónaraðili GRB hafa verið hjálpsamur eða mjög hjálpsamur. 21,4% nemenda var hlutlaus.

42,8% nemenda fannst námið hafa styrkt sig mikið eða mjög mikið sem námsmann. 50% nemenda var hlutlaus.

42,9% nemenda fannst þau hafa lært gagnlega eða mjög gagnlega námstækni á önninni. 42,9% nemenda var hlutlaus.

76,9% nemenda fannst líðan þeirra hafa batnað mikið eða mjög mikið eftir upphaf náms í FSu. 15% nemenda töldu líðanina ekki hafa breyst.

69,3% nemenda töldu sjálfsmynd sína um sig sem námsmann hafa styrkst, eða styrkst mjög mikið eftir upphaf náms í FSu. 15,4% töldu sjálfsmyndina ekki hafa breyst.

### **Helstu niðurstöður könnunar meðal forráðamanna eru eftirfarandi:**

(9 forráðamenn svöruðu könnuninni)

87,5 % forráðamanna voru ánægð eða mjög ánægð með námsúrræðið grunnmenntabré.

Allir forráðamenn (100%) töldum mikilvægt eða mjög mikilvægt að skólinn bjóði upp á heimanámsaðstoð fyrir nemendur á grunnmenntabré.

87,5 % forráðamanna telja mikilvægt eða mjög mikilvægt að skólinn bjóði upp á kennslu í námstækni og starfsfræðslu fyrir nemendur á grunnmenntabré.

87,5% forráðamanna telja að samstarfið við umsjónarmann grunnmenntabréar hafi verið gagnlegt eða mjög gagnlegt og sama hlutfall foreldra segja að umsjónaraðilinn hafi verið hjálpsamur eða mjög hjálpsamur.

87,5% forráðamanna telja að námið á grunnmenntabré hafi styrkt ungmenni þeirra, mikið eða mjög mikið sem námsmann.

87,5% forráðamanna telja að líðan ungmennis þeirra hafi batnað mikið, eða mjög mikið eftir upphaf náms á grunnmenntabré.

75% forráðamanna telja að sjálfsmynd ungmennis þeirra, um sig sem námsmann, hafi breyst mikið eða mjög mikið eftir upphaf náms í FSu.

Þegar forráðamenn voru spurðir opinna spurningar um hvað þeim hefur þótt gagnlegast við námið á grunnmenntabré komu fram eftirfarandi svör Að geta lært og fengið góða hjálp frá kennurum við að skilja námsefnið á hraða sem hann ræður við. Hraði námsins í grunnskóla hamlaði honum skilning allan grunnskólann öll 10 árin. (2)

Hjálp umsjónarmannsins

að það hefur styrkst verulega og er ekki lengur hrætt við að þurfa að læra

Hæfilegur hraði í námi og góðar útskýringar frá kennurum.

Utanhald og skipulag

hvað aðgengi að kennurum er auðvelt

Gott að byrja rólega og stuðningurinn mjög góður og nauðsynlegur:

### **Helstu niðurstöður úr nemendakönnun á vorönn 2018:**

(9 nemendur svöruðu könnuninni)

77,8% nemenda eru frekar ánægð eða mjög ánægð með námið á grunnmenntabré.

33% nemenda telja að námið á GRB hafi styrkt þau sem námsmenn, 55,6% svara hvorki né.



66,6% nemenda telja að líðan þeirra hafi batnað eftir upphaf náms í FSu.

55,5% nemenda telja að sjálfsmynd þeirra um sig sem námsmann hafi styrkt eða styrkst mjög mikið eftir upphaf náms í FSu.

77% nemenda telja heimanámstímana gagnlega, eða mjög gagnlega.

22% nemenda telja starfsfræðslutímana gagnlega eða mjög gagnlega, 66,7% nemenda svara hvorki né.

55,6% nemenda telja að samstarf við forráðamenn þeirra hafi reynst gagnlegt.

89% nemenda telja að umsjónakennarinn á grunnmenntabré hafi reynst hjálpsamur, eða mjög hjálpsamur.

66,6 % nemenda líst illa á að vera að hætta í heimanámstímum því þau eru að ljúka námi á grunnmenntabré.

44,4% nemenda telja að framtíðaráformin þeirra séu nokkuð skýrari nú en áður en þau hófu nám á GRB

Allir nemendur (100%) geta mælt með námi á grunnmenntabré.

### **Umræða**

Í lok skólaársins er umsjónaraðili grunnmenntabréar ánægð með framgang verkefnis. Grunnurinn að brúnni var lagður síðastliðið skólaár og vel hefur gengið að halda áfram verkefninu á þessu skólaári. Reynsla er komin á verkefnið sem er orðið fastmótaðra í skólanum. Starfsfólk skólans og grunnskólanna á svæðinu þekkja nú verkferla og hugmyndafræðina að baki grunnmenntabré sem auðveldar starfið.

Gott samstarf var við kennara nemenda á grunnmenntabré og eiga þeir mikið hrós skilið fyrir samvinnu og góða kennslu til nemenda, sem sést best á því að 88% eininga þessa nemendahóps náðust við annarlok haustannar og 84% við lok vorannar. Það hlýtur að teljast gott þar sem nemendahópurinn er fjölbreyttur og hafa nemendur flestir langa sögu um áhugaleysi og / eða námserfiðleika. Niðurstöður kannana meðal nemenda og foreldra sýna ánægju með staðsetningu nemenda í námi, það að nemendur séu í námi við hæfi. Nemendur virðast því vera vel staðsettir, í hæfilega þungu námi og yfirferð námsefnisins á hæfilegum hraða. Það gefur þeim aukið sjálfstraust og ýtir undir betri líðan í skóla. Það er ánægjulegt að sjá í könnunum jákvæða upplifun bæði nemenda og foreldra af að vera á brúnni og að þeim finnst mikilvægt að vera bæði í heimanámsaðstoð og námstækni- og starfsfræðslu. Það vakti athygli í könnun við lok vorannar að mörgum nemendum leist illa á að vera að ljúka heimanámstímum þar sem þeir eru að ljúka námi á grunnmenntabré. Því ákvað umsjónaraðili að bjóða nemendum sem vilja áfram vera í heimanámstímum á næstu önn (2x í viku, án eininga) að skrá það sem valáfanga fyrir næstu önn svo það komi í töflu.

Það vekur athygli að úrræðið sem stendur til boða á grunnmenntabré virðist henta vel fyrir nýnema sem að eru að koma beint úr grunnskóla. Eldri nemendum sem að hafa komið inn á brautina og í NÁST áfangana viðist ekki ganga eins vel í náminu og það þarf að skoða betur hvaða úrræði henta þeim nemendahóp, sem eru eldri og standa ekki vel að vígi námslega séð.

Líkt og síðastliðið haust voru margir verklegir valáfangar skornir niður, svo tækifæri til verklegs náms voru ekki mörg fyrir þennan nemendahóp á haustönninni. Það er afar brýnt að þróað verði námsúrræði fyrir nemendur á grunnmenntabré hvað varðar verklegt nám. Margir stefna á einhverskonar iðn- eða tækninám og eru fyrir löngu orðnir leiðir á bóklegu námi svo nauðsynlegt er að finna námstilboð í samræmi við áhugasvið og sem að kynni þeim mögulega fyrir áframhaldandi námstækifærum að lokinni grunnmenntabré. Áhugavert væri að fara einhverskonar smiðjuleið þar sem nemendur kynnast mörgum greinum og fá að spreyta sig á verklegum þáttum. Á vorönninni voru margir nemendur sem völdu verklegan valáfanga og var mikil ánægja með það. Nemendur voru til dæmis í leiklist og textíl.

Nú hefur grunnmenntabré verið keyrð með þessu sniði í tvö skólaár. Umsjónaraðili grunnmenntabráar hefur tekið eftir að margir af þeim sem að luku grunnmenntabré síðastliðið vor hafa þörf fyrir áframhaldandi stuðningi í námi eftir að námi á grunnmenntabré lýkur. Sumir nemendur standa sig vissulega vel en öðrum hefur gengið verr og misjafnt er hvort nemendur eða forráðamenn hafi frumkvæði að því að leita aðstoðar ef þarf. Nú um áramót var brugðist þannig við að nokkrum nemendum sem voru á grunnmenntabré í fyrra var boðið að koma í heimanámsaðstoð 2x í viku. Búinn var til áfangi sem heitir „aðstoð“ fyrir þessa nemendur, hann gefur ekki einingar en kemur fram í stundatöflu. Nýtingin á þessu var ekki mjög góð, nemendur mættu ekki vel. Ljóst er að skoða þarf betur hvernig styðja megi sem best við nemendur eftir að námi lýkur á grunnmenntabré, en sérstaklega þarf að huga að stuðningi við almennar bóklegar greinar. Nemendur fá mikinn stuðning og aðhald í fornámsáföngunum, en líklegt er að róðurinn muni þyngjast hjá þessum nemendahóp þegar kröfurnar þyngjast í bóklegum greinum.

### **3.7 Kerfisstjóri og tölvuþjónusta**

Kerfisstjóri: Ragnar Geir Brynjólfsson

#### **Afritun**

Síðastliðið vor var gerður samningur við Tinda tölvuþjónustu um afritun. Gögn eru hýst á hörðum disk innanhúss og send dulrituð til vistunar utanhúss í tölvuskýi Microsoft. Netþjónar eru nú varðir með aukaeldvegg auk innbyggðs eldvegg. Inna mun taka við af Moodle sem kennslukerfi síðar á árinu og felur það í sér aukið gagnaöryggi.

## **Framtíðarsýn**

Framtíðarsýn er sú að gera tölvukerfið öruggt og skilvirkt og koma til móts við kröfur sem til þess eru gerðar.

## **Fundir**

Fundað var reglulega um tölvumálin eins og gert hefur verið allar götur frá 1999. Að þessu sinni voru fundirnir hálfsmánaðarlega. Þar er farið yfir mál sem snerta rekstur tölvukerfisins.

## **Innu samkeyrsla, forrit og skólalýkilorð**

Síðan árið 2008 hafa verið í notkun í FSu forrit sem notuð eru til að samstillja FSu kerfin við Innu. Þeim var breytt á árinu í þá veru að eyðingar netfanga sem ekki eru í Innu eru handvirkar en voru áður sjálfvirkar. Stefnt er að því að hætta samkeyrslu áfanga Innu við Moodle en notendagögn verða áfram samkeyrð.

## **Leyfamál og hugbúnaður**

Microsoft leigusamningur var endurnýjaður til þriggja ára í apríl 2017 og þurfti í þetta skiptið að greiða fyrir afnot 80 starfsmanna af Microsoft búnaði. Er því unnið innan samnings sem gerður var til þriggja ára með verðtryggingu frá Microsoft. Það má þó breyta magntölum samningsins á árs fresti á meðan hann varir. Á næsta ári þegar þessi samningur rennur út verður gengið inn í nýjan samning ríkisins við Microsoft.

## **Moodle kerfið**

Moodle verður aðgengilegt kennurum á innra neti skólans næsta vetur en áfangasamkeyrsla verður ekki við Innu. Notandanöfn verða áfram skráð inn í kerfið. Inna mun taka við sem kennslukerfi.

## **Netkerfi**

Cisco Meraki eldveggurinn var stækkaður úr gerð sem styður 500 notendur í gerð sem styður 2500 notendur. Þetta var gert í kjölfar úttektar og ráðlegginga Opinna kerfa á skólanetinu. Eftir stækkunina dró úr kvörtunum vegna hægagangs. Í desember voru keyptir nýir tengisvissar og gömlum og úreltum svissum skipt út. Svissakerfið hefur því verið endurnýjaður nánast alveg og verður þessu verkið lokið eftir lokun skrifstofu.

## **Netþjónar**

Netþjónar í notkun í tölvugeymslum FSu eru sem stendur 7. Þeir eru:

(1) Lenovo System X 3550 M5 nýr netþjónn síðan 2017. Þessi þjónn keyrir Hyper-V sýnarþjóna kerfi sem stendur undir tveim Microsoft sýndarþjónum AD01 og DS01.

(2) HP DL120 rekkþjónn keyptur sumarið 2011. Þjónn með freeBSD kerfi sem keyrir Pfsense eldvegg sem ver Moodle kerfið, nýjan þjón ads.fsu.is og opnar leið fyrir Gegni bókasafnskerfið út á netið.

(3) Dell PowerEdge R220 sem þjónar nú sem aðal Active Directory þjónn fyrir Microsoft kerfið, nefndur AD02.

(4) HP Proliant DL 320e rekkþjónn sem keyptur var eftir brunann sumarið 2014. Hann stóð undir keyrslu Moodle kerfisins frá 2014–2017. Vifta fór í þessum þjóni í maí 2017. Hann fékk nýtt hlutverk vorið 2018 er upp á hann var settur Microsoft þjónn í þeim tilgangi að fækka innskráningum inn í Office 365 skýið. Hugmynd er um að nota hann til 2019 og setja þá Lenovo System X Moodle þjóninn í þetta hlutverk.

5) Lenovo System X 3550 M5 nýr netþjónn. Leysti HP Proliant DL þjóninn af sem Moodle þjónn 2017.

(6) Þjónn (172.16.0.160). Var áður myndþjónn en er núna notaður til að stýra dyraopnunarkerfi. Þetta er turntölva með vinnustöðvarmóðurborði sem Árvirkinn setti eða lét setja saman upprunalega.

(7) IP myndþjónn (172.16.0.101). Þetta er turntölva, myndþjónn sem var sérpantaður frá Tölvulistanum og settur upp síðla árs 2016 vegna Hamars og nýrra myndavélakerfa. Hann er með Supermicro móðurborði og öflugum I7 intel örgjörva.

Þjónar 1, 2, 3 og 4 voru settir á nýjan og öflugan Eaton varaafgjafa sem keyptur var síðla vetrar.

Auk þessara tölva er fartölva í tölvuklefanum í lðu sem notuð er til skráningar Matráðskorta.

Enn sem fyrr er reynt eins og hægt er að takmarka fjölda netþjóna til að spara rafmagn og minnka umsjón. Hefur þeim fækkað um tvo frá því síðasta skýrsla var skrifuð.

### **Símkerfi**

Ný IP símstöð var keypt og sett upp sumarið 2014. Hún er af gerðinni Avaya IP Office R9.0. Hugmyndir eru uppi um að færa stöðina af ISDN sambandi yfir á ljósleiðara í sparnaðarskyni. Einnig stendur til að setja endurnýjaðan varaafgjafa við stöðina bráðlega.

### **Úrelding**

Lokið var við að selja þá notaða muni sem seldust á Bland.is. Það sem ekki gekk út var að lokum gefið. Það sem enginn vildi hirða fór í endurvinnslu. Að því búnu var bland aðganginum sagt upp því hann var dýr.

### **Þráðlausir sendar**

Í úttekt Opinna kerfa sem áður var minnst á er lagt til að öryggisbúnaður þráðlaus kerfisins verði eflður. Undirrituðum er aðeins kunnugt um eina gerð senda sem er með þessum öfluga búnaði, þ.e. Cisco en skólasendarnir eru allir núna af Unifi gerð sem ekki styðja bæði þessi atriði, þ.e. bæði innbyggðar arp og dhcp varnir. Unifi kerfið er að úreldast frekar hratt. Sendar sem settir voru upp 2014 eru farnir að detta út og sendar sem keyptir voru allt til

2016 eru merktir úreltir í stjórnborði Unifi kerfisins. Þeir sendar sem leysa þá af hólmi eru allir öflugasta gerð sem fæst af Unifi sendum, svokallaðir HD (High Density) sem hver um sig er gefinn upp fyrir 500 notendur. Stundum heyrast athugasemdir á fundum um að netið sé hæggengt en ekki er svo mikið kvartað yfir því. Tækniþróun hefur verið ör en kröfurnar til tækninnar bæði hvað varðar afköst og áreiðanleika aukast einnig. Þessi mál eru því í sífelldri endurskoðun.

### **Öryggishandbók og öryggisstefna**

Öryggishandbókin er geymd á WordPad sniði á skjáborði staðarnetsþjónanna AD01 og AD02 sem báðir eru staðsettir í lðu. Starfsmenn eru reglulega minntir á að taka afrit af gögnum, uppfæra vírusvarnir og dulrita viðkvæmar persónuupplýsingar. Ný löggjöf um persónuvernd verður innleidd og búið er að biðja undirritaðan um að sinna verkefnum persónuverndarfulltrúa. Lokað var á áframsendingar pósts frá fsu.is til annarra léna í lok vorannar í því skyni að koma til móts við kröfur persónuverndar.

## **3.8 Prófstjórn**

Prófstjóri: Kristín Runólfsdóttir

### **Haustannarpróf 2017**

Próftafla var kynnt í lok október og birt á heimasíðu skólans en aðstoðarskólameistari skipuleggur uppröðun prófa. Prófatími stóð nú yfir frá föstudegi 4. desember til föstudags 15. desember en þá voru sjúkrapóf. Undirbúningur fyrir prófin hófst í byrjun nóvember. Náms- og starfsráðgjafar sendu nemendum upplýsingar um umsóknir um sérúrræði s.s. að taka próf í fámenni og/eða fá uppleið próf, taka próf í tölvu, o.fl. Einnig fengu allir nemendur póst um fyrirkomulag prófa, prófreglur, aðgengi að eldri prófum í Moodle og fleira.

Yfirsetutafla var kynnt kennurum 2. desember og var ákveðið að gera ekki sérblöð fyrir hvern kennara heldur látið nægja að senda hana rafrænt til kennara og leggja hana fram til sýnis á kaffistofu, á upplýsingatöflu og á skrifstofu. Próf voru heldur færri en verið hefur og flestir kennarar því í minni yfirsetu en áður, eða yfirleitt 1 -2 sinnum, nema þegar þeirra eigin próf dreifðust á fleiri daga. Ekki reyndist því þörf á að nýta þær 10 klukkustundir sem samkvæmt B hluta kjarasamnings kennara eru ætlaðar í yfirsetu í prófum annarra á hverri önn. Próftími er í allflestum prófum einn klukkutími en nemendur hafa nú að auki 45 mínútur til að klára próf hafi þeir þörf fyrir það. Ekki er því lengur gert ráð fyrir að nemendur sæki um aukinn próftíma sem sérúrræði.

Alls voru þreytt um 465 próf á prófatíma í 41 námsáfangi, sumir nemendur í fleiri en einu prófi. Í mörgum áföngum þurfti aðeins hluti nemenda að þreyta próf en aðrir sluppu við það vegna góðrar frammistöðu á önninni. Þó nokkur þessarar prófa voru einnig svokölluð *skrappróf* en það eru próf í símatsáföngum sem nemendur hafa misst af á önninni vegna

veikinda eða viðurkenndra fjarvista. Fjöldi nemenda í prófum í einstökum greinum var mestur í ensku, um 106 nemendur, en nokkrir nemendur sluppu við próf vegna góðrar frammistöðu á önninni. Önnur fjölmennasta greinin var stærðfræði, 90 nemendur þreyttu próf í þremur stökum, en þó nokkur fjöldi nemenda slapp við próf vegna góðrar frammistöðu. Þriðja fjölmennasta prófið var spænska með 88 nemendur, þar sluppu einnig nokkrir við lokapróf vegna góðrar frammistöðu á önninni. Það færast í vöxt að lokapróf sé einungis fyrir þá nemendur sem ekki standast námsmat á önninni í áföngum þar sem er leiðsagnarmat eða símat. Þetta fyrirkomulag er mjög að færast í vöxt í t.d. stærðfræðiáföngum.

Umsóknir um sérúrræði fara gegnum Innu og voru samþykkt sérúrræði fyrir 21 nemandi, þar sem nokkrir voru í fleiri en einu prófi. Tvö próf í ensku voru lesin inn fyrir fimm nemendur og þrír nemendur fengu sérstaka aðstoð frá kennurum við lestur á stærðfræðiprófum. Aðeins einn nemandi tók próf á tölvu. Aðstoðarkerfisstjóri hefur umsjón með þessum málum en einnig aðstoðar bókavörður kennara við upptökur. 14 nemendur tóku alls 19 próf í fámenni. Mest var um séraðstæður í stærðfræði (10 nemendur) og ensku (9 nemendur). Stofur 208 og 207 eru notaðar fyrir séraðstæður. Tveir nemendur þreyttu próf (í tveimur áföngum) í heimabyggð.

Síðustu próf voru á fimmtudegi og sjúkraprófin strax á föstudegi, og því ekki dagur á milli síðasta prófs og sjúkraprófa. Kennarar bera ábyrgð á prófagerð og útprentun sjúkraprófa en gert er ráð fyrir að próf sé tilbúin deginum áður en eitthvað var um að kennarar birtust með sín próf að morgni prófdags. Kennarar sáu um að dreifa sjúkraprófum til sinna nemenda. 25 nemendur tóku sjúkrapróf, í 19 námsáföngum. Flestir tóku eitt próf en einn nemandi tók tvö próf. Þrír nemendur þreyttu sjúkrapróf vegna prófklemmu. Sjúkrapróf gengu snurðulaust fyrir sig.

### **Vorannarpróf 2018**

Lokaprófum á prófatíma hefur farið fækkandi undanfarin ár en nú á vorönn voru aðeins fleiri próf í próftöflu en á haustönn og fleiri nemendur sem þreyttu próf. Símat hefur færast í aukana og er nú möguleiki að sleppa við próf í stórum hluta áfanga sem þó eru í próftöflu. Einnig eru sum próf í próftöflu svokölluð skrappróf þar sem nemendur þreyta próf sem þeir hafa misst af á önninni. Í stærðfræði er t.d. mjög áberandi að aðeins lítill hluti nemenda þarf að taka lokapróf. Í stærðfræðiprófum var því ákveðið að bíða eftir að kennarar lykju námsmati til að fá fjöldatölur. Vegna þessa var yfirsetutafla ekki tilbúin fyrr en á fyrsta prófdegi. Með þessu sparast pappír og vinna við útprentun þar sem aðeins eru prentuð próf fyrir þá próftaka sem þurfa að taka próf og ennig eru þá færri stofur undir próf sem fylgir minni yfirseta.

Aðstoðarskólameistari setur saman próftöflu og var prófatíminn nú frá 11. til 18. maí. Í próftöflu voru 43 áfangar, þar af voru nokkur próf svokölluð skrap-próf þar sem nemendur

höfðu möguleika að þreyta próf sem lögð höfðu verið fyrir á önninni en þau misst af vegna veikinda eða annarra viðurkenndra fjarvista. Alls voru þreytt próf rúmlega 530. Að vanda var fjöldi nemenda í prófum mestur í stærðfræði um 116 þreytt próf, í spænsku um 93 nemendur, í ensku 58 nemendur, grunnteikningu 55 og í þýsku 38 þreytt próf.

Heldur færri nemendur sóttu um sérúrræði og voru samþykktar umsóknir 33 nemenda. Próf voru lesin inn fyrir um 5 nemendur en í stærðfræðinni var ákveðið að kennarar sinntu nemendum vel og læsu fyrir nemendur próf eftir því sem beðið væri um. Að vanda voru hljóðskrárnar settar í tölvur sem staðsettar voru í stofu 208. Aðstoðarkerfisstjóri sér um að hafa tilbúna stofu með tölvum en forstöðumaður bókasafns aðstoðar kennara við upplestur á prófum. 33 nemendur tóku próf í fámenni og/eða fengu upplesið próf. Af þeim tóku tveir nemendur próf hjá námsráðgjafa og nokkrir nemendur fengu próf á lituðum blöðum. Stofur 208 og 207 voru eins og áður notaðar fyrir séraðstæður.

Flestir kennarar sinntu yfirsetu í prófum. Þeir sátu yfir í eigin prófum eða í einu til tveim prófum.

Fyrirlögn sjúkraprófa gekk vel og fóru þau fram í salnum í þetta skiptið. Kennarar þeirra nemenda sem skrá sig veik og koma með vottorð bera ábyrgð á prófum í sínum áföngum. Um 26 nemendur tóku sjúkrapróf. A.m.k. tveir nemendur birtist á sjúkraprófsdegi með vottorð án þess að hafa tilkynnt veikindi. Báðir fengu að taka próf en í öðru var ekki annar nemandi í sjúkraprófi og leitaði kennari til námsráðgjafa um leiðsögn og var afraðið að taka til próf handa honum sem hann þreytti samdægurs. Aðeins einn nemandi þreytti sjúkrapróf vegna prófklemmu.

### **3.9 Sjálfsmat**

Sjálfsmatsnefnd: Kristín Runólfsdóttir, Sigurveinn M. Sigurðsson, Þórarinn Ingólfsson

#### **Inngangur**

Fjölbrautaskóli Suðurlands var stofnaður og hóf starfsemi sína árið 1981. Skólinn var stofnaður á grunni iðnskólans sem hafði verið starfræktur á Selfossi og rekinn af Árnesingum, Rangæingum og Vestur-Skaftfellingum. Að stofnun skólans í upphafi stóðu ríkisvaldið og Selfoskaupstaður. Sýslurnar bættust síðar í hópinn sem rekstrar- og eignaraðilar. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að skólinn þjóni öllu Suðurlandi og bjóði upp á námi við hæfi þeirra ungmenna sem búa á svæðinu. Stöðug þróun er í námsframboði og hefur ný námskrá verið í endurskoðun og endurmati við skólann. Stjórn skólans hefur lagt áherslu á að vera leiðandi í þróunarstarfi og bjóða upp á nýjungar sem tengjast þróun atvinnulífs og tækniþróun. Kjörorð skólans eru fjölbreytni – sköpun – upplýsing og hafa þessi orð verið leiðandi í starfseminni.

Nemendum fækkaði í skólanum við styttingu náms til stúdentsprófs en nú virðist vera kominn ákveðinn stöðugleiki í nemendafjöldann sem er á milli 7 og 8 hundruð nemendur í dagskóla. Auk þess að skólinn sinni staðbundnu bók- og verknámi nemenda í dagskóla þá sinna starfsmenn kennslu í fangelsum. Nokkrir starfsmenn skólans hafa sinnt fjarnámskennslu. Kennsla þessi hefur tengst vali nemenda úr 10. bekkjum grunnskóla á Suðurlandi. Einungis hefur verið um að ræða kennslu í íslensku, ensku, stærðfræði og dönsku.

Markmið skólans eru fjölþætt og má sjá þau á heimasíðu skólans <https://www.fsu.is/is/um-skolann/stefnur/markmid>

Í vinnu við sjálfsmatið er lögð áhersla á að meta hvort við séum að ná markmiðum okkar. Markmiðin eru flokkuð eftir námi og kennslu, mennsku og starfsumhverfi. Hvert atriði er tekið fyrir og metið af starfsmönnum skólans á fjögurra anna fresti. Innan hvers atriðis eru markmiðin merkt með (G) = Gátlisti, (K) = Kannanir, (T) = Tímabundið verkefni, (H) = HGIOS (How Good is Our School) og ræður það því hvernig unnið er með markmiðin. Það sem merkt er G er yfirfarið af sjálfsmatshópi en það sem merkt er H er skoðað af fleiri aðilum sem tengjast skólanum og er þá stuðst við sjálfsamatskerfið sem við höfum notað við skólann. K og T segir sig svolítið sjálfst hvað um er að ræða.

Fyrsti fundur sjálfsmatshópsins á haustönn 2017 fór í að ákveða hvernig fyrirkomulagið yrði á matinu á skólaárinu. Ákveðið var að meta starfsumhverfið á haustönninni. Langt er síðan mat hefur farið fram á því þar sem unnið hefur verið að byggingu nýs verknámshúss. Nú er verknámshúsið komið í notkun og því ástæða til að meta hvernig starfsmenn meta starfsumhverfi sitt. Annað sem ákveðið var að skoða var að fá kennara til að meta hvernig þeir koma grunnþáttunum til skila í kennslunni. Matið á grunnþáttunum fór fram á vorönninni. Þriðji þátturinn sem kom aðeins inn á borð sjálfsmatsins var „jafningjamat“ kennara sem ákveðið var að fram færi á vorönn 2018. Sjálfsmatshópurinn ákvað í upphafi að taka ekki þátt í Skólapúlsinum á þessu skólaári. Ástæða þess er að fáir skólar eru að taka þátt og því samanburður ekki mikill og einnig hafa niðurstöður verið svipaðar ár eftir ár þegar við höfum tekið þátt.

Vinna sjálfsmatshópsins á skólaárinu tengdist undirbúningi funda og úrvinnslu úr þeim með því að gera aðgerðaáætlanir. Að auki fór mikill tími í það að meta verkferla skólans og búa til nýja. Ekki tókst að ljúka við þessa vinnu og verður unnið áfram með verkferlana á komandi skólaári.

Ytri aðstæður skólans hafa verið frekar hagstæðar þ.e. rekstur hans hefur verið réttu megin við núllið og hefur það gefið tækifæri til þess að bæta starfsumhverfið. Nauðsynlegt var að fara í ýmsar framkvæmdir og bæta búnað þar sem ekki hafði verið unnið með þessa þætti í svolítinn tíma. Staðan er nokkuð góð í dag og kom það fram í rannsókn okkar á starfsumhverfinu á haustönninni.





### Markmið og tilgangur matsins

Sjálfsmatsnefnd hefur stjórnað innra mati skólans. Í nefndinni sátu Kristín Runólfsdóttir, Sigursveinn Már Sigurðsson og Þórarinn Ingólfsson. Nefndin var með fasta tíma einu sinni í viku þar sem farið var yfir það sem var framundan í tengslum við matið og einnig var unnið úr gögnum sem komu inn á borð nefndarinnar. Eins og áður kom fram var þriðji hluti markmiða skólans í skoðun á haustönninni þ.e. starfsumhverfið. Lögð var áhersla á að

allir fengju að taka þátt í þessu mati þannig að það fengist góð sýn á stöðuna. Nauðsynlegt er að meta hvernig starfsumhverfið er og hvernig fólkið upplifir nærumhverfið sitt. Við mat á starfsumhverfinu voru útbúnar fullyrðingar sem tengdust markmiðunum og síðan mat starfsfólkið stöðuna. Einkunnir voru gefnar og síðan tók sjálfsmatshópurinn niðurstöðurnar og gerði aðgerðaáætlun. Sama var gert í tengslum við matið á grunnþáttunum og notkun þeirra við kennslu. Mikilvægt er að grunnþættirnir séu ekki orðin tóm heldur að unnið sé með þá í kennslunni. Vegna þess var tekin sú ákvörðun að meta hvernig grunnþáttunum er komið á framfæri í kennslunni.

### Aðferðir og framkvæmd matsins

Aðferðir sem notaðar voru við framkvæmd sjálfsmatsins voru aðallega tvenns konar. Annars vegar fór sjálfsmatshópurinn yfir gátlista og hins vegar sjálfsmatskerfið „How good is our school“.



Gátlistarnir tengdust markmiðum skólans og var farið yfir hvort markmiðum væri náð með því að kanna þau atriði sem tengdust þessum gátlistum. Þegar skoðað er hvernig matið hefur gengið þetta skólaárið má velta fyrir sér ýmsum þáttum en almennt séð er byggt á skoska sjálfsmatskerfinu „how good is our school“ sem hefur verið aðlagð að aðstæðum okkar. Þetta kerfi hefur verið í

notkun og þróun í Skotlandi frá 1996 og hafa þeir komið með nýjar útgáfur síðustu ár (sú nýjasta frá 2015 (4th edition)). Kerfið byggir á einkunnagjöf (1 – 6) sem notuð er sem viðmið hvort verið sé að ná góðum árangri eður ei.

Sjálfsmatshópurinn fær einkunnir frá hópunum og skoðar allar einkunnir sem eru 3 og undir og vegur og metur hvað hægt sé að gera til þess að bregðast við til úrbóta. Með þessu verður til aðgerðaáætlun sem sjálfsmatshópurinn hrindir í framkvæmd og kemur boðum til réttara aðila.

## Hér að neðan má sjá í hverju starf sjálfsmatsnefndar fólst á skólaárinu.

Eins og áður kom fram var að jafnaði fundað vikulega og urðu fundirnir alls 22 hjá nefndinni. Fundir voru annað hvort undibúningsfundir eða úrvinnslufundir en einnig fóru nokkuð margar fundir í vinnu við verkferla. Fyrstu fundirnir í ágúst og september fóru í undirbúning fyrir kennarafund 12. september þar sem starfsumhverfið var metið af kennurum og öðru starfsfólki skólans. Næstu fundir fóru í úrvinnslu gagna af fundinum og meta það sem þar hafði komið fram. Gerð var aðgerðaáætlun í framhaldinu og gögnum komið til rétttra aðila. Undir lok október var farið yfir hver staðan væri og var þá búið að koma upplýsingum til rétttra aðila. Bæði var búið að koma jákvæðum upplýsingum á framfæri sem og þeim þar sem úrbóta var þörf. Eftir að þessu verkefni var lokið fór sjálfsmatshópurinn að skoða verkferlana



og reyna að átta sig á umfangi þeirrar vinnu sem kom í ljós að er mikið. Undir lok nóvember fór hópurinn yfir það sem merkt er G í markmiðum okkar og voru skrifaðar athugasemdir við það sem þar kemur fram. Við lok annar máttum við vinnu okkar og reyndum að gera okkur grein fyrir hvað það væri sem mætti betur fara. Auk þess settum við upp áætlun fyrir vorönnina og hver væru áhersluatriði sjálfsmatsins.

Grunnþættir voru teknir fyrir á vorönninni þ.e.

kennarar áttu að meta hvernig þeir kæmu þáttunum til skila í kennslunni. Áður en fundur var haldinn 30. janúar var búið að senda kennurum beiðni um að þeir veltu fyrir sér hvernig grunnþættirnir kæmu fyrir hjá þeim í kennslu. Á fundinum 30. janúar var skipt í hópa og einnig var dregið í „jafningjamatið“. Eftir fundinn fórum við yfir niðurstöður og kom fram hjá flestum að umræðan sem slík hefði verið mjög gagnleg. Í framhaldi af þessu ákváðum við að taka út punkta sem kennarar höfðu sett á blað sem tengdust skapandi hugsun og útbúa plakat sem hengt yrði upp á kaffistofum kennara. Tilgangur þessa er að minna kennara á það sem tengist skapandi hugsun. Í lok annar var unnið áfram að verkferlum og reynt að tengja þá við það sem við erum að gera. Mikill tími fór í vinnu við verkferlana.

## Niðurstöður matsins

Ef fyrst eru skoðaðar niðurstöður matsins um starfsumhverfi þá eru nokkrir þættir sem skoða þarf og bæta úr en aðrir eru í mjög góðu standi. Það sem meðal annars kom fram er að minnka mætti unna kjötvöru í mötuneyti, auka fjölbreytni í grænmeti, tímarammi kennara í kaffi- og matarpásam er þröngur og stúka kennara meira af í mötuneyti. Þetta voru þættir sem tengdust mötuneytinu og var þeim komið til þeirra sem stjórna þar. Varðandi húsnæðið þá komu fram smávægilegar athugasemdir eins og varðandi lýsingu og var brugðist við því með því að kaupa lampa til að setja á borðin. Auk þessa komu fram athugasemdir varðandi aðstöðu fyrir nemendaráð í Odda sem var nýbúið að bregðast við. Þeim var komið fyrir í lðu sem þau eru mjög ánægð með. Aðeins var komið inn á vef skólans og hvernig hann er uppsettur. Almennt er fólk ánægð með hann en bendir á að mikilvægt sé að halda honum

uppfærðum. Þeir sem unnu matið voru ánægðir með þjónustu skrifstofunnar og upplýsingagiöf þaðan. Ábending kom fram varðandi dagatalið þ.e. að það mættu vera upplýsingar inni á því um helstu viðburði NFSu og hefur þeim athugasemdum verið komið til rétttra aðila. Örlítið var minnst á vinnuaðstöðuna og þá helst þannig að hún væri mismunandi á milli starfsmanna. Alltaf er verið að skoða og meta vinnuaðstöðuna með tilliti til starfsmanna og reynt að koma á móts við óskir þeirra. Vinnuaðstaða er að vissu leyti mismunandi og er mismunandi hvers starfsmenn óska í tengslum við vinnuaðstöðuna. Þeir starfsmenn sem voru í því að meta starfsumhverfið komu inn á umgengni og hvað það væri sem þyrfti að bæta í tengslum við hana. Helst var um að ræða pappírssóun, niðurröðun í kennslustofum og frágang í kennslustofunum.

Þegar niðurstöður matsins sem fram fór í lok janúar eru skoðaðar kemur ýmislegt fram sem æskilegt væri að allir tileinkuðu sér. Umræðan sem fram fór í hópunum var mjög mikil og voru margir punktar sem lágu eftir. Ljóst er að kennarar eru að sinna grunnþáttunum og hafa ýmsar hugmyndir um hvernig hægt er að samþætta námsgreinar. Ákveðið var af sjálfsmatshópnum að taka saman punkta sem tengdust skapandi hugsun og setja á plakat sem dreift var á kennarastofur skólans. Að auki voru niðurstöðurnar aðgengilegar fyrir alla kennara skólans á sameiginlegu innra neti.

Jafningjamatið fór fram á önninni og setti sjálfsmatshópurinn það af stað en síðan var það hlutverk kennaranna að vinna það og skipuleggja. Um var að ræða heimsóknir í kennslustundir og voru þrír og þrír kennarar saman. Að þessu sinni var dregið í hópana og er spurning hvort það sé rétt aðferð. Niðurstöður matsins settu kennarar inn á sameiginlegt innra svæði á netinu. Ekki var unnið neitt sérstaklega með niðurstöðurnar af sjálfsmatshópnum þar sem litið er á þetta sem stuðning kennara á milli og þeir geti leiðbeint hver öðrum.

Eins og áður kom fram voru verkferlar metnir og endurskoðaðir af sjálfsmatshópnum. Mikill tími fór í þetta mat en nauðsyn var að meta eldri ferla og semja nýja. Ekki tókst að ljúka við þessa vinnu og verður framhald á þeirri vinnu á komandi skólaári.

### **Samantekt og ábendingar**

Innra mat skólans er í nokkuð föstum skorðum og er lögð áhersla á að meta markmiðin með reglulegu millibili. Sjálfsmatshópurinn hefur lagt áherslu á að virkja sem flesta til þátttöku í matinu og hafa starfsmenn og nemendur notið þess að fá að vera með að hafa áhrif.

Á líðandi skólaári var stefnt að því að skoða starfsumhverfi okkar, vinna að verkferlum, velta fyrir okkur hvort við séum að vinna að grunnþáttunum í kennslunni og meta þá þætti sem merktir eru G (gátlisti) í markmiðum skólans. Allir þessir þættir voru metnir og unnið var að verkferlunum.

Miðað við niðurstöður matsins virðist staðan vera nokkuð góð og voru starfsmenn almennt ánægðir með starfsumhverfi sitt. Nokkrar ábendingar komu fram og var brugðist við þeim.

Aðrir þættir sem voru skoðaðir komu vel út og var sérstaklega áhugavert hve margar ábendingar komu fram frá hópunum sem voru að ræða um grunnþætti menntunar. Ekkert sérstakt kom á óvart í tengslum við matið.

Varðandi jafningjamatið er spurning um framkvæmd þess. Fáir kennarar skiluðu inn skýrslu um hvernig það gekk og því vakna spurningar um hvort það hafi verið framkvæmt samvisskusamlega af öllum hópum. Velta þarf fyrir sér framkvæmdinni á jafningjamatinu og hvort endurskoða ætti fyrirkomulagið. Gott væri að spyrja kennara um hvað mætti betur fara og hvað það var sem þeir voru ánægðir með í jafningjamatinu. Með því væri hægt að gera nýja aðgerðaáætlun fyrir næsta jafningjamat og fá þar með meiri virkni.

Verkferlarnir tóku mikinn tíma hjá sjálfsmatshópnum og náðist alls ekki að ljúka þeirri vinnu. Óhjákvæmilegt er að þessi vinna taki mikinn tíma þar sem velta þarf fyrir sér mörgum atriðum sem tengjast þeim. Auðvitað má velta fyrir sér hvort þetta sé hlutverk sjálfsmatsins en þeir sem sitja í hópnum þessa önnina sáu að þörf var á því að skoða ferlana og tóku þá ákvörðun að vinna að þeim.

### **Umbótaáætlun**

Vert er að geta þess fyrst að til þess að umbætur nái fram að ganga þurfa allir að leggjast á árarnar og vinna saman að þeim úrbótum. Flest það sem þarf að lagfæra og kom fram í mati okkar er hægt að bæta á einfaldan hátt og hefur þeim upplýsingum verið komið til viðkomandi aðila. Of langt mál yrði að telja upp alla þá aðila sem koma að úrbótum en flest af því sem gera þarf eru smávægilegar breytingar. Það sem muna þarf vel eftir tengist jafningjamatinu og því að halda grunnþáttunum lifandi í umræðunni og minna kennara á mikilvægi þess. Ábyrgð þessa er á höndum sjálfsmatshópsins það er að hrinda hlutunum í framkvæmd og minna á það sem gera þarf í tengslum við umbæturnar.

### **Hvað hefur verið gert frá vorönn 2012 og hvað er framundan.**

#### V 2012

- Náms og kennsla (GNOK) – unnið.

#### H 2012

- Mennska – unnið. Lögð fyrir könnun um líðan nemenda.

#### V2013

- Starfsumhverfi – þessi liður var ekki skoðaður vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda við verknámshúsið Hamar og breytinga í tengslum við það.
- Heimasíða skólans var metin.
- Lögð fyrir könnun tengd heilsueflandi skóla.

#### H 2013

- Tengsl við samfélagið voru skoðuð og fengu kennarar verkefni til að vinna í tengslum við það. Þeir áttu að reyna að efla tengsl við samfélagið með aðgerðaáætlun þar sem þeir voru framkvæmdaaðilar. Aðgerðaáætlanir voru mikið þannig að aðrir áttu að vinna að þeim en ekki deildirnar sjálfar.
- Skólapúlsinn var tekinn í notkun og var lögð könnun fyrir úrtak nemenda (160 nem.) í lok nóvember. Alls voru 138 nemendur sem svöruðu. Niðurstöður voru

ítarlegar og voru þær skoðaðar betur á næstu fundum sjálfsmatshópsins þ.e. á vorönn 2014.

#### ✚ V 2014

- Unnið með það sem kanna þurfti betur eftir útkomu úr Skólapúlsinum. Það var gert með aðferðum HGIOS (How good is our school). Fullyrðingarnar tengdust **viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum**. Aðgerðir eftir þá vinnu: Sendum póst á náms- og starfsráðgjafa og Hörð Ásgeirsson kennslustjóra starfsbrautar þar sem þau voru beðin um að kynna á fundi með kennurum næsta haust, úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika.
- Könnun var lög fyrir nemendur sem komu úr 10. bekk um áramót. Niðurstöður úr þeirri könnun liggja fyrir aftast í fylgiskjölum.
- Á áætlun var að leggja GNOK-könnunina fyrir en sökum verkfalls var því frestað.
- Ætluðum að fá Helga Hermannsson félagsfræðikennara til að aðstoða okkur við að kanna notkun á Strætó en af því varð ekki vegna verkfalls.

#### ✚ H 2014

- Menntan var könnuð og brugðist við því sem ástæða var til að bregðast við.
- Skólapúlsinn var lagður fyrir aftur og var þátttaka nokkuð góð.

#### ✚ V 2015

- Jafningjamat fór fram.
- GNOK var lagt fyrir í öllum áföngum
- Ytra mat var framkvæmt.
- Ákveðið var að skoða ekki starfsumhverfið þar sem breytingar eru miklar framundan vegna viðbyggingar við verknámshúsið Hamar.

#### ✚ H 2015

- Markmið skólans voru yfirfarin og endurskoðuð.
- Skólapúlsinn var lagður fyrir í þriðja sinn.

#### ✚ V 2016

- Unnið með niðurstöður Skólapúlsins og markmiðin kláruð.
- Lagðar fyrir kannanir tengdar grunnþáttunum og bóksölunni.

#### ✚ H 2016

- Byrjað verður að meta nýju markmiðin og verður nám og kennsla metin með „how good is our school“ kerfinu. Í september.
- Skólapúlsin verður lagður fyrir í fjórða sinn.

#### ✚ V 2017

- Nám og kennsla (GNOK).
- Menntan verður einnig tekin fyrir á þessari önn.

#### ✚ H 2017

- Starfsumhverfi verður metið (H)
- Skólapúlsinn?
- Verkferlar metnir/skráðir/birtir á heimasíðu

#### V 2018

- Taka fyrir allt sem ekki er merkt í markmiðum með (H)
- Hvernig getum við metið grunnþættina (erum við að sinna þeim?) → setja það inn til kennara á sjálfsmatsfund.

### **Áætlun um sjálfsmat**

#### H 2018

- Endurskoða markmið skólans

#### V 2019

- Nám og kennsla metið?
- GNOK lagt fyrir aftur.